# FRÉTTABLAÐIÐ

88. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 13. APRÍL 2019




# Landakotsmálinu fráleitt lokið

Glæpi séra Georgs og Margrétar Müller verður að skoða í alþjóðlegu samhengi. Þetta segja fjórar kvikmyndagerðarkonur sem hafa undanfarin ár rannsakað ofbeldið í Landakotsskóla. → 26

**Þetta mál er órjúfanlegur hluti af sögu Reykjavíkur sem spannar hátt í 40 ár.**



## Næntís tískan tröllríður tískuheiminum

Helga Kristjáns spáir í förðunartískuna og gefur góð ráð. → 32



## Vantrú og ótti

Næstversti ebólufaraldur sögunnar geisar í Austur-Kongó. → 38



## Tilfinningaleg rússíbanareið

Íslenskir Game of Thrones aðdáendur búast við miklu sjónarspili. → 22










## Veður




Vaxandi suðaustanátt í dag, 18-25 m/s í kvöld, en hægari fyrir norðan. Talsverð rigning S- og SA-til, annars úrkomulítið. Hiti breytist lítið.

SJÁ SÍÐU 50



**Höskuldur Ólafsson hættir hjá Arion banka.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Höskuldur hættir hjá Arion

**VIÐSKIPTI** Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, hefur sagt starfi sínu lausu og mun hann láta af störfum um næstu mánaðamót í samráði við stjórn bankans. Höskuldur hefur starfað hjá bankanum í níu ár.

„Óhætt er að segja að verkefnin hafi verið fjölbreytt á þessum árum. Fyrstu árin fólst verkefnið fyrst og fremst í að takast á við skuldavanda viðskiptavina bankans, bæði fyrirtækja og heimila,“ er haft eftir honum í fréttatilkynningu.

Segir hann jafnframt að þegar hann hafi tekið við hafi hlutfall vandræðalána hjá bankanum verið vel yfir 50 prósentum, en að það sé í dag með því besta sem gerist hjá fjármálafyrirtækjum í löndunum í kringum Ísland.

Brynjólfur Bjarnason, stjórnarformaður Arion banka, þakkar Höskuldi fyrir þátt hans í þróun og uppbyggingu Arion banka á síðustu árum.

„Hans forysta og staðfesta hafa reynst bankanum vel í gegnum ýmsar áskoranir á þeim árum sem hann hefur verið við stjórnvölinn. Við í stjórn bankans virðum hans ákvörðun um að nú sé góður tímapunktur til að láta af störfum,“ er haft eftir Brynjólfi í tilkynningunni. – jt

## Flugdrekar á Barnamenningarhátíð



Bandaríski listamaðurinn Richard Spiller ákvað að gleðja börnin á leikskólanum Drafnarsteini við Seljaveg með flugdrekasýningu í rokinu í gær. Vindurinn var þó helst til mikill jafnvel fyrir þetta tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af flugdrekunum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Ágúst Þór Árnason látinn



*Ágúst Þór Árnason, aðjunkt við Háskólann á Akureyri, lést á heimili sínu á miðvikudag eftir skamma baráttu við krabbamein.*

Ágúst fæddist í Reykjavík 26. maí 1954. Hann nam heimspeki, lögfræði og stjórnmálafræði í Berlín við Die Freie Univeristat. Hann var framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands frá 1994-1998. Ágúst var kosinn af Alþingi í stjórnlaganefnd árið 2010 og tók virkan þátt í umræðu um breytingar á stjórnarskrá.

Hann eignaðist þrjú börn: Guðmund Árna, Brynjar og Elísabetu og barnabörnin eru sjö. Sambýliskona hans var Margrét Elísabet Ólafsdóttir.

# Mammon verði ekki sinnt á helgidögum

**Alþýðusamband Íslands leggst gegn frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um helgidagafrið. Kirkjuþing hefur þegar lagt blessun sína yfir breytingarnar. Lögfræðingur ASÍ segir „frelsi“ ekki duga sem rök í málinu.**

**STJÓRNMÁL** Alþýðusamband Íslands telur rök dómsmálaráðherra í frumvarpi um breytingar á lögum um helgidagafrið ekki duga. Það sé ekki nóg að vísa til frelsis einstaklingsins til að sækja afþreyingu á helgidögum til að réttlæta slíkar breytingar á samfélaginu.

Verði frumvarpið að lögum verða felld niður ákvæði sem banna tiltekna þjónustu og afþreyingu á helgidögum þjóðkirkjunnar. Einnig er lagt til að upptalning á helgidögum þjóðkirkjunnar verði færð yfir í þjóðkirkjulög. Kirkjuþing lagði blessun sína yfir frumvarpið fyrir jól. Er því möguleiki að páskarnir fram undan verði þeir síðustu þar sem Vantrú stendur fyrir bingói á Austurvelli á föstudeginum langa.

Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, segir að það þurfi ekki aðeins að líta til frelsis atvinnurekenda heldur frelsis launafólks til að njóta helgihalds og samveru með fjölskyldu á helgidögum.

„Frumvarpið er sett fram í nafni einhvers frelsis, verslunarfrelsis og frelsis til að hafa búðir opnar. Allt gott og blessað. En samkvæmt okkar hefðum og venjum þá tökum við okkur góð frí þar sem við þurfum ekki að sinna Mammon. Fáum borguð laun fyrir það, erum búin að semja um það,“ segir Magnús. BSRB tekur undir með ASÍ í umsögn sinni um frumvarpið og bætir við að upptalning á helgidögum þjóni mikilvægum tilgangi þrátt fyrir að kjarasamningar hafi almennt einnig að geyma slíka upptalningu.

Frumvarp ráðherra er ekki það fyrsta sinnar tegundar. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, lagði fram frumvörp árið 2016 og í janúar 2018 sem felldu löggjöfina alfarið á brott. Biskupsstofa bað þá Alþingi um að fella ekki niður löggjöfina þar sem inntak helgidaga sameinaði þjóðina í sið. Það er skemmst frá því að segja að frumvörpin náðu ekki fram að ganga.

Magnús segir það ekki nóg að vísa til frelsis til að breyta lögunum. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem frumvarp af þessu tagi er lagt fram, en þetta er í fyrsta skipti sem það er bara lagt fram í nafni frelsisins. Það eru bara hallærisleg rök. Maður hlýtur að gera þá kröfu til löggjafans, ef það á að breyta einhverju í samfélaginu, að það liggi fyrir því góð rök. En að ef einhverjum ráðherra dettur í hug að segja orðið „frelsi“, þá sé allt í lagi, það er bara ekki nóg.“ arib@frettabladid.is



**Bingó Vantrúar á Austurvelli á föstudaginn langa myndi heyra sögunni til yrði frumvarp dómsmálaráðherra að lögum á Alþingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

> **Maður hlýtur að gera þá kröfu til löggjafans, ef það á að breyta einhverju í samfélaginu, að það liggi fyrir því góð rök. En að ef einhverjum ráðherra dettur í hug að segja orðið „frelsi“, þá sé allt í lagi, það er bara ekki nóg.**
>
> Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ





HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Nýtt blað komið út**
Sjá husa.is

# Tilboðsveisla

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

Texas sláttuvélar **20%** afsláttur

Parket og flísar **25%** afsláttur

Pottaplöntur **25%** afsláttur

Berlinger Haus heimilisvörur **25%** afsláttur

LADY málning **25%** afsláttur

Háþrýstidælur **20%** afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

---

OUTBACK
**18.990 kr**
~~23.990 kr~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

OUTBACK
**29.990 kr**
~~39.990 kr~~
**Gasgrill, 3ja brennara**
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393

Broil King
**49.990 kr**
~~61.990 kr~~
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr steypujárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317

50% afsláttur
**990 kr**
~~1.990 kr~~
**Sýpris**
80-100 cm.

---

SILVERBACK
Þýsk gæðahjól
Barnahjól 16"
**28.900 kr**
**Reiðhjól Spyke 16"**
16", álstell, v-bremsur framan og aftan.
3900557

30% afsláttur
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m, með öryggisneti**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

**599 kr**
**Páskaliljur**
Í potti Tete a tete.
11328564

**1.499 kr**
**Páskaliljur**
10 stk.

Sjáðu verðið!
AEG
Aðeins í Skútuvogi og husa.is
**67.990 kr**
~~85.495 kr~~
**Þvottavél 1400 sn.** L6FBI48S
8 kg, A+++ orkunýtingu, hljóðstyrkur 50 dB en 74 dB við þeytingu,, XL opnun á hurð, kolalaus mótor.
1860061

**TÖLUR VIKUNNAR** 07.04. 2019 TIL 13.04. 2019

**670**
milljónum króna þarf Skúli Mogensen að safna á erlendum hópfjármögnunarvettvangi við endurreisn WOW air.

**46**
prósent er eignarhlutur samlagshlutafélagsins Jarðvarma eftir 8,5 milljarða króna kaup á eignarhlut ORK í HS Orku.

**6**
milljarða króna kostaði 4,6 prósenta hlutur Stoða í Arion banka. Stoðir eru stærsti íslenski fjárfestirinn í hluthafahópi bankans.

**27**
tilkynningar um lyfjanauðganir bárust Stígamótum í fyrra þar sem brotaþola var byrluð ólyfjan.

**86**
prósent var styrkleiki kókains í tveimur dómsmálum í fyrra. Fræðilega er þetta nær hreint kókaín.

**121**
einstaklingur beið á Landspítala eftir hjúkrunarrými í desember síðastliðnum.

## Þrjú í fréttum
## Orkupakki, loftslagsmál og nýr Herjólfur

**Guðlaugur Þór Þórðarson**
*utanríkisráðherra*



stóð í stórræðum í vikunni þegar umræða um þriðja orkupakkann hófst á Alþingi. Fyrri umræðu var lokið í vikunni. Miðflokkurinn og Flokkur fólksins eru einu flokkarnir sem tala gegn orkupakkanum.

**Brynhildur Davíðsdóttir**
*prófessor í umhverfis- og auðlindafræði*



skilaði minnisblaði um loftslagsmarkmið Reykjavíkur. Til að ná þessum markmiðum þarf meira til en orkuskipti og rafbílavæðingu.

**Íris Róbertsdóttir**
*bæjarstjóri í Vestmannaeyjum*



sagði Eyjamenn orðna langþreytta á slæmum fréttum af samgöngumálum en afhending nýs Herjólfs er í uppnámi vegna deilu Vegagerðarinnar og skipasmíðastöðvar um kostnað.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Ásmundur Einar fær skýrslu um starfsgetumat eftir páska

**Starfshópur félagsmálaráðherra um endurskoðun almannatryggingakerfisins mun skila skýrslunni eftir páska. ÖBÍ og ASÍ skrifuðu ekki undir skýrsluna. Formaður ÖBÍ sem átti sæti í hópnum vill að ríkisstjórnin fari sér hægt í innleiðingu starfsgetumats enda hafi það reynst illa í nágrannalöndum okkar.**

**FÉLAGSMÁL** Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra fær afhenta skýrslu samráðshóps um endurskoðun almannatryggingakerfisins eftir páska. Þetta staðfestir Guðmundur Páll Jónsson, formaður samráðshópsins.

Hópurinn var skipaður fyrir ári og átti að skila tillögum síðasta haust um breytt framfærslukerfi almannatrygginga sem styður við markmið starfsgetumats. Á hópurinn að leggja til hvernig megi nýta þá 2,9 milljarða króna sem eru eyrnamerktir í kjarabætur handa örorkulífeyrisþegum.

Vonir stóðu til að hægt væri að ná sem breiðastri sátt um fyrirkomulag almannatrygginga en það fór í uppnám í lok mars þegar Öryrkjabandalagið og Alþýðusambandið tilkynntu að þau myndu ekki skrifa undir skýrsluna.

„Starfinu er lokið. Ég býst við að þetta verði með svipuðum hætti og þegar niðurstaða Pétursnefndarinnar lá fyrir, að ég sem formaður skili þessu starfi inn til ráðherra. Þá geta aðrir nefndarmenn líka sent inn erindi eins og þeim hentar,“ segir Guðmundur Páll.

Hann bætti við að starf nefndarinnar hefði verið gott og að hlustað hefði verið á öll sjónarmið, vildi hann að öðru leyti ekki tjá sig um stöðuna.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir að sú vinna sem fór í breytt framfærslukerfi almannatrygginga hafi að miklu leyti verið góð en í ljósi þess að markmiðið sé að keyra í gegn starfsgetumatið þá geti ÖBÍ ekki skrifað undir skýrsluna.



**Á aðalfundi síðastliðið haust setti stjórn Öryrkjabandalagsins sig upp á móti starfsgetumati.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Við höfum séð löndin í kringum okkur fara í kollsteypur þar sem starfsgetumatið hefur ekki verið að virka, í Noregi er verið að fara til baka,“ segir Þuríður Harpa.

> **Við höfum séð löndin í kringum okkur fara í kollsteypur þar sem starfsgetumatið hefur ekki verið að virka.**
>
> Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ



Meðal öryrkja ríkir lítið traust í garð stjórnvalda um að hér verði hægt að halda betur utan um starfsgetumat en í löndum á borð við Noreg.

Hættan sé sú að öryrkjar þurfi að fara á atvinnuleysisbætur og lendi síðan í enn verri fátæktargildru.

Ef það sé á endanum vilji stjórnvalda að taka það upp vill Þuríður Harpa að það verði gert í tilraunaskyni á minni hóp.

„Ef ríkisstjórnin hefur svona miklar áhyggjur af ungu fólki þá gætu þau skoðað að beita þessu starfsgetumati á afmarkaðan hóp af ungu fólki. Sjá hvort þau geti haldið utan um þann hóp og sjá hvernig atvinnulífið bregst við.“

**arib@frettabladid.is**



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




## Stórsýning hjá Toyota Kauptúni í dag kl. 12–16

Það eru bjartir tímar fram undan og langar okkur af því tilefni að bjóða ykkur á páskasýningu Toyota Kauptúni. Það gleður okkur að draga fram í dagsljósið **spánýjan RAV4**, **glænýja Corollu** í þremur útfærslum, **Land Cruiser Adventure**, **Hilux Invincible** og öll hin glæsilegu módelin. Auk þess bjóðum við 20% afslátt af öllum aukahlutum frá Toyota. **Gómsætar páskaveitingar** á boðstólum. Taktu fjölskylduna með og aktu brosandi inn í vorið á draumabílnum.

**Margur mettist af mat og drykk, mikið verður gaman.**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Fjölbreytt meistaranám við Viðskiptafræðideild

vidskipti.hi.is

Fjármál M.Fin.
Fjármál fyrirtækja
Mannauðsstjórnun
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
Nýsköpun og viðskiptaþróun
Stjórnun og stefnumótun
Reikningsskil og endurskoðun M.Acc.
Skattaréttur og reikningsskil
Verkefnastjórnun
Viðskiptafræði
Þjónustustjórnun

Umsóknarfrestur er 15. apríl

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD






HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




Um 600 króna viðbótargjald bætist við á flestar póstsendingar sem koma hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Flýta frumvarpi um erlendar sendingar

**Frumvarpi um erlendar póstsendingar er flýtt í gegnum Alþingi til að reyna að stöðva tap Íslandspósts. Umsagnaraðilar gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið. Viðbótargjald á póstsendingar erlendis frá gæti orðið 600 krónur.**

**VIÐSKIPTI** Allt bendir til að viðbótargjald bætist við flestar póstsendingar sem koma hingað til landsins. Samkvæmt Íslandspósti verður gjaldið um 600 krónur að meðaltali. Alþingi stefnir að því að afgreiða sem fyrst frumvarp sem heimilar viðbótargjaldið, en því er ætlað að stöðva linnulaust tap ÍSP á pakkasendingum frá útlöndum.

Samkvæmt tölum Póst- og fjarskiptastofnunar nam tapið 731 milljón árið 2017. Samkvæmt starfsþáttayfirliti stofnunarinnar stafaði tapið einkum af óhagstæðum endastöðvasamningum sem binda hendur ÍSP. Líkt og fram hefur komið lánaði ríkið ÍSP 500 milljónir í fyrra til að mæta bráðum lausafjárvanda. Verði frumvarpið að lögum fyrir maí er gert ráð fyrir að ÍSP geti fengið inn 400 milljónir króna frá neytendum strax á þessu ári.

Í síðustu viku stytti umhverfis- og samgöngunefnd umsagnarfrest í málinu. Umsagnir bárust frá fimm aðilum af þeim 39 sem beðnir voru um umsögn. Samtök verslunar og þjónustu vilja að frumvarpið verða samþykkt til að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar. „Eftir því sem það dregst að íslensk stjórnvöld bregðist við eiga innlend verslunarfyrirtæki erfiðara með að takast á við síharðnandi alþjóðlega samkeppni,“ segir í umsögn SVÞ.

> **Sú spurning vaknar því óneitanlega hvort stjórnendur Íslandspósts beri ekki sjálfir ábyrgð á því tapi, sem verið hefur á Kínasendingunum og skattgreiðendur eru nú beðnir að fjármagna.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Samkeppniseftirlitið gerir athugasemd við það sjónarmið í sinni umsögn. „Skal á það bent að hætt er við að slík styrking samkeppnisstöðu sem að væri stefnt yrði á kostnað þess samfélagshóps sem hefur lægstar tekjur. Sá hópur ferðast almennt sjaldnar til útlanda og ver hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í fatnað,“ segir í umsögn Samkeppniseftirlitsins.

Neytendasamtökin benda á að engin gögn liggi fyrir um hvernig umfang taps ÍSP sé reiknað út. Á meðan það lægi ekki fyrir væri ekki hægt að meta hvort það væri nærtækara að hagræða í rekstri en að „opna á heimild til að gera gjaldskrá og láta neytendur brúa bilið“.

Félag atvinnurekenda segir tap vegna „Kínasendinganna“ aðeins vera hluta af tapinu á samkeppnisrekstri ÍSP innan alþjónustu. Ekkert standi í vegi fyrir að ÍSP rukki fyrir raunkostnað. „Sú spurning vaknar því óneitanlega hvort stjórnendur Íslandspósts beri ekki sjálfir ábyrgð á því tapi, sem verið hefur á Kínasendingunum og skattgreiðendur eru nú beðnir að fjármagna,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, í umsögn FA.

Þar segir jafnframt að sterkar vísbendingar um að kostnaður samkeppnisrekstrar hafi verið ranglega færður innan alþjónustu og er það mat að strax geti myndast endurgreiðslukrafa á hendur ÍSP vegna oftekinna gjalda af erlendum sendingum. **arib@frettabladid.is**

# Taconic keypti fimm prósenta hlut í Arion banka fyrir liðlega 6,5 milljarða

**VIÐSKIPTI** Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital keypti í gær tæplega fimm prósenta hlut í Arion banka fyrir liðlega 6,5 milljarða króna. Seljandi hlutabréfanna var eignarhaldsfélagið Kaupþing, stærsti hluthafi bankans.

Taconic Capital, sem átti fyrir kaupin 9,99 prósenta hlut í Arion banka, keypti samanlagt 90,7 milljónir hluta í bankanum sem jafngildir tæplega fimm prósenta hlut miðað við útistandandi hlutafé bankans. Voru kaupin gerð á genginu 72 krónur á hlut og var kaupverðið því ríflega 6,5 milljarðar króna.

Til samanburðar stóð gengi hlutabréfa í bankanum í 77,4 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær.



Frank Brosens, stofnandi og eigandi vogunarsjóðsins Taconic Capital.

Sem kunnugt er gekk Kaupþing frá sölu á um tíu prósenta hlut í Arion banka, 200 milljónum hluta að nafnverði, í síðustu viku fyrir samtals um fjórtán milljarða króna. Fóru þau viðskipti fram á genginu 70 krónur á hlut.

Rúmlega 86 milljónir hluta voru seldar fjárfestum í gegnum Kauphöllina á Íslandi fyrir samtals um sex milljarða króna en afgangurinn, 114 milljónir hluta, var seldur fjárfestum í gegnum kauphöllina í Svíþjóð.

Eins og fram kom í Markaðinum fyrr í vikunni keypti fjárfestingafélagið Stoðir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar, Magnúsar Ármann og Tryggingamiðstöðvarinnar, um þriðjung af þeim tíu prósenta hlut sem Kaupþing seldi í síðustu viku.

Í kjölfar kaupanna er fjárfestingafélagið orðið stærsti íslenski fjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka með um 4,5 prósenta hlut af útistandandi hlutafé bankans.

– **hae, kij**

# Meira eldbakað




Tilboð gilda út 14. apríl

**NÝJUNG**

**Hagkaups pizzur 15"**

**Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn**
**8 mínútur á 220°C - 5 spennandi tegundir**

verð frá **1.699** kr/stk




**NÝJUNG**
**SÚRDEIGS PIZZADEIG**

**Bakaríið pizzadeig**
**og ekta súrdeigs pizzadeig**

verð frá **399** kr/pk




**Hagkaups beikonsulta**
**- þetta extra á pizzuna**

**649** kr/stk




**Coca Cola og Coca Cola Zero**
**1 lítri**

**159** kr/stk
Verð áður 299 kr/stk

## Farage stofnar nýjan flokk

**BRETLAND** Nigel Farage, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands (UKIP) og einn helsti hvatamaður Brexit, tilkynnti í gær um stofnun nýs stjórnmálaflokks. Nýi flokkurinn ber hið einfalda nafn Brexit Party, eða Útgönguflokkurinn, og stefnir á þátttöku í væntanlegum Evrópuþingskosningum sem Bretar þurfa að öllum líkindum að taka þátt í í maí þar sem útgöngunni úr Evrópusambandinu hefur verið frestað.

Þessi frestun og pattstaðan sem ríkir í Brexit-málum er hvatinn að stofnun flokksins. Farage hefur ítrekað talað um að breska þingið sé að „stela Brexit af þjóðinni“.

Stefnumálin verða þau sömu og hjá UKIP, sagði Farage við BBC. „En þegar horft er til mannskapsins er mikill munur. UKIP hefur átt erfitt með að laða til sín gott fólk og öfgamenn hafa svert vörumerkið.“ **– þea**

## Gunnar Bragi tekur sæti á þingi á ný

**STJÓRNMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður og þingflokksformaður Miðflokksins, er kominn aftur til starfa á Alþingi eftir að hafa verið í veikindaleyfi undanfarna daga. Unnur María Óskarsdóttir, varaþingmaður Miðflokksins, mun því víkja af þingi.

Gunnar Bragi er einn níu þingmanna sem tóku sæti á Alþingi á ný í gær, ýmist eftir ferðalög eða veikindi. Auk Gunnars Braga tóku tveir aðrir þingmenn Miðflokksins sæti á ný, þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bergþór Ólason.



Næsti þingfundur verður haldinn mánudaginn 29. apríl. **– khn**

# Samningsaðilar hafi skort á hjúkrunarfræðingum í huga

**Hjúkrunarráð Landspítala sendi í gær frá sér áskorun þar sem skorað er á samningsaðila í komandi kjaraviðræðum hjúkrunarfræðinga að hafa skort á hjúkrunarfræðingum á spítalanum að leiðarljósi. Gerðardómur frá 2015 er runninn út og viðræður við samninganefnd ríkisins hafnar.**



Hjúkrunarráð Landspítalans hefur áhyggjur af skorti á hjúkrunarfræðingum á spítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KJARAMÁL** Hjúkrunarráð Landspítala skorar á samningsaðila í komandi kjaraviðræðum hjúkrunarfræðinga að hafa að leiðarljósi skort á hjúkrunarfræðingum á Landspítala. „Nauðsynlegt er að leitað verði allra mögulegra leiða til að bæta kjör og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga,“ sagði í ályktun sem ráðið sendi frá sér í gær.

Úrskurður gerðardóms um kjör hjúkrunarfræðinga frá árinu 2015 rann út um mánaðamótin. Kjaradeilan fyrir fjórum árum var afar strembin og eftir tæplega þriggja vikna verkfall setti Alþingi lögbann á verkfallið, sem og lengra verkfall BHM.

Að því er kom fram í ályktun hjúkrunarráðsins bitnar skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítala einna verst á bráðamóttökunni. Þar hafa legið að meðaltali 20 til 30 sjúklingar undanfarið ár sem bíða eftir að komast á legudeild og er meðaldvalartími innlagðra á bráðamóttökunni nú um 24 klukkustundir.

Miðað er við að sjúklingar dvelji ekki lengur en í sex tíma á bráðamóttöku og sagði í ályktuninni að rannsóknir sýndu að óþarflega löng dvöl gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir sjúklinga.

„Viðunandi mönnun hjúkrunarfræðinga er grundvallarforsenda þess að Landspítali geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Til að ná fram viðunandi mönnun er nauðsynlegt að bæta kjör og starfsumhverfi þessarar lykilstéttar,“ sagði í ályktuninni aukinheldur.

Kjaraviðræður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og samninganefndar ríkisins eru hafnar en aðilar hittust síðast í byrjun vikunnar. Næsti fundur er áformaður strax eftir páska. Þá eru viðræður hafnar við Reykjavíkurborg.

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður félagsins, sagði fyrr í vikunni að lítið væri að frétta af viðræðunum. Staðreyndin væri sú að beðið hefði verið eftir því að kjarasamningar tækjust á almenna vinnumarkaðnum. Nú væri hins vegar hægt að setja aukinn kraft í vinnuna.

Ljóst er að staðan á Landspítala er slæm þegar kemur að mönnun hjúkrunarfræðinga. Eftir fall WOW air bárust af því fréttir að hjúkrunarfræðingar, sem höfðu fært sig yfir í störf flugfreyja hjá félaginu, væru farnir að hafa samband til að spyrjast fyrir um laus störf.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans, sagði þá að brýn þörf væri fyrir um eitt hundrað hjúkrunarfræðinga til að halda uppi þeirri starfsemi sem spítalinn ætti að sinna. Enn fleiri hjúkrunarfræðinga vantaði hins vegar til þess að hægt væri að sinna öllu sem spítalinn vildi gera.

**thorgnyr@frettabladid.is**
**sighvatur@frettabladid.is**


Kjósum um kjarasamninga VR

Kynntu þér nýja kjarasamninga VR og greiddu þitt atkvæði rafrænt á vr.is

Atkvæðagreiðslu lýkur mánudaginn, 15. apríl kl. 12.00 á hádegi.

Þitt atkvæði skiptir máli.




VR

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is





Landsréttur þyngdi dóm héraðsdóms um þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Faðir fær sjö ára fangelsi fyrir brot gegn dætrum

**DÓMSMÁL** Landsréttur hefur þyngt fangelsisrefsingu manns úr fjórum árum í sjö vegna kynferðisbrota gegn barnungum dætrum sínum tveimur og fyrir brot gegn nálgunarbanni.

Maðurinn var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn stúlkunum í fjórum liðum en var sýknaður að hluta í héraði, meðal annars á þeim grundvelli að frásögn eldri stúlkunnar þætti ekki nægilega nákvæm og afdráttarlaus og spurningar lögreglu hefðu verið leiðandi. Var maðurinn af þessum sökum sýknaður í héraði af ákæru um að hafa haft samræði við stúlkuna í um eða yfir tíu skipti á nokkurra ára tímabili.

Stúlkan gaf viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti og að mati réttarins var frásögn hennar trúverðug. Ekkert væri fram komið í málinu, annað en neitun ákærða, sem bent gæti til þess að stúlkan gæfi rangan framburð um brot mannsins. Sýknu héraðsdóms á umræddum ákærulið var því snúið við og maðurinn sakfelldur fyrir brotin gegn eldri dótturinni. Þá var sakfelling héraðsdóms staðfest um ítrekuð kynferðisbrot gagnvart yngri dótturinni sem framin voru þegar hún var á aldrinum sjö til níu ára.

Sami maður var fyrir nær 30 árum dæmdur til fangelsisvistar fyrir kynferðisbrot gegn elstu dóttur sinni, hálfsystur stúlknanna tveggja. **– aá**


LANGT FRAM ÚR VÆNTINGUM
VINSÆLASTI BÍLLINN 2018
OUTLANDER PHEV
Á EINSTAKLINGS-& FYRIRTÆKJAMARKAÐI
OUTLANDER PHEV
Vinsælasti bíllinn á Íslandi hefur nú fengið skarpara útlit, meiri íburð, lengri drægni, meira afl, aukið akstursöryggi og margt fleira.
Aukahlutir að verðmæti 350.000 kr. fylgja með öllum Mitsubishi út apríl!
OUTLANDER PHEV
Mitsubishi Outlander PHEV er sannarlega einn með öllu. Þessi fullvaxni tengiltvinnbíll skartar háþróuðum tæknilausnum og miklu akstursöryggi. Hann er rúmgóður, vistvænn, kraftmikill og ótrúlega hagkvæmur í rekstri með lágmarkseyðslu allt niður í 2.0 l/100 km* – svo er hann á verði sem slær allt út. Nú fylgir páskapakki með öllum Mitsubishi; aukahlutir að eigin vali fyrir 350.000 kr. Komdu og kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.
Verð frá 4.690.000 kr.
*Skv. WLTP viðurkenndri mælingu.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

# Almennir borgarar munu stýra Súdan en ekki her

**SÚDAN** Almennir borgarar munu skipa næstu ríkisstjórn Súdans en ekki hermenn. Þetta sagði Omar Zain al-Abidin hershöfðingi sem situr í herforingjastjórninni er tekið hefur við eftir að herinn gerði valdarán og steypti Omar al-Bashir af stóli í vikunni. Sá hafði setið í þrjátíu ár en alþjóðleg handtökuskipun hafði verið gefin út á hendur honum vegna meintra stríðsglæpa og glæpa gegn mannkyninu.

Moammed Awad Ibn Auf, varnarmálaráðherra Súdans og fyrrverandi hershöfðingi, er yfir herforingjastjórninni. Hann sagði á fimmtudag að nú tæki við aðlögunartímabil sem gæti varað í tvö ár. Skemur ef hægt er að komast hjá ringulreið í landinu.

Almenningur hafði lengi þrýst á afsögn al-Bashir og mótmælt honum mánuðum saman. Þótt honum hafi verið steypt af stóli standa mótmælin hins vegar enn yfir. Mótmælendur gáfu lítið fyrir orð al-Abidin um stjórn almennra borgara í gær, samkvæmt Reuters. Samtökin SPA, sem hafa talað fyrir mótmælendur, sögðu að herforingjastjórnin væri ófær um að koma á kerfisbreytingum í landinu. Ibn Auf steig óvænt til hliðar seint í gærkvöldi eftir mótmælin.

**Loforð hersins dugar ekki til að lægja öldurnar.**

„Þið munuð fá að leysa úr öllum efnahags- og stjórnkerfisvandamálunum. Við höfum enga hugmyndafræði heldur erum við nú við völd til að tryggja stöðugleika og öryggi og tryggja það sömuleiðis að súdanska þjóðin geti komið á breytingum,“ sagði al-Abidin. **– þea**




Til sölu
ný og lítið slitin dekk

| Nafn | stærð | fjöldi | gerð | verð | ástand |
|---|---|---|---|---|---|
| Coper | 205/55/R16 | 2 | heilsársdekk | 5,000 kr. | nýleg |
| Kingstar | 185/65/R14 | 3 | vetrardekk | 5,000 kr. | nýleg |
| Kingstar | 195/65/R15 | 2 | vetrardekk á felgum | 5,000 kr. | nýleg |
| Michelin | 175/65/R14 | 2 | Sumardekk nánast ný | 10,000 kr. | ný |
| Hankok | 175/65/R14 | 2 | sumardekk | 7,500 kr. | nýleg |
| Michelin | 195/65/R15 | 4 | sumardekk | 30,000 kr. | ný |
| Continental conti eco | 195/55/R16 | 4 | sumardekk | 40,000 kr. | ný |
| Bridgestone Duler | 225/55/R18 | 4 | sumardekk | 40,000 kr. | nýleg |
| Michelin ( Traffic) | 195/75/R16c | 4 | á felgum vetrardekk | 10,000 kr. | |
| Kango álfelgur | 175/65/R14 | 4 | álfelgur | 5,000 kr. | |
| Kango stálfelgur | 175/65/R14 | 4 | stálfelgur | 5,000 kr. | |
| Kango stálfelgur | 175/65/R14 | 4 | stálfelgur | 5,000 kr. | |
| Kapnor | 185/65/R14 | 3 | | 5,000 kr. | nýleg |
| Toyo | 175/65/R14 | 3.5 | Vetrardekk | 5,000 kr. | nýleg |
| Dunlop | 265/65/R17 | | á felgum Toyota | 50,000 kr. | nýleg |
| Kumo | 235/65/R17 | 4 | sumardekk | 30,000 kr. | nýleg |
| Hankok | 225/60/R17 | 4 | sumardekk | 30,000 kr. | nýleg |
| Dunlop | 235/55/R19 | 4 | sumardekk | 30,000 kr. | nýleg |
| Michelin | 195/65/R15 | 4 | sumardekk/ný | 10,000 kr. | ný |
| Michelin | 195/55/R16 | 16 | sumardekk/ný | 15,000 kr. | ný |




Amit Shah kallaði ólöglega innflytjendur termíta í ræðu í Vestur-Bengal. NORDICPHOTOS/AFP

# Skrautleg ummæli í kosningabaráttu BJP

**Frambjóðendur BJP, flokks Narendras Modi, forsætisráðherra Indlands, vekja athygli fyrir ummæli sín á öðrum degi þessara stærstu kosninga mannkynssögunnar. Forseti flokksins vill kasta ólöglegum innflytjendum í Bengalflóa.**

**INDLAND** Kjörsókn fyrstu tvo daga stærstu kosninga mannkynssögunnar virðist með ágætum. Þetta kom fram á Reuters í gær en Indverjar kjósa nú nýtt þing. Kosningarnar standa yfir í 39 daga.

Narendra Modi forsætisráðherra, BJP-flokkur hans og samstarfsflokkar freista þess að halda meirihluta sínum á þingi og benda kannanir til þess að það takist. Kosningabaráttan er því afar hörð og þrír frambjóðendur BJP vöktu athygli fyrir ummæli sín á baráttufundum í gær.

Amit Shah, forseti flokksins, sagði á fundi í Vestur-Bengal að ólöglegir innflytjendur væru „eins og termítar við Bengalflóa“. Hann lofaði því þess vegna að ríkisstjórn BJP myndi tína innflytjendurna upp af jörðinni og kasta þeim, hverjum á fætur öðrum, í Bengalflóann.

Þar átti hann við innflytjendur frá grannríkinu Bangladess. Flestir íbúa Bangladess eru múslimar en BJP hefur verið kenndur við hindúaþjóðernishyggju. Shah sagði aukinheldur að BJP myndi veita hindúum, búddistum, jaínistum og síkum frá Bangladess og Pakistan ríkisborgararétt.

**Ég hef nú þegar unnið þessar kosningar en þið þarfnist mín.**

Maneka Gandhi, jafnréttismálaráðherra

Sanjay Jha, einn talsmanna Congress-flokksins, andstæðinga BJP, sagði í svari við ræðu Shah að hann væri að reyna að sundra þjóðinni eftir trúarlínum. „Pólitískt viðskiptamódel BJP gengur út á að kynda undir átök í samfélaginu. Halda því á suðupunkti.“

Maneka Gandhi, ráðherra jafnréttismála og BJP-liði, sagði svo á fundi með múslimum í Sultanpur að þeir þyrftu að kjósa hana. Annars myndi hún ef til vill hafa minni áhuga á að hlusta á þá. „Ég hef nú þegar unnið þessar kosningar en þið þarfnist mín. Þetta er ykkar tækifæri til að byggja upp samband,“ sagði ráðherrann, sem er tengdadóttir Indiru Gandhi, fyrsta kvenforsætisráðherrans.

Þá sagði Sakshi Maharaj, þingmaður BJP-flokksins og frambjóðandi í Unnao, að kjósendur þyrftu að greiða honum aktvæði sitt ellegar myndi karma þeirra verða slæmt. Karma er hugtak í trúarbrögðum af indverskum uppruna sem gengur út á að allar gjörðir valdi afleiðingum, góðum eða slæmum.

„Þegar meinlætamaður ber að dyrum og biður um ölmusu, grátbiður ykkur og þið verðið ekki við bón hans gæti hann gengið á brott með mögulegt gott karma og skilið slæmt karma eftir fyrir ykkur,“ sagði hann á fundi með kjósendum.

Maharaj hefur reyndar áður látið umdeild ummæli falla. Í síðasta mánuði spáði hann því, samkvæmt NDTV, að það yrðu engar þingkosningar árið 2024 eins og gert er ráð fyrir. **thorgnyr@frettabladid.is**





# Rukka Assange um málskostnað

**SVÍÞJÓÐ** Hæstiréttur Svíþjóðar úrskurðaði í gær að Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, skyldi sjálfur greiða um 115 milljónir króna í málskostnað vegna rannsóknar á kynferðisbrotamálum gegn honum. Ákvörðunin er sögð ótengd því að Assange var sviptur hæli sínu í ekvadorska sendiráðinu í Lundúnum og handtekinn á fimmtudag.

Rannsókn var hætt fyrir tveimur árum og þrjú mál af fjórum eru nú fyrnd. En fyrst Assange hefur nú verið sviptur hæli íhuga Svíar, samkvæmt BBC, að taka fjórða málið upp á ný. Það gæti hins vegar reynst erfitt. Sven-Erik Alhem, fyrrverandi saksóknari, sagði við sænska miðilinn TT að vitnisburður í tíu ára gömlum málum gæti einfaldlega reynst of óáreiðanlegur.

Bandaríkin hafa farið fram á að Assange verði framseldur. Þar er hann sakaður um að skipuleggja tölvuinnbrot í samráði við Chelsea Manning, sem lak leyniskjölum til WikiLeaks. **– þea**




The Power to Surprise

## Fágaður, umhverfismildur og til í allt

Kia Sportage er einn vinsælasti sportjeppi landsins og er búinn fyrsta flokks búnaði. 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, þráðlaus farsímahleðsla og akreinavari eru spennandi tæknilausnir sem auka þægindi og öryggi í akstri. Sportage fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð frá framleiðanda og Ergo bílalán býður 50% afslátt af lántökugjöldum í apríl.

**Komdu og reynsluaktu Kia Sportage. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sportage á tilboðsverði:

**4.690.777 kr.**

Framhjóladrifinn og DCT 7 sjálfskipting
Verð áður ~~4.990.777~~ kr.

**ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



Sveinn Andri Sveinsson verður áfram annar skiptastjóra WOW. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Verður áfram skiptastjóri

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær að Sveinn Andri Sveinsson, annar skiptastjóra yfir þrotabúi WOW air, þyrfti ekki að víkja eins og Arion banki hafði farið fram á.

„Ég taldi þessa niðurstöðu vera borðleggjandi, þannig að ég hef ekkert látið þetta trufla mig,“ segir Sveinn Andri.

Til að koma í veg fyrir frekari ágreining hafi verið ákveðið að hinn skiptastjórinn, Þorsteinn Einarsson, muni sjá að mestu um öll samskipti við Arion banka hvað varðar uppgjör þrotabúsins.

Arion banki, sem telur sig vera einn stærsta kröfuhafa þrotabúsins, byggði kröfu sína á því að Sveinn Andri væri vanhæfur vegna starfa sinna sem lögmaður Sunshine Press Productions og Datacell gegn Valitor.

Í úrskurði héraðsdóms segir að Arion banki hafi ekki leitt í ljós nein atriði í tengslum við umræddan málarekstur sem leitt geti til þess að Sveinn Andri teljist vanhæfur til að vera skiptastjóri WOW.

Sveinn Andri segir vinnuna ganga vel en af nógu sé að taka. „Það er komið inn mikið magn krafna og það er verið að ná utan um eignir. Fyrstu skrefin í svona eru alltaf að ná utan um þetta, tryggja hagsmuni og eignir og jafnframt að halda þétt utan um þær kröfur sem koma.“

Um sé að ræða afar óvenjulegt þrotabú.

„Það kemur mikið magn krafna frá farmiðakaupendum sem hafa ekki getað notað miðana sína. Það er búið að búa til ákveðið kerfi í kringum þær kröfur,“ segir Sveinn Andri. – sar, la

# Ætti að vera jafn auðvelt að fá hjálp og að fara á kaffihús

**Bergið, stuðningssetur fyrir ungt fólk, verður rekið í anda Headspace-hugmyndafræðinnar sem byggir á því að ungt fólk geti leitað sér aðstoðar án skilyrða og því sé tekið af hlýju og skilningi. Ríkisstjórnin veitti sextíu milljónir til verkefnisins í gær. Húsnæði fyrir stuðningssetrið hefur fengist að Suðurgötu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Bergið Headspace verður opnað í maí í Reykjavík en það er þverfaglegt móttöku- og stuðningsúrræði fyrir fólk undir 25 ára aldri. Í gær ákvað ríkisstjórnin að veita samtals 60 milljónir til verkefnisins.

Sigurþóra Bergsdóttir stofnaði úrræðið sem fylgir hugmyndafræði lágþröskuldaþjónustunnar Headspace í Ástralíu og Danmörku. Sonur Sigurþóru, Bergur Snær, svipti sig lífi í kjölfar misnotkunar og áfalla fyrir þremur árum. Hún fékk húsnæðið að Suðurgötu 10 afhent fyrir nokkrum dögum. „Á hverjum degi þegar ég geng hér inn, þá kviknar bros,“ segir Sigurþóra sem segist afar þakklát fyrir fjárstuðning ríkisstjórnar og Reykjavíkurborgar. „Ég finn að það sem við erum að gera er bæði rétt og nauðsynlegt. Fimm ráðuneyti koma að fjárveitingunni, það er held ég fáheyrt og sýnir að ríkisstjórnin ætlar sér að bæta geðheilbrigðisþjónustu við ungt fólk,“ segir hún.

Upplýst var um fjárveitinguna á málþingi Geðhjálpar og Bergsins á Grand Hóteli í gær. Sálfræðingurinn Patrick McGorry, stofnandi Headspace í Ástralíu, er staddur á Íslandi og lýsir reynslu sinni af snemmtækri íhlutun.

„Ungt fólk hefur brýnustu þörfina fyrir geðheilbrigðisþjónustu, hins vegar hefur það í gegnum tíðina haft einna minnstan aðgang að henni,“ segir Patrick um ástæðu þess að hann stofnaði Headspace. Markmið hans var að auka þjónustu við ungt fólk og sníða hana betur að þörfum þess.

„Þetta er lágþröskuldaþjónusta,“ segir Patrick og segir mikilvægt að ungt fólk geti leitað eftir þjónustu án tillits til þess hvort vandamálið er stórt eða lítið. Þá sé áríðandi að þjónustan sé ungu fólki að kostnaðarlausu, það hafi sjálft áhrif á það hvernig hún er boðin fram og að hún sé studd sérfræðiþekkingu.

„Umhverfið þarf að vera aðlaðandi fyrir ungt fólk, það á að bjóða það velkomið,“ segir Patrick og segist sjá úrræðið fyrir sér nánast eins frjálsleg og kaffihús þótt það sé heilbrigðisþjónusta.

Patrick hefur verið harðorður í garð stjórnvalda víða um heim og sagt aðskilnaðarstefnu ríkja í heilbrigðisþjónustu þegar kemur að fjárveitingum til geðheilbrigðismála. „Já, það er augljóst. Meðferð við geðsjúkdómum er vanrækt í heilbrigðiskerfinu þrátt fyrir að vera miklu mikilvægari bæði í samfélagslegum og efnahagslegum skilningi en til dæmis krabbameinsmeðferð. Þetta varðar mannréttindi og þarna er verið að mismuna innan heilbrigðiskerfisins. Reynsla sjúklinga er sú að það ríki aðskilnaðarstefna,“ segir Patrick.



Tilkynnt var um fjárstuðning ríkisstjórnar á málfundi Geðhjálpar á Grand Hóteli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Bergið Headspace er lágþröskuldaþjónusta sem byggir á áströlsku úrræði fyrir ungt fólk. Slíkum miðstöðvum hefur meðal annars verið komið upp í Danmörku. Hugmyndafræðin byggist á því að ungt fólk á aldrinum 12 til 25 ára geti leitað sér aðstoðar við áföllum eða hvers kyns erfiðleikum sem valda því hugarangri.**



Hvað finnst honum vera ákjósanleg stefna í geðheilbrigðismálum?

„Heildstæð og samfelld þjónusta á öllum stigum veikinda, sem er fjármögnuð til jafns við þjónustu vegna líkamlegra veikinda, og samfélagsþjónusta sem er auðvelt að nálgast,“ segir Patrick og leggur mikla áherslu á að hlustað sé á reynslu fólks með geðsjúkdóma. Það fólk þurfi að hafa mikil áhrif á þjónustuna.

kristjanabjorg@frettabladid.is




RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR TIL 14.04

40 ÁR MEÐ FRÁBÆRUM TILBOÐUM!

# VIÐ FÖGNUM **40 ÁRA AFMÆLI JYSK** Á HEIMSVÍSU MEÐ FRÁBÆRUM **AFMÆLISTILBOÐUM**











**Rokið í Vesturbænum í gær var helst til mikið fyrir flugdrekasýninguna en börnin höfðu samt gaman af þessu uppátæki sem var hluti Barnamenningarhátíðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Flugdrekafjör í Vesturbæ

Leikskólabörn á Drafnarsteini fengu góða heimsókn í gær þegar bandaríski listamaðurinn Richard Spiller kom og sýndi þeim flugdreka. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á staðnum.










GARÐHEIMAR
PÁSKABLÓMAMARKAÐUR
GLÆSILEGT ÚRVAL BLÓMA Á FRÁBÆRU VERÐI
★ PÁSKAGREINAR FRÁ 790KR
★ BLÓMABÚNT FRÁ 1.400KR
★ TÚLÍPANAR 1.680KR
★ BRÚÐARSLÖR 1.900KR
★ EUCALYPTUS 2.400KR
★ HORTENSÍA 2.550KR
★ CALLA 2.990KR
★ KRYSI 990KR
★ TETE FRÁ 350KR
TILBOÐ
★ VIKING KURLARI GE 250S 69.800KR
★ STIHL BATTERÍS HEKKLIPPUR HSA56 39.800KR
★ JORA COMPOST MOLTUGERÐARKASSI 270L 89.900KR
★ WEBER MASTER TOUCH PREMIUM KOLAGRILL 58.950KR
OPIÐ FRÁ KL 10 - 21 UM HELGAR



Vorgleði Garðheima
Frábærir gestir, fróðleikur og tilboð
20 - 30% afsláttur
GARÐHÚSGÖGN ★ ÚTIPOTTAR ★ BLÓMLAUKAR ★ BLÓMAFRÆ
KRYDDJURTIR ★ JARÐABERJA OG BLÁBERJAPLÖNTUR
RABARBARI ★ KLIPPUR ★ VERKFÆRI ★ KURLARAR
WEBER KOL OG GRILLAUKAHLUTIR
PÁSKAEGGJALEIT FYRIR KRAKKANA Á LAUGARDEGINUM
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
HESTAFERÐIR MEÐ KRAKKAHESTUM
LAU OG SUN MILLI 14 OG 16
ÍS Í BOÐI emmessis
GRILLAÐAR PYSLUR OG DRYKKUR Á 200KR
LAU OG SUN MILLI 13 OG 15
KRAKKARNIR FÁ AÐ SÁ FYRIR SUMARBLÓMUM
OG SVARA LÉTTRI GETRAUN
» RÁÐGJÖF UM MATJURTA OG ÁVAXTARÆKT
JÓN GUÐMUNDSSON GARÐYRKJUFRÆÐINGUR VERÐUR TIL
SKRAFS OG RÁÐAGERÐAR LAUGARDAG FRÁ 14 - 17
» RÁÐGJÖF UM FRAMKVÆMDIR Í GARÐINUM
JÓNAS FREYR HARÐARSON GARÐYRKJUMAÐUR VEITIR
RÁÐGJÖF UM STÓR SEM SMÁ VERK.
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13 - 17
» RÁÐGJÖF UM TRJÁKLIPPINGAR
STEINN KÁRASON GARÐYRKJUMAÐUR VEITIR RÁÐGJÖF UM
TRJÁKLIPPINGAR Í GARÐINUM.
SUNNUDAG FRÁ 13 - 15
» BÝFLUGNARÆKT Á ÍSLANDI
ERLA BJÖRG ARNARDÓTTIR FRÁ FRÆÐSLUNEFND
BÝRÆKTARFÉLAGSINS KYNNIR BÝRÆKT OG HUNANGSGERÐ.
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13-16
» GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS
KYNNING Á STARFSEMI FÉLAGSINS OG ÝMSU
GAGNLEGU FYRIR GARÐYRKJUÁHUGAMANNINN
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13 - 16
» RÉTTU GRILLTAKTARNIR
HJALTI VIGNISSON, GRILLFAÐIRINN, KYNNIR NÝTT
WEBER MASTER TOUCH PREMIUM KOLAGRILL OG
GEFUR GÓÐ RÁÐ FYRIR GRILLSUMARIÐ
LAUGARDAG FRÁ 13 - 17
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Ástand heimsins







**1.** Pakistanskir rannsakendur skoða vettvang sprengjuárásar á ávaxtamarkaði í Quetta. Sextán fórust hið minnsta og þrjátíu særðust. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Björgunarstarfsmenn í Rio de Janeiro í Brasilíu fagna innilega eftir að þeir höfðu bjargað slasaðri manneskju úr rústum byggingar sem hrundi. Að minnsta kosti tvö fórust í slysinu.

**3.** Akihito og Michiko, keisarahjón Japans, heimsóttu Kodomonokuni í gær þegar þau fögnuðu sextíu ára brúðkaupsafmæli. Kodomonokuni er garður, opnaður til að fagna hjónabandinu. Akihito stígur til hliðar þann 30. apríl og Naruhito krónprins tekur við.

**4.** Alsírsku óeirðalögreglunni lenti saman við mótmælendur í Algeirsborg í gær. Enn er mótmælt þótt Abdelaziz Bouteflika forseti hafi sagt af sér og óttast mótmælendur að bandamenn hans haldi völdum.









# Við semjum

Í tilefni af tímamótasamningum verður vöffluilmur í loftinu hjá Hyundai í apríl og sölumenn okkar búa sig undir ánægjulega samningalotu. Við bjóðum ykkur velkomin í vöfflukaffi og reynsluakstur og að skoða tilboð á nýjum bílum sem bætt geta lífsgæðin í sumar.

**Afsláttur allt að 550.000 kr.**

**Hyundai i10 Comfort**
Bensín, beinskiptur, framhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 1.940.000 kr.**
Verð áður: 2.090.000 kr.
**AFSLÁTTUR 150.000 kr.**

**Hyundai i20 Classic**
Bensín, beinskiptur, framhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 2.090.000 kr.**
Verð áður: 2.290.000 kr.
**AFSLÁTTUR 200.000 kr.**

**Hyundai KONA Comfort**
Bensín, sjálfskiptur, framhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 3.840.000 kr.**
Verð áður: 4.190.000 kr.
**AFSLÁTTUR 350.000 kr.**



**Hyundai Tucson Classic** | 4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 4.540.000 kr.**
Verð áður: 4.990.000 kr.
**AFSLÁTTUR 450.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe Comfort** | 4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
**TILBOÐSVERÐ: 7.240.000 kr.**
Verð áður: 7.790.000 kr.
**AFSLÁTTUR 550.000 kr.**



ENNEMM / SÍA / NM93390

## Verið velkomin í vöfflukaffi og reynsluakstur í dag frá 12–16.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Bólgulögmálið




Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is


Engu er líkara en það sé lögmál að rekstur hins opinbera bólgni í sífellu út.

Dæmin sem blasa við eru mýmörg. Á kjörtímabilinu eiga til dæmis að rísa nýjar skrifstofur Alþingis við Vonarstræti. Þær skulu vera sex þúsund fermetrar og kosta um þrjá milljarða króna. Mikið er víst lagt upp úr því að innangengt sé fyrir þingmenn milli skrifstofa og fundarherbergja Alþingis. Ekki fylgir sögunni hvers vegna það er slík þolraun fyrir kjörna fulltrúa að ganga stuttar vegalengdir utandyra og fá sér frískt loft í leiðinni.

Úr stjórnarráðinu berast þau tíðindi að til standi að byggja við skrifstofur forsætisráðherra í Lækjargötu. Sómi er að verðlaunatillögunni, þótt sitt sýnist vafalítið hverjum. Því er þó alveg ósvarað hvers vegna þessa ógnarviðbót þurfi við húsið sem hýst hefur skrifstofur forsætisráðherra með myndarbrag frá 1904.

Í því samhengi er rétt að taka undir með sagnfræðingnum Birni Jóni Bragasyni sem bent hefur á að Þjóðmenningarhúsið, í sinni eilífu tilvistarkreppu, standi þarna steinsnar frá og henti vel til starfseminnar.

Svo haldið sé áfram að tala um Alþingi og ríkisstjórn, þá má minna á að aðstoðarmenn hvers ráðherra eru nú orðnir tveir en lengst af þótti duga að þeir gætu reitt sig á embættismenn í sínum ráðuneytum. Slíkt gengur auðvitað ekki lengur enda fjöldi flokksgæðinga á lausu sem sárvantar lífserindi.

Víkur þá sögu að rekstri Reykjavíkurborgar, en þar starfa hlutfallslega mun fleiri en hjá nágrannasveitarfélögunum þrátt fyrir að stærðinni ætti að fylgja hagkvæmni og minna starfsmannahald. Útsvar hefur lengi verið í lögbundnu hámarki, og borgin ætlar meira að segja að greiða sér arð úr Orkuveitunni til að fá enn meiri peninga úr að spila.

Reykjavíkurborg hefur sömuleiðis blásið út og lætur nú til sín taka á mun fleiri sviðum en áður. Borgin byggir veitingasali og endurreisir bragga. Ágóðans njóta veitingasalar sem leigja aðstöðuna langt undir markaðsvirði. Kostnaðaráætlanir virðast að meginstefnu gerðar formsins vegna hjá borginni, rétt eins og hjá ríkinu.

Sé vikið að fyrirtækjum í eigu ríkisins er sagan nokkurn veginn sú sama. Landsbankinn ætlar að byggja 16.500 fermetra höfuðstöðvar undir starfsemi sína og kosta til þess níu milljörðum króna, þrátt fyrir að bankakerfið sé nú þegar bólgið úr hófi fram af mannafla, og að fyrirséð sé að plássþörf muni frekar minnka en aukast með áframhaldandi tækninýjungum.

En áfram skal haldið í eilífri útgjaldabólgu. Svo virðist sem allir séu seldir undir sömu sök. Ríki, sveitarfélög og fyrirtæki í eigu ríkisins.

Þannig er það gjarnan þegar sýslað er með annarra manna fé. Er ekki eðlilegt að velta fyrir sér hvort þrjú hundruð þúsund manna þjóð þurfi allt þetta umfang og yfirbyggingu?

Hvar eru stjórnmálamennirnir sem tala fyrir aðhaldi í ríkisrekstri og treysta sér til að láta gjörðir fylgja orðum?

**Ekki fylgir sögunni hvers vegna það er slík þolraun fyrir kjörna fulltrúa að ganga stuttar vegalengdir utandyra og fá sér frískt loft í leiðinni.**

### Gunnar





Range Rover Sport
Autobiography 2016



Verð 14,9 milljónir
Upplýsingar í síma 891-9408

Flott eintak af 2016 Range Rover Sport Autobiography til sölu með 340hö SDV8 dísel vél og er hlaðinn öllum mögulegum aukabúnaði. Radar cruise control, 19 hátalara Meridian surround hljóðkerfi, 360 myndavél og nálgunarvarar, dráttarkróki, hiti og kæling í sætum, kælir mill sæta o. fl. Bílinn er metallic hvítur á utan og svartur/brúnn að innan, kemur á 21" svörtum felgum og er keyrður um 27.000 km.


## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Bergmálsklefi fullkomleikans

*Nútíminn er trunta*
*með tóman grautarhaus.*
*Hjartað það er hrímað*
*því heilinn gengur laus.*

Þótt lag Þursaflokksins, Nútíminn, hafi fyrst heyrst á öldum ljósvakans fyrir fjórum áratugum hefur nútíminn lítið breyst. Eftirsókn eftir vindi feykir okkur hálfmeðvitundarlausum á áfangastaði hégómans þar sem við drúpum tómum grautarhausum hokin við stafræn altari og tilbiðjum föður, son og heilagan anda; Google, Fésbók og Steve Jobs. Við tókum bita af eplinu og vorum rekin úr Paradís, dæmd til að strita í stafrænni veröld, yrkja ímyndina plægða af blygðun um alla eilífð, amen.

Filter, fótósjopp, stafræn fegrunaraðgerð. Sjáið mig! Ég er á skíðum í Ölpunum, teygjustökki á Balí.

Við krjúpum við árbakka og störum á spegilmynd okkar jafnheltekin og Narkissos sem elskaði eigin ásjónu svo mikið að hann veslaðist upp og dó. Áin okkar er Fésbók; sykursæt tálbeita Zuckerbergs sem sannfærir okkur um að sitja og horfa á strauminn renna á skjá, á meðan lífið líður hjá.

Ef tré fellur í skógi og enginn býr til myllumerki um það, heyrist þá hljóð?

Cogito, ergo sum. Ég „pósta“, þess vegna er ég til. Ég, ég, ég. Sjáið mig! Ég var að hlaupa maraþon, er að lesa bók.

Við hverfumst í hringi í kringum sjálfið. Sjálfhverfa er ferðalag samtímans. Hver er ég? Best að spyrja Google.

En undir gljáandi yfirborði stafrænnar veraldar, handan bergmálsklefa fullkomleikans, er ekki allt sem sýnist.

„Lög eru eins og pylsur – best er að sjá ekki hvernig þau verða til,“ sagði Otto von Bismarck. Fleira en lög er eins og pylsur. Einstaklingurinn er bjúga sem Fésbókin flytur á færibandi milli notenda til að neyta – eina með öllu nema hráum (veruleika). Því inni í sléttum himnubelg er subbulegur raunveruleikinn, óreiða úr óróleika, óöryggi og óhamingju. Ó, ó, ó!

*Truntan hún er taumlaus*
*og töltir út á hlið.*
*Sumir eru að síga*
*úr söðli undir kvið.*
*Einhverjir verða undir*
*að gömlum, góðum sið*

segir í texta Þursaflokksins. Því það að vera er ekki lengur nóg. Eða eins og uppgefinn Fésbókar vinur orðaði það svo vel:

- Þú þarft ekki bara að vera í leikfimi – þú þarft að vera í formi eins og atvinnumaður.
- Þú þarft ekki bara að vera í góðri vinnu – þú þarft að vera leiðtogi.
- Þú þarft ekki bara að eiga börn – þau þurfa að vera framúrskarandi.
- Þú þarft ekki bara að fara í frí – þú þarft að vera í Víetnam.
- Þú þarft ekki bara að borða hollt – þú þarft að vera vegan.
- Þú þarft ekki bara að vera vel menntuð/aður – þú þarft doktorspróf.
- Þú þarft ekki bara að stunda útivist – þú þarft að vera landvættur.
- Þú þarft ekki bara að eiga fallegt heimili – það þarf að fylgja nýjustu tískustraumum.

Gakktu inn í daginn, kæri lesandi. Skildu falskan fullkomleikann eftir í símanum og láttu þér nægja að vera. En samt: Ekki gleyma að njóta; þér má alls ekki mistakast að njóta.


FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

SMARTBÍLAR

546-0088 I Fellsmúli 26 I www.smartbilar.is

Opið laugardaga frá 10-16

**2019 Nissan Leaf SV**

17 tommu álfelgur,
7 tommu snertiskjár,
hraðhleðsla o.m.fl.

Verð 3.390.000



**2019 Nissan Leaf**

17 tommu álfelgur,
7 tommu snertiskjár,
hraðhleðsla, o.m.fl.

Verð 3.440.000



**2019 Nissan Leaf**

17 tommu álfelgur,
snertiskjár, hiti í
sætum, Hybrid hitari.

Verð 3.590.000



**2019 Nissan Leaf**

17 tommu álfelgur,
snertiskjár, hiti í
sætum, Hybrid hitari.

Verð 3.590.000



**2019 Nissan Leaf SV**

17 tommu álfelgur,
7 tommu snertiskjár,
hraðhleðsla, Hybrid hitari.

Verð 3.590.000



**2019 Nissan Leaf SV**

17 tommu álfelgur,
7 tommu snertiskjár,
hraðhleðsla, Hybrid hitari.

Verð 3.590.000



**2019 Nissan Leaf**

17 tommu álfelgur,
snertiskjár, Hybrid
hitari, tæknipakki.

Verð 3.790.000



**2018 Volvo XC60 T8**

Ekinn 49 þ.km

Verð 6.995.000



**2016 Volvo XC90 T8**

Ekinn 43 þ.km

Verð 6.990.000



**2018 Chrysler Pacifica**

Ekinn 29 þ.km

Verð 5.350.000



**XC90 T8**

ekinn 49.000 km,
4x4, 7 manna, hiti í
speglum og sætum,
ísl. leiðsögukerfi o.m.fl.

Verð 6.650.000



**2016 BMWX5 xDrive40e**

Ekinn 51 þ.km

Verð 5.990.000



*Afhendingartími 6-9 vikur



# PÁSKA

# TAX

## Allar vörur á taxfree tilboði*



**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Upplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðið gildir frá 11. til 20. apríl 2019.*



# FREE

* Taxfree tilboðið gildir á öllum vörum nema frá Skovby og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



VEFVERSLUN
**www.husgagnahollin.is**
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Mikil spenna á Masters-mótinu



Francesco Molinari var ásamt þremur kylfingum í efsta sæti á Masters-mótinu sem fram fer í Augusta-vellinum í Georgíu þessa dagana þegar Fréttablaðið fór í prentun. Brooks Koepka, Justin Hardin og Jason Day deildu með honum toppsætinu undir lok annars keppnisdags. NORDICPHOTOS/GETTY

### Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**
*34. umferð*

**Leicester - Newcastle 0-1**
1-0 Ayoze Perez (32.).

## Martin tryggði sér oddaleik

**KÖRFUBOLTI** Martin Hermannsson og liðsfélagar hans hjá Alba Berlín jöfnuðu metin í úrslitaeinvígi sínu við Valencia í Evrópubikarnum í körfubolta með 95-92 sigri sínum eftir framlengdan leik í Berlín í gær.

Staðan var jöfn 83-83 eftir venjulegan leiktíma en þýska liðið knúði fram framlengingu með tveggja stiga körfu þegar 11 sekúndur voru eftir af fjórða leikhluta. Alba Berlin var svo sterkari aðilinn í framlengingunni.

Martin átti góðan leik fyrir Alba Berlin en hann skoraði 14 stig, gaf sex stoðsendingar og tók fjögur fráköst. Staðan í einvígli liðanna er jöfn, 1-1, og þar af leiðandi ráðast úrslitin í oddaleik sem fram fer í Valencia á mánudaginn.



– hó

Starfsgreinasamband Íslands

**Nýr kjarasamningur á almennum vinnumarkaði**

**Rafræn atkvæðagreiðsla stendur yfir**

Hafin er sameiginleg **rafræn atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning** Starfsgreinasambands Íslands við Samtök atvinnulífsins **fyrir störf á almennum vinnumarkaði** sem undirritaður var hinn 3. apríl 2019.

**Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í aðildarfélögum SGS sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers aðildarfélaga SGS í janúar/febrúar 2019.**

Kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

**Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki sent kynningarefnið, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í janúar/febrúar 2019.**

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu **til kl. 16.00 þriðjudaginn 23. apríl en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.**

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að nýta réttindi sín og greiða atkvæði.

**Ítarlegar upplýsingar eru á heimasíðu SGS, www.sgs.is og einnig á síðum einstakra aðildarfélaga – Félagsmönnum er ráðlagt að kynna sér þær vel.**

*Reykjavík, 8. apríl 2019*
*Kjörstjórn SGS*

# Cardiff rær lífróður næstu fjórar vikurnar

**Örlög Cardiff með Aron Einar Gunnarsson innanborðs í úrvalsdeildinni ráðast á næstu vikum. Fimm stig skilja að Cardiff og næsta lið fyrir ofan þegar sex umferðir eru eftir en næstu fjórir leikir skera úr um hvort liðið falli.**

**FÓTBOLTI** Cardiff City rær lífróður í ensku úrvalsdeildinni þessa dagana þar sem Aron Einar Gunnarsson og félagar eru fimm stigum frá öruggu sæti þegar sex umferðir eru eftir. Aron mætir félaga sínum úr landsliðinu, Jóhanni Berg Guðmundssyni, um helgina þegar Burnley tekur á móti Cardiff þar sem Burnley getur endanlega tryggt sæti sitt í deildinni.

Hlutirnir eru fljótir að breytast í ensku úrvalsdeildinni. Tæpar tvær vikur eru liðnar síðan Cardiff var tíu mínútum frá fræknum sigri gegn Chelsea en dómaramistök kostuðu Cardiff jöfnunarmark og Chelsea gekk á lagið. Þremur dögum seinna steinlá Cardiff gegn Manchester City á Etihad-vellinum.

Á sama tíma hefur Burnley tekist að klífa upp töfluna og er komið í fjórtánda sæti eftir tvo sigra í röð. Aðeins tvö stig skildu að lið Cardiff og Burnley fyrir tveimur vikum en nú ætti einn sigur að duga Burnley til að tryggja lærisveinum Sean Dyche þátttökurétt í ensku úrvalsdeildinni fjórða árið í röð.

**» Í ellefu leikjum sem Cardiff hefur leikið án Arons Einars er uppskeran aðeins þrjú stig.**

Það sem leikmenn Cardiff geta þó huggað sig við er að leikjadagskráin fram undan gerir það að verkum að þeir eiga enn möguleika.

Í næstu fjórum leikjum mætir Cardiff þremur liðum sem eru að berjast við Cardiff um að bjarga sæti sínu í deildinni ásamt því að taka á móti Liverpool.

Eftir leikinn gegn Burnley um helgina bíður leikur gegn Brighton aðeins fjórum dögum síðar. Brighton hefur yfirleitt verið erfitt heim að sækja en eftir áramót hafa Brighton-menn aðeins unnið tvo leiki.

Fjórum dögum síðar kemur Liverpool í heimsókn áður en Cardiff fer í heimsókn til Fulham sem er þegar fallið niður í Championship-deildina.

Þá mætir Cardiff lærisveinum Roy Hodgson í Crystal Palace í síðasta heimaleik sínum áður en liðið heimsækir Manchester United í lokaumferðinni. Líklegt er að í þeim leik sé United að leika hreinan úrslitaleik upp á sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta ári.

Líklega þarf Cardiff, hið minnsta, að vinna þrjá af síðustu sex leikjunum til að halda sér í deild þeirra bestu á næsta tímabili og byrja á að vinna næstu tvo leiki við liðin sem eru rétt fyrir ofan Cardiff á töflunni.

Neil Warnock, knattspyrnustjóri Cardiff, sem var kærður af enska knattspyrnusambandinu fyrir ummæli sín eftir tapið grátlega gegn Chelsea virtist gera sér grein fyrir því að róðurinn væri orðinn ansi þungur hjá sínum mönnum.

„Þessir tveir leikir munu ráða úrslitum um tímabilið hjá okkur. Við erum að renna út á tíma og við þurfum einfaldlega að fá stig úr báðum leikjunum. Ég held að við þurfum hið minnsta tíu stig, þrjá sigra og eitt jafntefli til að bjarga okkur fyrir horn,“ sagði Warnock hreinskilinn á blaðamannafundi í gær.

Þetta er annað tímabil Cardiff í ensku úrvalsdeildinni eftir að liðið féll á vordögunum 2014 eftir stutt stopp í deild þeirra bestu.

kristinnpall@frettabladid.is



Aron Einar yfirgefur Cardiff í lok tímabilsins.


ÞRENNA 18GB í þrjá mánuði fylgir öllum símum í apríl
Við tileinkum apríl fermingarfólki. Falleg fermingartilboð á tilvöldum gjöfum og þrír mánuðir af Þrennu fylgja með keyptum símum. Með farsímaáskriftinni fylgir úrval af þáttum í Sjónvarp Símans-appinu.
15% afsláttur á Apple Airpods. Tilboðsverð 22.942 kr
iPhone 6S Tilboðsverð 49.990 kr.
iPhone XR Verð frá 124.990 kr.
Samsung S10 Verð frá 129.990 kr.
7:27
Premium
Kling Kling
Herra Hnetusmjör kannar hvar landsmenn fá mest fyrir peninginn.
Þættir í símann
Skoða allt
Futurama
Skoða allt
ÞRENNA
siminn.is

# TRAUSTIR BÍLAR O

# HJÁ BRIMBORG

### VOLVO V40 CC D2 MOMENTUM

2,0 Turbo dísil, 120 hö, sjálfskiptur

Búnaður innifalinn umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós með beygjustýringu, Led lýsing í innréttingu, Webasto vélarhitari, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

### FORD FIESTA TITANIUM

1,1 bensín, 85 hö, beinskiptur

Umferðaskiltalesari, ökumannsvaki, birtuskynjari fyrir aðalljós, hraðatakmarkari, upphitanleg framrúða, 8" snertiskjár, SYNC III raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu og 7 hátölurum, Bluetooth símabúnaður, Apple CarPlay, Android Auto, Ford MyKey, aksturstölva, 16" álfelgur, LED dagljós, Nálægðarskynjari að aftan og rafdrifin aðfelling útispegla, brekkuaðstoð.



**Páskatilboðsverð:**
**4.550.000 kr.**



**Páskatilboðsverð:**
**2.350.000 kr.**

**NOKKRAR UMSAGNIR ÚR DAGLEGUM ÞJÓNUSTUKÖNNUNUM BRIMBORGAR Í MARS OG APRÍL 2019:**

***„Frábærir bílar, góð þjónusta. Peugeot alla leið!"***

Friðrik Ómar Hjörleifsson

***„Góð reynsla, ánægjulegt."***

Bragi Snæþór Kristinsson

**„Mjög ánægður með alla þjónustu. Hjálpsemi, fagmennska og sanngirni."**

Tryggvi Rafn Tómasson

*„Ég hef ekkert nema gott af sölumönnum og öðrum þjónustustarfsmönnum verkstæðis Brimborgar að segja, allt frá því að ég eignaðist minn fyrsta Volvo árið 2007. Þeir hafa verið einstaklega liðlegir, traustir og skilningsríkir á vandræði mín og bílaþarfir, beint mér nákvæmlega á þá bíla sem hafa hentað mér hverju sinni og sýnt mikla sanngirni í öllum sínum viðskiptum."*

Gísli Sigurðsson

***„Hann nafni minn Haraldsson er frábær í viðmóti."***

Eiríkur Björn Barðason

**„Í fyrsta skipti að prófa Volvo og náði strax áhuga mínum. Búin að vera á sömu góðu jeppategundinni í 10 ár en nú er ég tilbúin í að skipta yfir í Volvo!!"**

Guðbjörg Sigríður Finnsdóttir

**„Frábær þjónusta frá fyrstu fyrirspurn til þess að ég fór á nýjum bíl frá ykkur."**

Davíð Jóhannsson

***„Mjög góð þjónusta, sem endaði með kaupum á nýjum bíl og afhendingu á miklum hraða. Menn tilbúnir að taka til hendinni fyrir landsbyggðarfólk."***

Haukur Guðjónsson

„Ég vil þakka Magnúsi fyrir að aðstoða mig við kaupin! Þetta kom mér skemmtilega á óvart því ég var alls ekki í bíla hugleiðinga skiptum. Magnús var einstaklega vinsamlegur. Takk fyrir mig. Ég er mjög ánægð með bílinn."

Jóhanna Stefánsdóttir

***„Frábær þjónusta í alla staði."***

Hilda Allansdóttir

**„Lipurð, starfsfólk reynir sitt allra besta til að verða að liði. Fékk bíl yfir helgi, 10 stjörnur."**

Marteinn A Marteinsson

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**brimborg.is**

# OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Framúrskarandi þjónusta er óaðskiljanlegur hluti af öruggum stað. Í Brimborg bjóðum við yfir 500 gerðir ríkulega búinna bíla á frábæru verði og við leggjum okkur öll fram um að tryggja öllum viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu. Við erum stolt af því að viðskiptavinir okkar hafa gefið okkur framúrskarandi einkunn og sent okkur mikinn fjölda lofsamlegra ummæla. Takk fyrir að leyfa okkur að birta þau.

**MAZDA2 NISEKO**

1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

SkyActiv spartækni, snjallhemlunar kerfi (SCBS), aksturstölva, Bluetooth snjallsímatenging, brekkuaðstoð, G-Vectoring með DSC stöðugleikakerfi og TCS spólvörn, loftkæling, nálægðarskynjarar að aftan, 7" snertiskjár í mælaborði, 15" álfelgur, stöðugleikastýrikerfi, veglínuskynjarar.

**PEUGEOT 3008 ALLURE**

1,2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur

Ökumannsvaki og veglínuskynjun, i-Cockpit stafrænt mælaborð, hraðastillir, 8" margmiðlunarskjár, þráðlaus símahleðsla, Mirror link, Apple CarPlay og Android Auto, 18" álfelgur, nálægðarskynjarar framan og aftan, bakkmyndavél.

**CITROËN C3 SHINE**

1,2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

7" snertiskjár, Mirror Link, Apple CarPlay og Android Auto, tvílitur- svartur toppur, Airbump® hlífðarklæðning á hliðum, spólvörn, tölvustýrð miðstöð með frjókorna og mengunarsíu, rafdrifnar rúður að framan og aftan, nálægðarskynjarar að aftan, regnnemi í framrúðu, 16" álfelgur.



**Páskatilboðsverð:**
**4.390.000 kr.**

**Páskatilboðsverð:**
**2.490.000 kr.**

**Páskatilboðsverð:**
**2.890.000 kr.**

## „Takk fyrir góða þjónustu hjá sölumönnum Mazda."

Sverrir Thoroddsen

*„Fagmannlegur, vinalegur og hreinskilinn sölumaður. Mjög ánægður í alla staði."*

Freyr Sigurðarson

**„Frábær þjónusta og sérstaklega þægilegt viðmót. Pétur [söluráðgjafi] á hrós skilið."**

Sigrún Þorleifsdóttir

***„Þjónustan hjá Brimborg er til fyrirmyndar. Ég hef ávallt fengið fyrirtaks þjónustu. Takk fyrir mig."***

Jón Kristinn Haraldsson

## „Snögg og góð þjónusta!"

Gunnar Freyr Einarsson

***„Pétur Mar er alveg sérstaklega þjónustulipur og gott að eiga samskipti við. Ef ég á eftir að kaupa fleiri bíla verður það örugglega Volvo. Það er alveg topp þjónusta hjá Brimborg."***

Kristján Sigurður Finnsson

## *„Mjög góð þjónusta! Ekkert bull, menn eru hreinskilnir og fá sko punkta fyrir það!"*

Garðar Axel Torfason

## „Einstök þjónusta."

Einar Þór Einarsson

**„Fékk frábæra þjónustu hjá honum Agli Sverrissyni, flottur sölumaður, mæli hiklaust með honum."**

Bernódus Alfreðsson

**„Virkilega ánægður með sölumanninn sem seldi mér bílinn og bílinn sjálfan. Á eftir að eiga viðskipti við ykkur aftur."**

Arnar Guðnason

Birt með góðfúslegu leyfi

**OPIÐ Í DAG KL. 12-16**

***– Komdu og upplifðu góða þjónustu hjá Brimborg í dag!***



# Heimssögulegur sjónvarpsviðburður

Aðdáendur Game of Thrones hér á landi eru í viðbragðsstellingum fyrir frumsýningu lokaþáttaraðarinnar aðfaranótt mánudags. Þrír þeirra segja frá því hvað það er sem heillar þá við þættina.

## Allt að verða sturlað



**Freyr Eyjólfsson**
dagskrárgerðarmaður RÚV

GOT er stór, epísk saga á borð við Njálu og verk Shakespeare. Draumar, spádómar, fyrirboðar, valdabarátta og miskunnarlaus átök. Þótt sagan sé full af útúrdúrum, aukapersónum, hliðarsögum – þá er hún þaulhugsuð, allt frá upphafi. Nú er búið að „klippa í burt“ alla útúrdúra, það er búið að einfalda söguna, lokabaráttan er fram undan. Við Næturkonunginn og uppvakningaher hans. Það á eftir að taka sinn toll hjá Jon Snow og Daenerys Targaryen. Síðan tekur við slagur milli drottninganna tveggja. Ég vona að GOT haldi áfram að koma mér á óvart. Ég býst ekki við neinum farsælum endi, býst við að drekarnir deyi, sem og Jon Snow.

Ég hef lesið bækurnar sem mér finnst fantavel skrifaðar. Þótt höfundurinn fari oft á flug og fari í margar áttar, þá er sagan alltaf á leiðinni eitthvert. Þarna eru stórkostlegar persónur. GOT-sagan hefur hingað til verið algjörlega ófyrirsjáanleg, persónurnar eru ekki svart/hvítar, þær breytast, taka jafnvel hamskiptum, eru flestar svona á gráa skalanum, góðar/vondar. Ég held mest upp á dverginn Tyrion. Mig grunar að höfundurinn George R.R. Martin sé að troða sér inn í verkið í gegnum þessa persónu. Breyskur, fyndinn, klókur, bæklaður og algjörlega óvæntur. Mér finnst líka geldingurinn og ráðgjafinn Varys mjög spennandi persóna sem og hin dularfulla galdrakona Melisandre.

Hér í Brooklyn er allt að verða sturlað fyrir sunnudaginn. GOT-veislur, spurningakvöld, GOT-partí. Ég er nú ekki mikill sjónvarpssjúklingur, horfi frekar lítið á sjónvarp, en ég er að hanna meiri háttar heimabíó fyrir þennan heimssögulega sjónvarpsviðburð.“

ÉG ER AÐ HANNA MEIRI HÁTTAR HEIMABÍÓ.



## Áhugaverðar og fjölbreyttar kvenhetjur



**Freyja Steingrímsdóttir**
aðstoðarmaður formanns Samfylkingarinnar

Ætli þetta sé ekki einn besti tilbúni heimur sem maður hefur t.d. séð í sjónvarpsþætti eða bíómynd. Söguþráðurinn heldur manni á tánum, maður veit aldrei við hverju maður á að búast, og sögupersónurnar hafa dýpt og þróast með þáttunum, að minnsta kosti þær sem fá að lifa. Það eru líka töluvert fleiri áhugaverðir kvenkyns karakterar í þáttunum en flestum öðrum; þær eru vondar, góðar, sterkar, veikar, ljótar, fallegar, skemmtilegar og leiðinlegar, ungar og gamlar.

Þetta verður rússíbani. Ég býst við mikilli spennu og stórkostlegu sjónarspili. Þetta eru auðvitað fáir þættir svo það verður örugglega smá sorgarferli þegar þetta klárast eftir nokkrar vikur.

Ég á í eins konar „love-hate“ sambandi við Sönsu. Mér finnst hún frekar leiðinleg týpa en held samt með henni. Reyndar á það við um fleiri karaktera. Þeir eru yfirleitt flóknir þannig að skilin milli „góða“ fólksins og „vonda“ fólksins eru óskýrari en í flestum öðrum sögum og þáttum. Af þeim sem eru á lífi er ég hrifnust af Tyrion, Danaerys og Aryu. Ygritte og Hodor voru í uppáhaldi þar til manni var gerður sá óleikur að þau voru drepin.“

ÉG Á Í EINS KONAR LOVE-HATE SAMBANDI VIÐ SÖNSU.



## Tekur glósur meðan hann horfir



**Samúel Karl Ólason**
blaðamaður á Vísi

Í stuttu máli sagt, þá vænti ég þess að þetta verði besta sjónvarp sögunnar og að hausinn á mér springi. Í lengra máli þá vænti ég þess að öskra úr spennu, öskra vegna reiði, verða sorgmæddur og tárast jafnvel.

Það allra besta við þessa þætti að mínu mati eru einstaklega vel skrifaðar og trúverðugar persónur. Yfir árin hafa áhorfendur fengið sífellt meiri innsýn í af hverju þær haga sér eins og þær gera og af hverju þær taka þær ákvarðanir sem þær taka.

Til dæmis eru fáir „vondir karlar“ sem eru vondir til þess að eins að vera vondir eins og lenskan er oft í kvikmyndum og öðrum þáttum. Það hafa allir einhver markmið og baksögu sem útskýrir þau markmið. Nema kannski Ramsay Bolton og Joffrey Baratheon. Þeir voru bara hreinræktaðir drullusokkar en sem betur fer eru þeir dauðir.“

*Ætlar þú að gera þér glaðan dag þegar fyrsti þátturinn verður sýndur?*
Þar er ég í bölvuðu basli. Ég á að mæta í vinnu klukkan sex á mánudaginn og kemst ekki upp með að bíða með að horfa á þáttinn. Því ætla ég að fara að sofa upp úr kvöldmat, vakna klukkan fjögur og horfa áður en ég fer í vinnuna. Auk þess á ég erfitt með að gera mér glaðan dag þegar ég horfi á Game of Thrones því ég tek glósur.

ÞÁ VÆNTI ÉG ÞESS AÐ ÖSKRA ÚR SPENNU, ÖSKRA VEGNA REIÐI ...



-18 KR.

-18 KR.

-18 KR.

# Ofurdagur á Orkunni!

Í dag er Ofurdagur á öllum stöðvum Orkunnar og þá fá allir lykil- og korthafar 18 kr. afslátt af hverjum eldsneytislítra.*

*18 kr. afslátturinn bætist ekki við annan afslátt og gildir einungis fyrir kort/lykla Orkunnar og staðgreiðslukort Skeljungs. Afslátturinn gildir ekki á Orkunni X.

ORKAN

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Peter og Eva hafa ekki rekist á huldufólk við hamrana. „Ætli það sé ekki að fela sig," segir Peter og kímir. MYND/SIGURÐUR GUNNARSSON

# Draumur sem varð að veruleika

**Eva Bjarnadóttir**, listakona á Fagurhólsmýri, hlaut nýlega Menningarverðlaun Hornafjarðar fyrir að ráðast í upplyftingu gamals sláturhúss og gæða það nýju lífi.

Fyrir mér var það fjarlægur æskudraumur að flytja í sveitina," segir Eva Bjarnadóttir á Fagurhólsmýri í Öræfum og segir það hafa verið að frumkvæði Peters, unnusta hennar, að þau fóru að hugsa um þann möguleika fyrir alvöru.

Nú búa þau aðeins utan alfaraleiðar, undir hamrabelti rétt við flugvöllinn. Tveir höfðar setja svip á umhverfið, Salthöfði í austri og Ingólfshöfði í suðri. Þarna hafa þau fest kaup á gömlum byggingum kaupfélagsins, verslunarhúsi og sláturhúsi, og hafið endurbætur á því síðarnefnda. Við vesturgafl þess eiga þau nú fallegt heimili á fáum fermetrum og draum um framtíð á staðnum.

Eva ólst upp í Reykjavík en kveðst oft hafa verið hjá ömmu sinni og afa, Guðmundu Jónsdóttur og Sigurgeiri Jónssyni á Fagurhólsmýri. Eftir nám í kjólasaumi við Iðnskólann og ár í textíldeild Myndlistarskólans í Reykjavík lá leiðin í Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam og þaðan útskrifaðist hún sumarið 2016 eftir fjögurra ára nám í myndlistardeild.

### Kynntust á togara

Peter er fæddur og uppalinn í Svíþjóð, í smábæ við Sundsvall sem heitir Bergeforsen. Hann kveðst hafa verið í íshokkí sem barn og fram á fullorðinsár. „Það er handboltinn okkar," útskýrir hann. Eftir menntaskóla tók hann áfanga í matreiðsluskóla og vann síðan við eldamennsku á skíðasvæði í Vemdalen í nokkur ár.

*En hvernig kynntust þau?*

„Peter var í vinnu sem háseti á norskum frystitogara, Langvin, sem gerður var út frá Álasundi. Mér datt í hug að sækja um hjá einhverri norskri útgerð eftir tvo túra í lausamennsku í Eyjum og eftir ótal símtöl hafði útgerðarmaðurinn í Álasundi samband og spurði hvort ég gæti mætt í flug daginn eftir og tekið sex vikna túr. Ég gekk að því. Ári seinna, þegar ég var búsett í Reykjavík, þurfti Langvin að stoppa þar því trollið hafði rifnað, þá hafði Peter samband og við hittumst á kaffihúsi," rifjar Eva upp.

„Við bjuggum saman í Amsterdam seinni tvö skólaárin hennar Evu," segir Peter. „Ég var enn á sjó og ekki bundinn ákveðnum stað. Var búinn að heimsækja Evu tvisvar til Íslands og kynnast samfélaginu í Öræfum örlítið og mér fannst áhugavert að flytja hingað."

„Pálína Þorsteinsdóttir, þáverandi skólastjóri, hafði veður af áformum okkar. Hún bauð okkur að koma inn í skólastarfið veturinn 2016-2017 og það varð til þess að við ákváðum að tvínóna ekki," segir Eva. „Pálmi Guðmundsson kaupfélagsstjóri var okkur velviljaður og við eignuðumst þessi gömlu hús sem ég hafði alist upp við að væru yfirgefin – og þvælst um, auðvitað í óleyfi – þau voru alltaf eins og strönduð í tíma og hvað er meira spennandi en tímaflakk!" „Gömlu búðina ætlum við að gera að íbúðarhæfu húsnæði," segir Peter. „En það þarf eiginlega að taka hana í gegn frá grunni til að hægt sé að láta þann draum rætast."

### Búin að skafa gólf og veggi

Sláturhúsið er fyrst og fremst vinnustofa. „Enn sem komið er er þetta eingöngu vinnustofa okkar Peters en með tíð og tíma höfum við áhuga á að opna hér gestavinnustofu fyrir listamenn og þegar við verðum búin að koma okkur fyrir í gömlu búðinni þá opnast möguleikar á að hýsa fólk í litla húsinu sem við búum í í dag. Fyrsta árið fór að mestu í að byggja það og vinna í skólanum, en á meðan bjuggum við hjá ömmu," segir Eva.

Þau eru búin að rífa niður það sem var að hruni komið í sláturhúsinu, skafa gólf og veggi, þrífa og klæða að innan það sem brýnt var að loka af. „Húsið er illa farið að utan og margt er ógert en við erum sæmilega afslöppuð yfir því," segir Eva. Þau hafa gert mestallt sjálf, að undanskildum rafmagnsviðgerðunum. „Síðan höfum við fengið ómetanlega aðstoð frá sveitungum þar sem við höfum strandað," tekur hún fram.

*En hvaða tegund listar fást þau við?*

„Ég er ekki bundin af neinu einu, en er hrifin af þeim óþrjótandi efnivið sem er til staðar í þessum gömlu húsum," segir Eva. „Svo er ég að skoða möguleikana sem lúpínan býður upp á. Peter hefur komið sér upp aðstöðu til járnsmíði sem hann hefur verið að prófa sig áfram með. Hann hefur sótt námskeið bæði á Seyðisfirði og í Tækniskólanum í Hafnarfirði. Síðan fékk hann til afnota gamla smiðju sem langafi minn, Jón Oddsson á Malarási, átti og kom henni í gagnið hér í sláturhúsinu."

Þau hafa þegar efnt til viðburða í sláturhúsinu. „Við opnuðum í ágúst og buðum sveitungum, gestum og gangandi að njóta með okkur myndlistar, tónlistar, matar og samverustunda. Ungur tónlistarmaður, Arnaldur Ingi Jónsson sem kallar sig Dread Lightly, kom fram og móðir mín, Jónína Sigurgeirsdóttir, spilaði á harmóníku. Svo var saga sláturhússins rifjuð upp með vísnabálki, frásögn og myndbandi," lýsir Eva og heldur áfram: „Við höfum líka staðið fyrir umræðukvöldi um jarðgerð,

**FÓLKI ER VELKOMIÐ AÐ HAFA SAMBAND, VIÐ TÖKUM MEÐ GLÖÐU GEÐI Á MÓTI ÞEIM SEM HAFA ÁHUGA Á SÖGU STAÐARINS, MYNDLIST, JÁRNSMÍÐI, BÝFLUGUM EÐA VILJA DREKKA MEÐ OKKUR KAFFI … EN ÉG Á EKKI VON Á ÞVÍ AÐ VIÐ SETJUM UPP SKILTI.**

þar sem Hafdís Roysdóttir í Svínafelli og Viktoría Gilsdóttir fræddu fólk."

Í júní verður Eva með sýningu í galleríinu Midpunkt í Kópavogi. Hún er nýkomin úr þriggja vikna útlegð á Seyðisfirði þar sem hún tók þátt í prentvinnustofu á vegum Skaftfells. „Þar var ég að prenta ljósmyndir frá fyrri tíð og gamla pappíra héðan úr gömlu húsunum með ryði sem litarefni og eggjarauðu sem



Litla húsið þeirra Evu og Peters ber í Blesaklett. Peter stendur í einum af dyrum sláturhússins – í lopapeysu, enda hráslagi. MYND/EVA

bindi. Í sumar ætlum við að standa fyrir eins konar víðavangshlaupi á Skeiðarárbrú og á Skeiðarársandi og í haust tek ég þátt í samsýningu í Listasafni Árnesinga. Hin árlega bókakynning Sæmundar verður svo á jólaföstunni í samstarfi við Ungmennafélagið."

*Nú er mikill ferðamannastraumur um Öræfin. Skyldu þau Eva og Peter ætla að setja skilti upp við þjóðveg og beina umferð til sín?*

„Fólki er velkomið að hafa samband, við tökum með glöðu geði á móti þeim sem hafa áhuga á sögu staðarins, myndlist, járnsmíði, býflugum eða vilja drekka með okkur kaffi … en ég á ekki von á því að við setjum upp skilti," svarar Eva sem segir alltaf þó nokkra koma niður fyrir hamrana yfir sumartímann en umferð um flugvöllinn sé ekki teljandi, hann sé þó valtaður einu sinni á ári.

### Vinna utan heimilis

Eins og nærri má geta er umhverfið og veðurfarið á Fagurhólsmýri ólíkt því sem Peter ólst upp í, en hann er ekkert banginn yfir því. „Ég er uppalinn í skóginum þar sem er skjólsælt og mikið dýralíf. Hér er víðátta, mikill vindur og tré eru fáséð en ég kann vel við mig og líður vel í lopapeysu!"

Undanfarin tvö ár hefur Peter séð um akstur í sveitinni fyrir grunnskólann í Hofgarði. „Ég byrjaði á því að taka að mér leikfimi, matreiðslu og stuðningskennslu við skólann, ásamt því að sinna leikskólastörfum fyrstu tvö árin í skólanum. Á þessu ári hef ég síðan séð um eldamennsku og skólaakstur, ásamt því að kenna leikfimi," lýsir hann en segir ekki alltaf fært á milli bæja í sveitinni vegna hvassveðurs. Eva kveðst undanfarin tvö ár hafa verið deildarstjóri á leikskólanum en á þessu ári minnkað við sig svo nú vinni hún þar tvo daga í viku.

Ekki er sjónvarp í litla húsinu þeirra. „Við lesum, spilum og horfum á bíómyndir og þætti í tölvunni. Mest hlustum við á útvarp eða podkóst," segir Eva. Þegar talið berst að félagslífi telja þau bæði eftirsóknarvert að vera staðsett fyrir utan hina hefðbundnu hringiðu en viðurkenna að félagslíf í sveitinni sé fábreytt. „Hér eru samt fastir viðburðir sem flestir mæta á. Margir þeirra eru hluti af skólastarfinu og það hefur verið notalegt að vera beinn þátttakandi í því starfi. Síðan er það bara frumkvæðið sem gildir. Ungmennafélagið er oftast tilbúið til að styðja við þá sem finna upp á einhverri afþreyingu eða skemmtunum og svo hefur fjallamennskan verið áberandi afl undanfarin ár, bæði sem leið til þess að skapa afkomu en einnig sem afþreying þeirra sem búa hér. Nýverið var stofnað hér Klifurfélag Öræfa," lýsir Eva.

Þau hjúin halda landnámshænur og brátt bætast býflugur í bústofninn enda hefur Peter verið á býflugnanámskeiði hjá Agli Sigurgeirssyni lækni. „Það er heilmikill spenningur hjá okkur að fá þessa 15.000 nýbúa í nágrennið," segir hann. En Eva verður fyrir svörum þegar ég spyr hvernig þau sjái sumarið fyrir sér. „Vonandi náum við að ferðast eitthvað hér innanlands, helst norður eða á Vestfirði, en tíminn mun að mestu fara í undirbúning á næstu viðburðum og áframhaldandi uppbyggingu hér heima við."




Húsbúnaðarverslunin **home&you** opnar í Skeifunni 11 kl. 11 í dag. **home&you** býður einstakt úrval af heimilisvörum fyrir stofuna, svefnherbergið, barnaherbergið, eldhúsið, borðstofuna og baðherbergið. **home&you** rekur yfir 150 verslanir í 10 löndum og er verslunin að Skeifunni 11 fyrsta **home&you** verslunin á Norðurlöndunum. Við tökum vel á móti ykkur.

*There's no place like home&you*

Skeifan 11b • 105 Reykjavík • f home&youiceland • homeandyou_iceland

home®
&you

# Við se

Í tilefni af tímamótasamningum verður vöffluilmur í loftinu hjá BL í apríl og sölumenn okkar búa sig undir ánægjulega samningalotu. Við bjóðum ykkur velkomin í vöfflukaffi og reynsluakstur og að skoða tilboð á nýjum bílum sem bætt geta lífsgæðin í sumar.




ENNEMM / SÍA / NM93427

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516


OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
mjum
ALLT AÐ
700.000 KR. AFSLÁTTUR
NISSAN QASHQAI
Tekna, 2WD, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: 4.250.000 kr.
Verð áður frá: 4.950.000 kr.
AFSLÁTTUR
700.000 KR.
NISSAN NAVARA
Tekna, ssk., dísil, dráttargeta 3.500 kg
TILBOÐSVERÐ: 6.990.000 kr.
4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN
Verð áður frá: 7.490.000 kr.
AFSLÁTTUR
500.000 KR.
NISSAN MICRA
Tekna, beinskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: 2.750.000 kr.
Verð áður frá: 3.090.000 kr.
AFSLÁTTUR
340.000 KR.
QASHQAI
NAVARA
MICRA
NISSAN X-TRAIL
Tekna, 7 sæta, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: 6.490.000 kr.
4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN
Verð áður frá: 7.190.000 kr.
AFSLÁTTUR
700.000 KR.
X-TRAIL
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
Athugið að kjörin gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni. Í sumum tilfellum er einungis um einn bíl að ræða.
Búnaður bílanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er innifalinn í auglýstu verði.



Gunnþórunn, Kristín Andrea, Margrét og Þóra eru sannfærðar um að umfang Landakotsmálsins hafi ekki komið fram áður og það sé umfangsmeira en áður var talið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þetta er ekki bara reykvísk saga

**Gunnþórunn Jónsdóttir** og **Þóra Tómasdóttir** blaðamenn, **Margrét Örnólfsdóttir** handritshöfundur og **Kristín Andrea Þórðardóttir** framleiðandi, vinna með Skot Productions að gerð heimildarþátta um ofbeldi séra George og Margrétar Müller í Landakotsskóla. Þær kalla eftir fleiri frásögnum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það eru tæplega átta ár síðan kynferðisbrot séra George, fyrrverandi skólastjóra Landakotsskóla, og Margrétar Müller, kennslukonu við skólann, komu upp á yfirborðið. Þóra Tómasdóttir, þá blaðamaður á Fréttatímanum, sagði á þeim tíma frá því að fagráð á vegum innanríkisráðuneytis hefði til meðferðar kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í skólanum. Þolendur stigu fram og sögðu sögu sína í blaðinu.

Í ljós kom að kaþólska kirkjan var frá árinu 1963 ítrekað upplýst um framferði séra George en aðhafðist ekkert og hann hélt áfram að kenna börnum. Þolendur lýstu samtölum við presta kirkjunnar sem sögðu þeim einfaldlega að fyrirgefa séra Georg. Sérstök rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar var sett á laggirnar til að kanna viðbrögð kirkjunnar manna við þessum frásögnum og komst hún að því að biskupar og starfsmenn kirkjunnar brugðust skyldum sínum og tóku þátt í að hylma yfir brot gegn börnunum.

Ríkið áætlar að greiða hátt í 40 þolendum tæplega 300 milljónir í sanngirnisbætur vegna málsins. Sérstaka athygli vakti þó að kaþólska kirkjan sendi á sínum tíma frá sér yfirlýsingu þess efnis að henni bæri ekki skylda til að greiða bætur vegna málsins. Hún hefur þó greitt nemanda bætur vegna kynferðisofbeldis, en um er að ræða lágar fjárhæðir.

Formlegum tengslum Landakotsskóla og kaþólsku kirkjunnar var slitið árið 2005 og skólinn er í dag sjálfseignarstofnun með allt aðrar áherslur en fyrri skóli. Séra George lést árið 2008 og Margrét Müller framdi sjálfsmorð fáeinum vikum síðar. Hún kastaði sér úr turni skólans þar sem séra George hafði leyft henni að búa, að vísu í óþökk margra starfsmanna skólans.

Þær Gunnþórunn, Þóra, Margrét og Kristín Andrea sem standa að heimildarþáttunum um þessa sögu eru sannfærðar um að umfang málsins hafi ekki komið fram áður. Íslenska ríkisstjórnin hafi þó unnið af myndarskap í að rannsaka málið og breytt lögum sérstaklega til að geta greitt Landakotsbörnum sanngirnisbætur.

Kaþólska kirkjan hafi ekki gengist fyllilega við ábyrgð sinni í málinu. Það þurfi að tengja Landakotsmálið við kerfisbundið ofbeldi gegn börnum sem viðgekkst í skjóli kirkjunnar víða um heim .

## Sagði upp vinnunni fyrir verkið

Gunnþórunn á hugmyndina að verkinu og hafði samband við framleiðslufyrirtækið Skot Productions. Kristín Andrea tók að sér að framleiða verkið. Seinna komu Margrét og Þóra inn í teymið.



Margrét Müller. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Séra Georg við kennslu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**Gunnþórunn:** „Þegar Þóra afhjúpaði þetta mál á sínum tíma fékk það mikið á mig. Ég gekk í þennan skóla alla mína barnæsku, frá fimm ára til fimmtán ára. Margrét Müller kenndi mér þegar ég var átta ára gömul og séra George var skólastjórinn minn þar til ég varð tólf ára. Ég var barnshafandi að frumburði mínum þegar málið kom upp og fékk martraðir um þetta fólk í marga mánuði. Ef ekki ár. Ég laumaðist inn í skólann með bróður mínum þetta sumar eftir umfjöllun Fréttatímans og vildi ganga um skólann til þess að athuga hvort ég myndi eftir einhverju óvenjulegu. Það hvarflaði nefnilega aldrei að mér að ofbeldið sem þau beittu hefði verið kynferðislegt. En allir vissu að Margrét gat verið grimm við börn.

Ég gisti sjálf í turninum hjá Margréti og fór tvisvar sinnum í sumarbúðirnar í Riftúni þar sem maður varð vitni að alls kyns andlegu ofbeldi en sem saklaust barn er erfitt að gera sér í hugarlund hvort svona hegðun sé eðlileg eða ekki. Ég áttaði mig í raun ekki á því fyrr en mörgum árum seinna. Ég var mikið í kringum þetta fólk. Það má því segja að þetta mál hafi heltekið mig. Ég fylgdist með því hvernig það þróaðist í fjölmiðlum, þeim brotaþolum sem stigu fram og á ákveðnum tímapunkti fannst mér að það þyrfti að setja þetta umfangsmikla mál í samhengi og gera það upp . Ég sagði upp vinnunni minni á Morgunblaðinu til margra ára og settist á skólabekk í kvikmyndagerð. Í raun og veru til þess eins að afla mér þekkingar til þess að geta unnið að þessu eina verkefni. Ég leitaði svo til góðra vina, Ingu Lindar Karlsdóttur og Hlyns Sigurðssonar hjá Skot Productions, til að framleiða með mér.“

**Þóra:** „Ég var fengin í þetta verkefni af því að ég hafði fjallað mikið um það áður. Ég hafði áður gert atlögu að því að berja saman heimildarverk um Landakotsmálið. Mig hefur lengi langað til að gera því almennileg skil hvernig starfsfólk kaþólsku kirkjunnar fékk óáreitt að beita skólabörn hrottafengnu ofbeldi svo áratugum skipti. Nú virðist tími til kominn að horfast í augu við afleiðingarnar.“

**Kristín Andrea:** „Við teljum heimildarmyndaformið það sterkasta til að gera þessu máli góð skil og reyna að teikna upp heildar-

> KAÞÓLSKA KIRKJAN HÉR Á LANDI HEFUR VERIÐ NÁTENGD KIRKJUNNI Í HOLLANDI OG Í BANDARÍKJUNUM. ÞAR HAFA KOMIÐ UPP GRÍÐARLEGA MÖRG BARNANÍÐSMÁL.


VÍKING
BRUGGHÚS
KRÓNAN
GOT
Þú getur horft á fyrri þáttaraðir á
MARAÞON
HEIMSFRUMSÝNING
Á SAMA TÍMA OG Í USA
SUNNUDAGSNÓTT
KL. 01:00
ENDURSÝNING
MÁNUDAG
LOKASERÍA
15. APRÍL
HEIMILI
HBO
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

mynd af því sem viðgekkst innan skólans í áratugi. Það er mikill munur á því að lesa viðtal við manneskju í blaði og að sjá hana segja frá því í heyranda hljóði og mynd. Sá sem segir frá getur komið upplifun og tilfinningum betur frá sér á þann hátt. Tónn í rödd og svipbrigði geta oft sagt meira en orðin sjálf.“

**Kirkjan maldaði í móinn**

Margrét hefur yfirumsjón með handriti heimildarverksins. Hún er einn reyndasti handritshöfundur landsins en þetta er í fyrsta sinn sem hún vinnur með raunverulega atburði.

**Margrét:** „Þetta mál er náttúrulega ofboðslega umfangsmikið og ég var fengin inn til að þess að velja frásagnaraðferðina, sjónarhorn og framvindu. Það er algjörlega nýtt fyrir mér að vinna heimildarverk með þessum hætti en ég hef verið í skáldskap hingað til. Ég þurfti fyrst að átta mig á því hvernig maður skrifar handrit að einhverju sem er ekki orðið því við erum enn í rannsóknarvinnu. Við höfum í sameiningu reynt að búa til strúktúr en vitum allar að hann á eftir að breytast því þetta er lifandi ferli.“

Í rannsóknarvinnu sinni hafa þær komist að því að það er langt í land að málið sé að fullu uppgert.

**Þóra:** „Þeir þolendur sem vildu opna þetta mál stigu fram árið 2011 og í kjölfarið var stofnuð óháð rannsóknarnefnd sem Hjördís Hákonardóttir leiddi. Rannsóknarnefndin ræddi við 85 einstaklinga og niðurstaða nefndarinnar var áfellisdómur yfir kirkjunnar mönnum. Kaþólska kirkjan maldaði í móinn og brást við með því að stofna sitt eigið fagráð til að skoða málið betur. Afrakstur ráðsins var aldrei gerður opinber.

Það er ekki endilega markmið okkar að rannsaka málið alveg upp á nýtt. Mér finnst ég hins vegar þurfa að rísa undir ábyrgðinni sem því fylgir að hafa verið treyst fyrir þessu máli.

**Fjörutíu ára saga ofbeldis**

Við höfum því varið drjúgum tíma í að skoða það betur, púsla brotakenndum frásögnum saman í eina heild og setja í samhengi við það sem hefur fengið að grassera innan kaþólsku kirkjunnar víða um heim. Landakotsmálið er að minnsta kosti fjörutíu ára samfelld saga ofbeldis. Þar sem börn voru undir hælnum á manni sem var staðgengill biskupsins. Við vitum talsvert meira núna eftir að hafa rannsakað málið í meira en ár en eftir að ég hætti að skrifa um það í blöðin fyrir nokkrum árum.

Því miður virðist vera að það sé endalaust hægt að finna fjölskyldur sem urðu fyrir áhrifum, beinum og óbeinum. Við höfum heyrt margar fjölskyldusögur sem hafa endað illa.“

**Gunnþórunn:** „Það komu upp endalausir þræðir sem við höfum verið að fylgja frá því að við hófum rannsókn á ný á málinu. Ofbeldið stóð yfir í svo langan tíma og snerti svo ótrúlega marga. Ef maður hittir einhvern í Reykjavík, þá er nokkuð víst að það er einhver tenging. Þetta mál er órjúfanlegur hluti af sögu Reykjavíkur og spannar hátt í 40 ár.“

**Málið er alþjóðlegt**

Þær eru sammála um að þáttur kaþólsku kirkjunnar sé það sem almenningur viti hvað minnst um.

**Kristín Andrea:** „Það sem við vitum hvað minnst um er hlutverk kirkjunnar í þessu máli. Við vitum að það átti sér stað yfirhylming. Kirkjan stendur vörð um sitt fólk og hefur aldrei almennilega viðurkennt sinn þátt.“

**Þóra:** „Kaþólska kirkjan hér er varla öðruvísi en úti í heimi. Það sem gerðist hér á Íslandi er lýsandi fyrir mynstur sem viðgekkst víðar innan kirkjunnar. Þetta er ekki reykvísk saga, hún teygir sig til Hollands, til Evrópu og víðar.



Illska sprettur ekki úr tómarúmi, það er rannsóknarverkefni að reyna að átta sig á því hvað leiðir til ofbeldisverka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **OKKUR FINNST MIKILVÆGT AÐ VITA MEIRA UM BAKGRUNN ÞESSA FÓLKS OG HVAÐ MÓTAÐI ÞAÐ.**

**Gunnþórunn:** „Landakotsmálið er alþjóðlegt mál. Þessi mál koma upp í kaþólsku kirkjunni um allan heim. Alls staðar sömu sögurnar. Sömu aðstæður, sama mynstur.“

**Kristín Andrea:** „Kaþólska kirkjan hér á landi hefur verið nátengd kirkjunni í Hollandi og í Bandaríkjunum. Þar hafa komið upp gríðarlega mörg barnaníðsmál. Þótt þetta sé lítið útibú hér á Íslandi, þá er það hluti af þessari alþjóðlegu stofnun. Leyndarhyggjan er mikil og það er þekkt mynstur erlendis að þegar prestar hafa gerst sekir um að brjóta gegn börnum hafa þeir verið sendir í aðra sókn eða til annarra landa. Í raun bara færðir til í refsingarskyni.“

**Refsi fyrir yfirhylmingar**

Málin sem hafa komið upp síðustu ár varða tugþúsundir þolenda kynferðisofbeldis presta kaþólsku kirkjunnar.

Seint í febrúar lofaði Frans páfi að mæta ofbeldismönnum með „reiði guðs“ og að binda enda á að hylmt væri yfir kynferðisbrot innan kirkjunnar. Fórnarlömbin skyldu sett í forgang. Aldrei aftur yrði hylmt yfir kynferðisbrot. Frans páfi tók sterkt til orða og sagði að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum minnti sig á hefðir um mannfórnir. Þeir prestar sem væru sekir um slíkt ofbeldi væru „verkfæri satans“.

**Kristín Andrea:** Það er áhugavert að fylgjast með því sem er að gerast í Páfagarði. Frans páfi virðist vera að gera skurk. Það hafa verið afhjúpanir í mörgum löndum og ég hugsa að kirkjan skynji vel þörfina á að gera eitthvað afgerandi. En skyldi það vera hægt? Það virðist margt rotið í þessu samfélagi og kannski verður að breyta stofnuninni í þeirri mynd sem hún er. Þessi mál koma sífellt upp, gömul og ný, og prestarnir halda áfram að hafa beint aðgengi að börnum.“

**Þóra:** „Ef við tölum um brotin í Landakoti þá eru þau fyrnd og gerendurnir látnir. En nú er þróunin sú að mönnum er ekki bara refsað fyrir að fremja brotin heldur líka fyrir það að hylma yfir þau. Hvað varðar kaþólsku kirkjuna hér á landi þá tóku starfsmenn kirkjunnar þátt í að hylma yfir brotin og fjarlægja sönnunargögn. Sumir þeirra eru enn að störfum.“

**Kristín Andrea:** „Og það er það sem við eigum við með að kaþólska kirkjan hafi í raun ekki viljað gera málið upp eða gengist við þeim brotum sem voru framin.“

**Smánarlegar upphæðir**

**Þóra:** „Upphæðirnar sem kaþólska kirkjan greiddi voru smánarlegar. Þær bætur sem greiddar voru þolendum voru greiddar af ríkinu og þar með okkur skattgreiðendum.“

**Gunnþórunn:** „Markmið okkar núna er að fólk fái tækifæri til að gera upp þessa tíma og deila sinni sögu. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að þetta mál var afhjúpað. Alls konar byltingar hafa átt sér stað og fólk hefur risið upp gegn hvers kyns mismunun. Við höfum nú þegar rætt við fjölmarga vegna málsins sem hafa treyst okkur fyrir sínum sögum og erum við afar þakklátar því trausti. Við óskum þess einlæglega að ef fleira fólk er tilbúið til að deila sinni sögu, að hafa samband við okkur og leggja okkur lið í rannsóknarvinnunni.“

**Margrét:** „Og í raun ætti kaþólska kirkjan að grípa þetta tækifæri líka því hún verður að leysa úr þessum málum.“

**Þóra:** „Við hvetjum alla þá sem vita af einhverju sem hefur átt sér stað að láta okkur vita. Við vitum líka að margir áttu góðan tíma í skólanum og að kirkjan reyndist þeim vel.“

**Fóru á slóðir séra George**

Rannsóknarvinnan teygir sig út fyrir landsteinana. Séra George var fæddur í Hollandi árið 1928 og gekk í drengjaskóla í Montfort-reglunni. Hann var vígður til prests í Oirschot í Hollandi árið 1956 og kom til Íslands í kjölfarið og fór að kenna í Landakotsskóla. Margrét Müller var fædd í Essen í Þýskalandi og flutti til landsins 1954. Vann í fyrstu á St. Jósepsspítala en færði sig yfir í Landakotsskóla.

Fjórmenningarnir fóru til Hollands skömmu fyrir áramót ásamt Bjarna Felix tökumanni til þess að rýna í æskuár og uppvöxt séra George.

**Margrét:** „Við erum að gera okkur gleggri mynd af þessu fólki. Hingað til hafa þau verið nánast eins og þjóðsagnapersónur. Og það eru sífellt að bætast mikilvæg brot inn í þá mynd. Auðvitað fáum við margar lýsingar frá fyrrverandi nemendum þeirra en við höfum líka talað við samstarfsfólk og aðra sem þekktu þau sem fullorðið fólk. Okkur finnst mikilvægt að vita meira um bakgrunn þessa fólks og hvað mótaði það.“

**Kristín Andrea:** „Við fórum til Hollands í rannsóknarferð í desember og fengum til liðs við okkur Bjarna Felix Bjarnason kvikmyndatökumann. Séra George var frá Suður-Hollandi sem mætti kalla eins konar biblíubelti þar í landi. Þar er kaþólski hluti Hollands og við ferðuðumst meðal annars á hans æskuslóðir.“

**Gunnþórunn:** „Við höfum skýrari mynd af því núna hvernig maður séra George var þegar hann kom til Íslands árið 1956 enda hittum við marga samferðamenn hans á ferð okkar sem voru tilbúnir til að ræða við okkur. Það var í raun eins og við hefðum verið leidd í gegnum þessa ferð. Það er einnig áhugavert að skoða bakgrunn Margrétar, sem ólst upp í Þýskalandi á stríðsárunum.“

**Kristín Andrea:** „Við erum í góðu sambandi við þá sem hafa rannsakað stórfelld kynferðisbrot gegn börnum í kaþólsku kirkjunni í Hollandi. En að minnsta kosti 20 þúsund börn urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi innan kirkjunnar þar í landi frá stríðslokum.“

**Trúin verður valdbeitingartæki**

Og hvað með innræti þeirra? Veltið þið upp spurningum um illskuna í samhengi við trú?

**Margrét:** „Trúin hlýtur að spila stóran þátt. Hún verður valdbeitingartæki. Þá er ég ekki bara að tala um þau mál sem við erum að skoða. Það virðist vera algilt í þessu veldi trúarinnar. Því tæki er beitt til þess að ná valdi yfir fórnarlömbunum.

Þau bregðast börnunum, það verður algjört rof á trausti. Hvað varðar illskuna þá er eðlilegt að fólk velti þessu fyrir sér. Hvernig getur manneskja gert annarri manneskju þetta? Og sérstaklega barni. En illska sprettur ekki úr tómarúmi. Það er rannsóknarverkefni að reyna að átta sig á því hvað leiðir til ofbeldisverka á borð við þau sem um ræðir hér.

Þegar þetta mál kom upp árið 2011 þá kólnaði mér allri að innan. Elsti sonur minn hafði verið þarna einn vetur í fimm ára bekk og þá var séra George enn við völd og Margrét að kenna. Fyrsta hugsunin sem kom upp var: Barnið mitt var þarna í höndum þessa fólks! Ég spurði hann hvort hann hefði upplifað eitthvað og sem betur fer var það ekki.

En að hugsa sér hvað þetta mál hefur haft víðtæk áhrif. Maður getur rétt ímyndað sér hvernig fólki líður sem starfaði í skólanum. Hve margir foreldrar sitja uppi með djúpstætt samviskubit. Og svo allir þeir sem höfðu eitthvað að gera með skólann. Margfeldisáhrifin af svona voðalegu ofbeldi eru svo rosaleg.“

**Kristín:** „Börnum sem voru alin upp í kaþólskri trú var kennt að presturinn væri framlenging af guði. Séra George kemur úr þannig umhverfi. Saklaus börn hafa þar af leiðandi verið berskjölduð gagnvart þessu valdi.“

**Sameiginlegur skilningur**

**Gunnþórunn:** „Fólk sem gekk í skólann býr í raun að sameiginlegri reynslu. Hvort sem brotið var á því eða ekki. Það er svo magnað að ef maður hittir einhvern sem gekk í skólann á þeim tíma sem Margrét Müller og séra George voru við stjórnvölinn, þá myndast einhver sameiginlegur skilningur sem enginn annar getur gert sér í hugarlund. Margrét gerði mikið upp á milli barna og maður geymir margar sögur af henni. Þetta ofbeldi var marglaga og flókið.“

**Þóra:** „Við erum líka að horfa á ábyrgð skólakerfisins. Þessi skóli var hluti af íslenska skólakerfinu þó að hann hafi verið starfræktur af kaþólsku kirkjunni. Þess vegna hefur íslenska ríkið reitt fram sanngirnisbætur. Til þess að rétta hlut nokkurra. En langt því frá allra. Við teljum okkur vita af fólki sem er látið sem gat aldrei sagt frá því sem mótaði líf þess.“

**Kristín Andrea:** „Það er mikilvægt að gera þessi mál vel upp og koma í veg fyrir að svona nokkuð geti gerst aftur. Það sem er að gerast í Hollandi er að kirkjurnar þar eru að tæmast, öfugt við þróunina hér, vegna þessara mála sem hafa komið upp og uppgjörsins við ofbeldið. Kaþólska kirkjan á Íslandi hefur stækkað ört. Það eru rúmlega 13 þúsund manns í henni í dag en hingað hafa flutt margir kaþólikkar undanfarinn áratug sem vita jafnvel ekkert um þennan hluta sögu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Þetta uppgjör þarf að fara fram hér líka.“

Facebook-síða hefur verið stofnuð í því skyni að gefa almenningi færi á að koma upplýsingum til aðstandenda heimildaverksins Turninn. Slóð síðunnar er **www.facebook.com/turninndocumentary**. Þá getur fólk einnig sent tölvupóst á netfangið **turninn@skot.is**.

Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2019

# Margt smátt ...



## Mig langar til að gera við tölvur en ekki stela og lenda í fangelsi

DAÐI FREYR FROSTASON*

**Ungt fólk í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, leiðist unnvörpum út í vændi og glæpi til þess eins að lifa af. Með markvissri aðstoð og iðngreinanámskeiðum öðlast þau þekkingu og sjálfstæði til að sjá fyrir sér á annan hátt.**

**GEFUM ÞEIM SÉNS!**

Hringdu í **907 2003** og gefðu **2500** kr. eða upphæð að eigin vali á **framlag.is**

Einnig er hægt að leggja inn á bankareikning 0334-26-50886, kt. 450670-0499 eða borga 2400 kr. valgreiðslu í heimabanka.

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

* Drengurinn á myndinni tekur þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala. Nafnið er ekki hans rétta nafn en textinn lýsir raunveruleikanum sem hann og fjöldi annarra ungmenna býr þar við.

# Segðu já!

„Segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski" segir í frægum söngtexta Ólafs Gauks en við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar viljum biðja þig að segja já við beiðni okkar um að styðja ungmenni sem búa við örbirgð í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda.

Í páskasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar beinum við kastljósinu að systur okkar og bróður í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda. Þar búa þau við erfiðar aðstæður og mikla neyð sem jafnvel rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

En það er von. Hjálparstarfið starfrækir menntasmiðjur með Lútherska heimssambandinu og samtökunum Uganda Youth Development Link, í þremur fátækrahverfum Kampala fyrir ungmenni á aldrinum 13–24 ára.

Í smiðjunum stundar unga fólkið nám í iðngrein en eftir ársnám hafa líkur þeirra á að fá starf og að þau geti komið undir sig fótunum aukist verulega. Í smiðjunum fá þau líka fræðslu um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Margir nemendur vitna um að námið hafi styrkt sjálfsmynd þeirra og að þau þekki betur réttindi sín og skyldur; að námið hafi gefið þeim von um nýtt upphaf og góða möguleika á betra lífi. Um það getur þú lesið í þessu blaði.

Segðu já og greiddu valgreiðslu í heimabanka upp á 2400 krónur eða leggðu inn á reikning: 334-26-50886, kt. 450670-0499.

Segðu ekki nei, segðu já, já, já!
**Takk fyrir stuðninginn!**

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



*Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar*

Hjálparstarf kirkjunnar leggur sitt af mörkum til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að útrýma fátækt, græða og vernda jörðina og tryggja öllum mannréttindi náist fyrir árið 2030. Í þessu blaði segjum við frá verkefnum okkar sem falla undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun númer 4, 6, 10 og 16.

4 MENNTUN FYRIR ALLA

6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

GEFUM ÞEIM SÉNS!

Hringdu í **907 2003** og gefðu **2500** kr.
eða upphæð að eigin vali á **framlag.is**

Einnig er hægt að leggja inn á bankareikning 0334-26-50886,
kt. 450670-0499 eða borga 2400 kr. valgreiðslu í heimabanka.

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 1. tbl. 31. árg. 2019
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Myndir:
Forsíða, blaðsíða 3 og 4: Þorkell Þorkelsson.
Aðrar myndir:
Hjálparstarf kirkjunnar og ACT Alliance.
Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Akureyrarbær | Alþýðusamband Íslands | BBA | BYKO | Félag atvinnurekenda | FÍ | Fuglar hugbúnaðarhús | Gólflagnir iðnaðargólf | GA Smíðajárn | Héðinn | Heimsferðir | Happdrætti Háskóla Íslands | Hvalur hf. | init



# Draumur um (aðeins) betra líf

Ekkert rennandi vatn, engin sorphirða, engar almenningssamgöngur. Salernið er sameiginlegur kamar í hverfinu. Stundum er hægt að stelast í rafmagn og kveikja ljós. Stundum flæðir regnvatnið inn í kofann og þá er eins gott að geta hengt húsbúnað upp á vegg. Nesti í skólann er hnefafylli af hnetum. Oft er enginn skóli vegna peningaleysis. Stundum þarf að selja líkama sinn til að brauðfæða systkinin. Oft er betra að taka þátt í þjófnaði glæpagengja. Ekkert af þessu er val. Þetta eru aðstæður sem skjólstæðingar Hjálparstarfs kirkjunnar í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, búa við, nauðugir viljugir.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með Lúthерska heimssambandinu og samtökunum Uganda Youth Development Link, UYDEL, í fátækrahverfum Kampala þar sem börn og unglingar búa við sára fátækt og eru útsett fyrir illri meðferð og misnotkun. Þau hafa ekki fengið tækifæri til að ljúka skólagöngu, fá enga atvinnu og neyðin rekur þau út í vændi og glæpastarfsemi.

UYDEL rekur menntasmiðjur í fátækrahverfunum þar sem krakkarnir geta stundað nám í iðngrein. Eftir ársnám hafa líkur á að ungmennin fái starf og að þau geti komið undir sig fótunum aukist umtalsvert en í smiðjunum fá þau líka fræðslu um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Félagsráðgjafar UYDEL veita auk þess ráðgjöf og sálfélagslega þjónustu meðal annars með því að bjóða upp á íþróttir, tónlist, leiklist og dans.

## Á árinu 2018:

- stunduðu 655 ungmenni nám í hárgreiðslu, rafvirkjun, kjólasaumi og klæðskurði, prjóni, matargerð og framreiðslu í þremur menntasmiðjum UYDEL.
- veittu sjálfboðaliðar UYDEL 1180 ungmennum jafningjafræðslu um lífsleikni, kynheilbrigði og rétt til heilbrigðisþjónustu. Um 8500 smokkum var dreift.
- tóku 210 unglingar þátt í þriggja daga námskeiði í verslunarfræðum auk þess sem þeir voru hvattir til að byrja að leggja til hliðar hluta af launum sínum eftir nám.

Stúlkur voru í miklum meirihluta í verkefninu árið 2018 og flestir voru á aldrinum 15-19 ára. Gott samstarf var við samfélagsleiðtoga um það hvaða unglingar þyrftu helst á aðstoð að halda og við einkafyrirtæki sem buðu unga fólkinu í starfsnám eftir námið í smiðjunum.

UYDEL sendir okkur reglulega upplýsingar um afdrif skjólstæðinga eftir námið sem staðfesta að aðstoðin skiptir sköpum fyrir þá sem hennar njóta sem og fyrir fjölskyldur þeirra. Í ársskýrslu frá 2018 segir að 83% þeirra sem útskrifuðust það ár hefðu fengið vinnu og þar með von um betra líf.

**Valgreiðsla upp á 2400 krónur sem bíður þín í heimabanka frá Hjálparstarfi kirkjunnar er beiðni okkar til þín um að taka þátt í að gefa þessum börnum og ungmennum tækifæri til þess að láta drauminn rætast.**
**Takk fyrir stuðninginn. Hann gerir kraftaverk!**

# Tækifæri til að lifa með reisn

Úganda er númer 162 af 189 ríkjum á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2017 en Ísland er þar númer sex. Listinn mælir lífskjör út frá lífslíkum, menntun, tekjum og jöfnuði.

Í Úganda búa um 40 milljónir íbúa en helmingur þeirra er yngri en 16 ára gamall. Ungt fólk sem ekki hefur fengið tækifæri til skólagöngu flýr gjarnan fátæktina í sveitinni og heldur til höfuðborgarinnar, Kampala, í von um betra líf.

Flestra bíður hins vegar lélegt skjól og ill meðferð í fátækrahverfi þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með Lútherska heimssambandinu (LWF) og Uganda Youth Development Link (UYDEL) að því að bæta lífsmöguleika þeirra sem búa við sárustu fátæktina og gefa þeim tækifæri til þess að skapa sér farsælt líf.






*Á árinu 2018 stunduðu 655 ungmenni nám í hárgreiðslu, rafvirkjun, kjólasaumi og klæðskurði, prjóni, matargerð og framreiðslu í þremur menntasmiðjum UYDEL.*


## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

INKASSO
inter.
Íslensk erfðagreining
ISNIC the .is registry
Keiluhöllin Egilshöll
KFC
Lindin fjölmiðlun útvarp
Lýsi
Neytendastofa
Domino's
pwc
Reebok Fitness
nettó
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Vagnar & þjónusta
Verksýn
Vero Moda
wise
ÖBÍ



# Robert Katungi

Robert er 22 ára gamall Úgandabúi. Þegar hann var 7 ára gamall sveitastrákur var hann lokkaður til höfuðborgarinnar Kampala þar sem hann átti að fá að ganga í skóla.

Hann lenti hins vegar í vinnuþrælkun í þrjú ár áður en honum tókst að snúa aftur heim til foreldra sinna. Skólagangan í sveitinni varð slitrótt þar sem foreldrar hans höfðu ekki alltaf efni á að borga skólagjöldin.

Þegar Robert var 14 ára gamall flutti hann til eldri bróður síns í höfuðborginni þar sem hann kynntist starfsfólki menntasmiðjunnar sem Hjálparstarf kirkjunnar styrkir. Honum var boðið að læra að sauma og í dag á hann og rekur eigin saumastofu.

Robert starfar nú sem sjálfboðaliði í félagsmiðstöð menntasmiðjunnar því hann vill meina að hann hefði aldrei öðlast sjálfstraust til að fara í eigin rekstur ef ekki hefði verið fyrir hvatninguna sem hann fékk þar.

Þegar við styrkjum Kampalaverkefni Hjálparstarfsins erum við að hjálpa hundruðum ungmenna til sjálfshjálpar.



# Winnie Namugula

Winnie er 16 ára stelpa sem kemur frá litlu þorpi í Úganda þar sem lífið er ekki alltaf auðvelt fyrir ungar stelpur. Það er ekki sjálfgefið að þær hljóti menntun og margar neyðast til að stunda vændi til að lifa af.

Móðir Winnie vildi gefa dóttur sinni möguleika á betri framtíð og flutti því með henni til Kampala. Þar fór Winnie í menntasmiðjuna sem Hjálparstarf kirkjunnar styrkir.

Winnie er nú að læra hárgreiðslu en þegar hún er ekki í smiðjunni hjálpar hún mömmu sinni að selja föt á markaðstorgi í borginni.

Þær mæðgur dreymir um að Winnie geti stofnað sína eigin hárgreiðslustofu og þannig öðlast bjartari framtíð.

Sérfræðingar á sviði sjálfbærni hafa sýnt fram á að áhrifaríkasta leiðin til að vinna gegn fátækt, sporna gegn offjölgun og meira að segja loftslagsbreytingum sé að styrkja stelpur í fátækum löndum til náms.

Þegar við styrkjum starf Hjálparstarfsins í Úganda erum við með beinum hætti að bæta líf og framtíð stúlkna í viðkvæmri stöðu.



# David Kibuuka

David er 19 ára strákur, næstelstur í hópi fjögurra systkina, frá suðurhluta Úganda. Móðir þeirra er einstæð svo systkinin hafa þurft að leggja mikið á sig og standa saman til að styðja móður þeirra við rekstur heimilisins.

David byrjaði að vinna erfiðisvinnu þegar hann var 11 ára til að geta borgað skólagjöld fyrir sjálfan sig og keypt mat fyrir systkini sín. Hann sótti um að komast í menntasmiðjuna sem Hjálparstarf kirkjunnar styrkir í Kampala og lærði þar rafvirkjun. Eftir námið fékk hann styrk til að stofna eigið raftækjaverkstæði.

David gengur það vel að hann nær að greiða fyrir skólagöngu systkina sinna á sama tíma og hann nær að leggja fyrir peninga því hann dreymir um að kaupa land og verða bóndi.

Með því að styrkja börn til náms bætum við ekki aðeins líf þeirra heldur allrar fjölskyldunnar og næstu kynslóða.





*Fólkið í þorpinu hennar Natulinda Sadress benti á bága stöðu hennar og sagði að hún þyrfti helst af öllum á aðstoð að halda. Á fyrri myndinni er Sadress fyrir utan gamla kofann með barni sínu en á þeirri síðari athugar hún hvernig virkar að setja vatnsbrúsann undir kranann á vatnstankinum sem er tilbúinn en enn á eftir að koma fyrir rörum á húsþakið og rennu yfir í tankinn til þess að safna í hann rigningarvatni. Með henni á myndinni eru synir hennar.*

# Með munaðarlausum börnum, ekkjum og ömmum í sveitum Úganda

## Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar börn og unglinga í höfuðborginni Kampala en líka fólkið í sveitinni sem býr við sára fátækt vegna HIV-smits og alnæmis.

Börnin sem Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar í héruðunum Rakaí og Lyantonde búa við örbirgð vegna þess að móðir þeirra, faðir eða jafnvel báðir foreldrar, eru veikir eða hafa dáið af völdum alnæmis en í sveitinni þar sem þau búa eru 12% íbúanna smituð af HIV.

Í Úganda getur fólk fengið lyf við sjúkdómnum án þess að greiða fyrir þau en fólk sem býr við fátækt hefur ekki efni á því að fara um langan veg á heilsugæslustöðina til að láta athuga hvort það sé smitað og í framhaldinu að fá reglulega lyfin sín.

Þegar fólk er orðið veikburða á það erfitt með að sjá fjölskyldu sinni farborða. Þá er erfitt að gefa börnunum sínum að borða, klæða þau og útbúa í skólann. Það er ekki rennandi vatn í krönum í sveitinni í Úganda eins og hér á Íslandi heldur þarf að fara um langan veg, oft í 5 km fjarlægð eftir vatni og stundum þarf meira að segja að borga fyrir það. Þegar mamma er lasburða verða krakkarnir að fara eftir vatninu og þá er lítill tími til að læra.

Vegna þess að stórfjölskyldurnar búa við fátækt getur það reynst munaðarlausum börnum erfitt að fá nokkra hjálp. Þau búa því mörg hver í hriplekum moldarkofum án kamars og án eldhúss.

Þegar börn þurfa að sjá fyrir yngri systkinum sínum hætta þau í skóla og stundum neyðast unglingsstelpur til að selja líkama sinn til að börnin fái mat. Og þá fer vítahringurinn af stað af því að oft vilja mennirnir ekki nota smokk og þá sýkjast stelpurnar af HIV.

Á árunum 2019–2021 aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar þær 24 fjölskyldur sem verst eru staddar með því að reisa þeim múrsteinshús, vatnstank, eldaskála og kamar. Fleiri, eða um 40 fjölskyldur í þorpunum, fá geitur til að drýgja tekjurnar. Þær fá einnig sálfélagslegan stuðning og fræðslu um réttindi sín og skyldur í samfélaginu ásamt fræðslu um hreinlæti og hollustuhætti.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 13. APRÍL 2019



Breiðholtið býður heim um helgina. Ævintýrahöll Barnamenningarhátíðar hefur fært sig um set upp í Efra-Breiðholt og þar verður óendanlega gaman fyrir káta krakka og fjölskyldur þeirra að leika sér saman, upplifa og prófa.

→4






Steina Jónsdóttir hefur búið og starfað á Spáni í 15 ár. Hún segir að verðlagið á Spáni sé mjög hagkvæmt og ódýrt að lifa þar. MYND/BARBARA BIRGIS

# Fjárfest í sólinni og betri lífsgæðum

Íslendingar hafa í auknum mæli fjárfest í fasteignum við Miðjarðarhafið, þar sem njóta má veðurblíðu nánast allan ársins hring auk þess sem verðlag er hagstætt. Fasteignasalan Medland býður Íslendingum upp á alhliða aðstoð við val og kaup á fasteign ásamt þjónustu eftir kaupin, á íslenskri tungu. →2

Aðalskrifstofur Medland eru í Torrevieja, suður af Alicante á Spáni en fasteignasalan sérhæfir sig í nýbyggingum á víðfeðmu svæði við suðausturströnd Spánar. Steina Jónsdóttir er markaðsstjóri Íslandsdeildar hjá Medland og sinnir íslenskum viðskiptavinum fyrirtækisins. Hún hefur búið og starfað á Spáni í fimmtán ár og segist hvergi annars staðar vilja vera. Steina hefur starfað hjá Medland í nokkur ár en fyrirtækið opnaði Íslandsmarkað fyrst þann 1. apríl 2016. „Það hefur verið mikill áhugi hjá Íslendingum á að fjárfesta á Spáni, sérstaklega eftir að gjaldeyrishöftin voru afnumin í ársbyrjun 2017. Sá áhugi hefur haldist,“ segir hún.

„Ekki er eingöngu verið að fjárfesta í fasteigninni sjálfri því hér eru lífsgæðin mikil, birtan og loftslagið gerir fólki gott. Þá spillir ekki hagstætt verðlag og gæðamatvara. Að auki er verð á fasteignum hagstætt og vextir af veðlánum hér úti í sögulegu lágmarki um þessar mundir, eða á bilinu 2,5-3,5%. Umhverfið er þannig kaupandanum í hag, vilji hann fjármagna hluta kaupanna með veðláni í spænskum banka.“

## Mikið úrval fasteigna

Steina segir fólk kaupa fasteign á Spáni af ýmsum ástæðum. Sumir vilji setjast að á meðan aðrir kaupi hús til vetrardvalar eða til að nýta í sumarleyfum fjölskyldunnar. „Við bjóðum eingöngu upp á nýjar eignir og spönnum stórt svæði, allt frá Denia í norðri til Mar Menor í suðri. Um er að ræða yfir 300 íbúðakjarna og einbýlishúsahverfi,“ útskýrir Steina.

Hún segir vinsælt að kaupa íbúðir í kjörnum sem lokaðir eru af þar sem sundlaug og garðar eru í sameign. Slíkir kjarnar eru á tveimur til fjórum hæðum og verðin misjöfn eftir hæðum, áttum og útsýni. Jarðhæðareignir hafa eigin garð og efstu hæðir eigin þakverönd. Millihæðir eru með svölum og yfirleitt ódýrustu eignirnar í kjarnanum. Í flestum tilvikum má finna helstu þjónustu í næsta nágrenni en vissulega getur vegalengdin verið mislöng.

„Ég leiðbeini fólki með staðsetningu eftir helstu óskum kaupandans. Flestir vilja hafa verslun og veitingastaði í göngufæri en hjá öðrum skiptir það minna máli. Það má geta þess að auðvelt er að aka bifreið um Spán og vegakerfið mjög þægilegt. Auk þess er ódýrt og einfalt að ferðast til nágrannalanda héðan, sé fólk búið að koma sér upp heimili. Það eru góðar flugsamgöngur til flestra Evrópuborga frá Alicante og yfirleitt á afar hagstæðu verði,“ bætir Steina við.

Steina bendir á að beint flug sé frá Íslandi með nokkrum flugfélögum þótt WOW Air sé ekki lengur meðal þeirra. „Við erum bjartsýn á framhaldið og vonumst til að einhver taki við boltanum frá WOW og bjóði landanum að ferðast hingað á hagstæðum kjörum. Þangað til má líka velja um að millilenda einu sinni á leiðinni.“

## Hagstætt verð á íbúðum

Þegar Steina er spurð um meðalverð á eignum sem vekja mestan áhuga hjá Íslendingum, svarar hún: „Ódýrustu eignirnar hjá okkur eru með einu svefnherbergi og kosta rúmar ellefu milljónir eða um 85 þúsund evrur en verð á eignum með tveimur svefnherbergjum er frá um 120 þúsund evrum. Vinsælli eignir í þeim flokki eru ívið dýrari eða frá um 160 þúsund evrum. Verðið hækkar svo ef bæta á við einu svefnherbergi til viðbótar en vinsælar eignir í þeim flokki eru frá um 170 þúsundum. Svo eru sumir sem


Eignirnar sem bjóðast á Spáni eru fjölbreytilegar að stærð og eru staðsettar í fögru umhverfi.


Paradís í sól. Hver gæti ekki hugsað sér að sitja þarna?


Steina segir að það hafi verið skyndibrjálæði hjá sér að flytja til Spánar fyrir fimmtán árum en hún sjái ekki eftir því. Það hafi verið frábær hugmynd. MYND/BARBARA BIRGIS


Steina aðstoðar fólk við að innrétta íbúðirnar og sömuleiðis með nettengingu og þess háttar.


Byggðakjarnar með sameiginlegum sundlaugargarði eru vinsælir hjá Íslendingum sem flytja til Spánar í lengri eða skemmri tíma.


Verulega notalegt um að litast í þessari íbúð á Spáni og ekki skemmir útsýnið.

> **Það var mikil gleði þegar markaðurinn opnaðist aftur og gjaldeyrishöftum var aflétt.**

vilja frekar einbýlishús en þau er hægt að fá fyrir allt frá 200 þúsund evrum og upp úr, allt eftir stærð og staðsetningu. Það er mjög mikið úrval af eignum í dag, jafnt stórum sem smáum. Framboð hefur aukist og það er skemmtilegt verkefni að hjálpa fólki að finna réttu eignina.“ Á undanförnum tveimur árum hefur Medland selt Íslendingum rúmlega 80 eignir á Spáni og fyrstu mánuðir þessa árs benda til áframhaldandi áhuga á kaupum á fasteign í sólinni. „Fólk er að fjárfesta í lífsgæðum og verðlagi, eins og ég talaði um hér áðan. Hér er engin verðbólga, matarkarfan hjá mér kostar nánast það sama í dag og hún gerði fyrir fimmtán árum. Hráefnið er frábært hér suður frá, ferskt sjávarfang, ávextir, grænmeti, ostar og kjötmeti, er fyrsta flokks. Íslendingar sem hafa kynnst því að búa hér vita að það er mun hagkvæmara að lifa hér en heima,“ segir Steina.

## Lifum eins og Spánverjar

Steina fluttist búferlum til Spánar árið 2004 ásamt eiginmanni og tveimur dætrum sem í dag eru 25 og 18 ára. Sú yngsta, sem er fimmtán ára, er fædd á Spáni. „Það var eiginlega skyndibrjálæði og ævintýraþrá á sínum tíma, að flytja til Spánar og kaupa hús. En hér líður okkur vel, ég er ein með dætrum mínum í dag og við erum óttalegir Spánverjar. Ég segi oft að þessi hugmynd hafi verið skynsamlegasta skyndibrjálæðið mitt hingað til. Hér er dásamlegt að vera og bæði heilbrigðis- og skólakerfi til fyrirmyndar. Dætur mínar hafa alltaf verið ánægðar. Við búum í litlu spænsku þorpi og tökum fullan þátt í menningunni auk þess sem við höfum tileinkað okkur margar hefðir innfæddra. Stelpurnar eru til dæmis fermdar inn í kaþólska trú. Við tökum þátt í samfélaginu hérna, rétt eins og ef við byggjum í Reykjavík.“

## Gaman að þjónusta landann

Steina segir að það sé sérstaklega skemmtilegt að starfa við að þjóna Íslendingum. „Það var mikil gleði þegar markaðurinn opnaðist aftur og gjaldeyrishöftum var aflétt. Margir höfðu gengið með drauminn í maganum lengi en ekkert getað aðhafst vegna haftanna.“

Þegar hún er spurð hversu mikið fé fólk þurfi að eiga til að fara af stað í að kaupa fasteign á Spáni, svarar Steina: „Við ráðleggjum fólki að reikna með að þurfa að leggja fram 50% af kaupverðinu. Kaupendur geta sótt um veðlán en slíkt lán kemur til afgreiðslu við afsal auk þess sem bæta þarf kostnaði við kaupverðið en sá kostnaður er 10% söluskattur og gjöld sem tengjast þinglýsingu og skráningu og fleiru slíku. Nauðsynlegt er að reikna með 14% kostnaði í það heila. Vegna þessa kostnaðar og greiðsluskilmála almennt, er æskilegt að fólk reikni með að eiga 50% af kaupverði þegar farið er af stað. Síðan er hægt að fjármagna með allt að 70% veðláni, gegn greiðslumati, að sjálfsögðu. Afborganir eru fastar allan lánstímann og vextir lágir. Hins vegar þarf lánið að vera að fullu greitt þegar lánþegi nær 75 ára aldri. Því eldri sem við erum, því styttri er lánstíminn og afborganir hærri, eins og gefur að skilja. Við leiðbeinum viðskiptavinum í gegnum þetta ferli eins og það leggur sig og eftirsöluþjónustan okkar aðstoðar við húsgagnakaup, internettengingar og annað sem nauðsynlegt er að huga að,“ segir Steina.

Þeir sem vilja nánari upplýsingar geta haft samband við Steinu í gegnum netfangið steina.jonsdottir@medlandspain.com eða í síma 800 4149 og +34 615 698 766. Einnig er hægt að fá góðar upplýsingar á heimasíðunni https://www.medlandspann.is/

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis: Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Svitakófin hurfu, svefninn batnaði og orkan hefur aukist

Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir fjölmargar konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs. Þær slá á einkenni tíðahvarfa og hafa góð áhrif á beinþéttnina.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru fjölmargar sem þjást á einhvern hátt.

### Hvað er breytingaskeið

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hætta. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf & nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

### Lífsstíll og náttúrulegar lausnir

Til að lágmarka eða draga úr einkennum breytingaskeiðsins er gott að fara í smá sjálfskoðun og athuga hvort það er eitthvað sem hægt er að gera án mikils tilkostnaðar en eins og alltaf þá skiptir lífsstíll okkar gríðarlega miklu máli. Að borða hreina fæðu, hreyfa sig reglulega (helst alla daga), sofa vel, rækta sálina og sambönd við fjölskyldu, vini og kunningja getur skipt sköpum og í öllum tilvikum þá eru meiri lífsgæði fólgin í heilbrigðum lífsstíl. Fjölmargar náttúrulegar lausnir eru svo til sem geta slegið enn frekar á einkennin og er þá frekar einstaklingsbundið hvað virkar og hvað ekki. Því verða allir að prófa sig svolítið áfram og gefa sér nokkrar vikur til að finna út hvort viðkomandi lausn hentar eða ekki, sama hvað prófað er.

### Femarelle virkar!

Halldóra Ósk Sveinsdóttir hefur fundið fyrir einkennum breytingaskeiðsins í þó nokkur ár og hafa þau farið stigvaxandi með hækkandi aldri. Að lokum voru einkennin þó orðin þannig að ekki var lengur við unað. Hún hefur þetta að segja um Femarelle:

„Þegar að því kom að ég vildi gera eitthvað í málunum, hugnaðist mér ekki að fara á hormónalyf svo ég frestaði alltaf að panta mér tíma hjá lækni. Einhvers staðar rakst ég á umfjöllun um náttúrulega lausn sem var Femarelle og góðar reynslusögur af því. Ég ákvað að kaupa mér einn pakka og prufa, það gæti varla skaðað nokkuð. Eftir 7 til 10 daga inntöku samviskusamlega kvölds og morgna, fór ég að finna mun. Líkamsofninn minn var farinn að kveikja á yfirhita í tíma og ótíma en það hætti alveg. Ég vaknaði 4 til 6 sinnum á nóttu vegna svita og almenns pirrings en sef núna mjög vel sem skilar sér í meiri orku og úthaldi. Fótapirringur sem hefur hrjáð mig í mjög mörg ár hefur einnig minnkað til mikilla muna. Þetta allt þakka ég Femarelle Recharge töflunum því ef ég á þær ekki til þá láta einkennin aftur á sér kræla. Þess vegna get ég sagt með góðri samvisku að Femarelle virkar.



**Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.**



**Halldóra Ósk segir að svefninn hafi orðið miklu betri með Femarelle.**

### Rannsóknir staðfesta virkni

Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum, mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það sem gerir Femarelle sérstakt er efnasamband, unnið úr óerfðabreyttu soja, sem kallast DT56a og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.




**Femarelle Rejuvenate 40+**
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur heilbrigðu hári

**Femarelle Recharge 50+**
- Slær hratt á einkennin (hitakóf og nætursviti minnkar)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vefi í brjóstum eða legi

**Femarelle Unstoppable 60+**
- Inniheldur kalsíum og D3 -vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi




Léttu **lifrinni** lífið

- Lifrin er allt í senn; vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð því allt sem við látum í okkur eða á, fer í vinnsluferli í lifrinni.
- Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni.
- Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.
- Active Liver eflir lifrarstarfsemina, stuðlar að eðlilegum efnaskiptum og heilbrigðri meltingu.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



# Breiðholtið býður heim

Breiðholtið býður heim um helgina. Ævintýrahöll Barnamenningarhátíðar hefur fært sig um set upp í Efra-Breiðholt og þar verður óendanlega gaman fyrir káta krakka og fjölskyldur þeirra að leika sér saman, upplifa og prófa.


Björg Jónsdóttir er verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg. Í baksýn er heillandi listaverkasýning leikskólabarna í Gerðubergi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við ákváðum að flytja Ævintýrahöllina upp í Breiðholt því gagnrýnt hefur verið að Barnamenningarhátíðin fari að mestu leyti fram í miðborginni. Eins og nafnið gefur til kynna er Ævintýrahöllin höll ævintýra þar sem fjölskyldum býðst að koma og upplifa fjölbreytta viðburði saman,“ útskýrir Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, um einn af stærstu viðburðum Barnamenningarhátíðar sem fram fer nú um helgina.

„Breiðholt býður heim“ hefst í Menningarhúsinu Gerðubergi klukkan 10 á morgun og stendur til klukkan 17 í dag og aftur á morgun, sunnudag.

„Breiðholtið er fagurt og ljúft heim að sækja og þeir sem þiggja heimboð Breiðhyltinga geta upplifað jafnt rólegheit sem hasar; hreyfingu, dans og tónleika, ótal margt sem kitlar forvitnina og svo er hægt að taka þátt í margs konar smiðjum og föndri,“ upplýsir Björg.


Könnunarleiðangurinn SPOR er spennandi upplifun sem á engan sinn líka og býður gesta í Ævintýrahöllinni.

## Börnin taka virkan þátt

„Breiðholt býður heim“ fer einnig fram á Markúsartorginu fyrir utan Gerðuberg. Nóg er af bílastæðum hjá Breiðholtslaug og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Úti fyrir sýna BMX Brós hjólalistir og kenna öðrum hjólatrix. Hringleikur verður líka með sirkussýningu og smiðju innanhúss, en okkur er mikið í mun að börnin séu ekki eingöngu óvirkir áhorfendur heldur virkir þátttakendur í viðburðunum. Í Ævintýrahöllinni ára hefur fjölskyldujóga verið sívinsælt og í Gerðubergi er búið að setja upp sýninguna SPOR sem er stórkostlegur, gagnvirkur könnunarleiðangur þar sem þátttakendur stíga inn í mismunandi heima, ganga í gegnum sögur og hitta fyrir dansara í hverju rými sem allt er ævintýraleg upplifun,“ segir Björg.

> Okkur er mikið í mun að börnin séu virkir þátttakendur í viðburðunum.
>
> Björg Jónsdóttir

## Krakkareif og Emmsjé Gauti

Meðal þess sem mætir gestum Ævintýrahallarinnar eru sögustundir, sögutónleikar, upplestur, listasmiðjur, tilraunaverkstæði, söngleikurinn Björt í sumarhúsi og Jazzpúkar bregða á leik.

„Jazzpúkar er líka gagnvirk smiðja þar sem kontrabassaleikarinn Leifur Gunnarsson og félagar gefa spunanum lausan taum og velta fyrir sér hvað sé svona skemmtilegt við djass. Þá geta krakkar og aðrir gestir upplifað töfrandi tóna, söng, dans og klapp, og að sjálfsögðu verður hægt að skoða alls konar hljóðfæri í veröld óbeislaðrar tónsköpunar,“ upplýsir Björg.

„Barnamenningarhátíðin verður kvödd með stæl í Ævintýrahöllinni með tónleikum Emmsjé Gauta og krakkareifi í Ævintýrahöllinni, en líka krakkakarókíi og krakkar frá Dansskóla Brynju Péturs kenna nýjustu danssporin í krakkareifinu. Allir eru hjartanlega velkomnir og frítt er á alla viðburði á hátíðinni,“ segir Björg.

Um helgina er margt fleira spennandi á dagskrá Barnamenningarhátíðar um allan bæ. Sjá dagskrána á barnamenningarhatid.is.


SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618








Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega. - Sigríður Rita Ragnarsdóttir

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is


omnom
CHOCOLATE
REYKJAVÍK
Omnom Factory Shop, Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík | www.omnomchocolate.com


Allir vinsælustu vöðlupakkarnir á einum stað – fyrir alla
ÓVIÐJAFNANLEG VORTI
FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR.
VEGLEGUR KAUPAUKI:
VEIÐIKORTIÐ 2019
FYLGIR MEÐ FYRSTU
100 VÖÐLUPÖKKUNUM
NÝTT 2019
NÝTT 2019
NÝTT 2019
REDINGTON
Vöðlupakki
CROSSWATER
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT
REDINGTON PALIX SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.995 KR.
REDINGTON
Vöðlupakki
PALIX
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT
REDINGTON PALIX SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
34.995 KR.
SIMMS
Vöðlupakki
FREESTONE
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT
SIMMS FREESTONE SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
65.900 KR.
SIMMS
Vöðlupakki
TRIBUTARY
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT
SIMMS FREESTONE SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
49.995 KR.
SIMMS
Vöðlupakki
TRIBUTARY
Dömusnið
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT
SIMMS FREESTONE SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
49.995 KR.
REDINGTON
Vöðlupakki
WILLOW
Dömusnið
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT
REDINGTON WILLOW SKÓM.
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
36.995 KR.
VINSÆLU REDINGTON
FLUGUVEIÐIPAKKARNIR
Á ÓVIÐJAFNANLEGU VORTILBOÐI
Aðeins í apríl
eða á meðan
birgðir endast
VANTAR ÞIG GÓÐA OG VANDAÐA
FLUGUSTÖNG Í SAFNIÐ?
NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!
sage
FERMINGAR 2019
HÉR ERU GJAFIRNAR
REDINGTON
CROSSWATER
VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM.
STÖNGINNI FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL
MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 23.995 KR.
FULLT VERÐ 29.995 KR. ÞÚ SPARAR 6.000 KR.
REDINGTON
PATH II
VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. STÖNGINNI
FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI
FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 27.995 KR.
FULLT VERÐ 34.995 KR. ÞÚ SPARAR 7.000 KR.
Við frystum verð á öllum
Sage flugustöngum
og hjólum í apríl.
GAMLA GENGIÐ GILDIR TIL 1. MAÍ.
NÁÐU ÞÉR Í SAGE Á GAMLA GENGINU.
ÁÐUR EN ÞAÐ VERÐUR OF SEINT.
ALLAR SAGE
FLUGUSTANGIR
OG FLUGUHJÓL
Á GAMLA GENGINU
TIL 1. MAÍ.
REDINGTON
VICE
KRAFTMIKIL, VÖNDUÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM.
VANDAÐ REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI
FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 39.995 KR.
FULLT VERÐ 49.995 KR. ÞÚ SPARAR 10.000 KR.
REDINGTON
MINNOW
VÖNDUÐ MIÐHRÖÐ STÖNG FYRIR YNGSTU FLUGUVEIÐI-
MENNINA. 8 FETA STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. VANDAÐ
HJÓL OG UPPSETT FLOTLÍNA FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.
APRÍLTILBOÐ AÐEINS 19.995 KR.
FULLT VERÐ 28.995 KR. ÞÚ SPARAR 6.000 KR.
TFO NÝTT MERKI Í VEIÐIHORNINU
TFO
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á ÖLLUM TFO FLUGUSTÖNGUM
OG FLUGUHJÓLUM Í APRÍL.
GRÆJAÐU ÞIG UPP Í VEIÐIHORNINU

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626


Þjónustu- og framleiðslufyrirtækið

# SLIPPURINN AKUREYRI EHF

**Slippurinn leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem fyrsta flokks fagleg þekking og þjónustuvilji fara saman. Markmið mannauðsstefnu fyrirtækisins er að starfsmenn njóti jafnréttis og öðlist faglegan þroska í starfi þar sem styrkleikar hvers og eins fái notið sín.**



## Spennandi atvinnutækifæri!

## HÖNNUÐUR TEIKNARI

**Vegna aukinna verkefna á hönnunarsviði leitar Slippurinn á Akureyri ehf að hönnuði/teiknara.**
Um er að ræða krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

**Helstu verkefni:**
- Þátttaka í hönnun vinnslubúnaðar í fiskvinnslu.
- Teikning framleiðsluteikninga.
- Frágangur söluteikninga og kynningarefnis.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í tækniteikni eða véliðn- eða tæknifræði kostur.
- Yfirgripsmikil þekking á AutoCAD og Inventor skilyrði.
- Hafa gott vald á íslensku og ensku.

Starfsstöð hönnunarsviðs er á Akureyri en möguleiki er á að viðkomandi geti verið með starfsstöð annarsstaðar á landinu.

**Sótt er um rafrænt á www.slipp.is**

**Nánari upplýsingar veitir Kristján Heiðar Kristjánsson. Netfang: khk@slipp.is eða í síma: 460 2900**

**Umsóknarfrestur til og með 25. apríl 2019.**

Slippurinn AKUREYRI
FAGMENNSKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI
Naustatanga 2 | 600 Akureyri | Sími 460 2900 | slipp@slipp.is | www.slipp.is





Landsvirkjun

## Við leitum að yfirlögfræðingi

Yfirlögfræðingur gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi fyrirtækisins og sýnir frumkvæði í verkefnum, bæði í innra og ytra umhverfi þess.

Starfið tekur á fjölmörgum sviðum lögfræðinnar og verkefnin eru fjölbreytt. Þau kalla á samvinnu við samstarfsfólk og lögfræðistofur við að leysa áhugaverð verkefni í innlendu og erlendu viðskiptaumhverfi.

Yfirlögfræðingur á samskipti við stjórnvöld og aðra ytri hagsmunaaðila, hefur umsjón með að góðum stjórnarháttum sé fylgt í starfsemi fyrirtækisins og tekur þátt í að þróa þau tækifæri sem búa í endurnýjanlegri orku.

- Kandídats- eða meistaragráða í lögfræði
- Lögmannsréttindi
- Mikil reynsla af lögmanns- og lögfræðistörfum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Sótt er um störfin á vef Capacent, nánari upplýsingar veitir Hilmar Garðar Hjaltason, ráðgjafi hjá Capacent (hilmar.hjaltason@capacent.is).
Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2019.

Jafnlaunaúttekt PwC 2018 | JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022 | JAFNRÉTTISVÍSIR CAPACENT

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.






## Sérfræðingur í birgðastýringu (ERP)

Össur leitar að drífandi og talnaglöggum sérfræðingi í birgðastýringu (ERP) í innkaupadeild. Starfið er í alþjóðlegu umhverfi og felur í sér samskipti við starfsstöðvar Össurar og birgja í öðrum löndum.

### STARFSSVIÐ

- Uppsetning á vörum í birgðahaldskerfi (Navision)
- Uppsetning á aðfangakeðjunni í heild í kerfum annarra starfsstöðva
- Viðhald og yfirsýn á gögnum sem tengjast aðfangakeðjunni, svo sem öryggisbirgðum
- Umsjón með reglulegum keyrslum í tölvukerfum
- Gerð áætlana og pantana fyrir útvistaða framleiðslu
- Greining á frávikum

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskiptafræði eða vörustjórnun
- Nákvæmni, þjónustulund og talnagleggni
- Þekking á Navision eða öðrum ERP
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta
- Þekking á SQL er kostur
- Starfsreynsla sem tengist innkaupum og birgðastýringu er kostur

## Innkaupafulltrúi

Össur leitar að drífandi og metnaðarfullum innkaupafulltrúa í innkaupadeild. Starfið er í alþjóðlegu umhverfi og felur í sér samskipti við starfsstöðvar Össurar og birgja í öðrum löndum.

### STARFSSVIÐ

- Birgðastýring
- Innkaup á vörum frá Asíu til starfsstöðva Össurar
- Samskipti við sölu- og þróunardeildir um áætlanagerð á sölu
- Greining, viðbrögð og boðmiðlun á frávikum í birgðastýringu
- Samskipti við birgja

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskiptafræði, vörustjórnun eða aðfangakeðjustjórnun
- Nákvæmni, þjónustulund og talnagleggni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta
- Starfsreynsla sem tengist innkaupum og birgðastýringu
- Þekking á Navision eða öðrum ERP kerfum er kostur

## R&D Process Specialist

R&D Process Specialist er hluti af R&D Process Management teymi þróunarsviðs. Teymið vinnur þvert á hópa þróunarsviðs í 5 löndum við að þróa og bæta ferla í vöruþróun fyrirtækisins.

### STARFSSVIÐ

- Móta stefnu, skilgreina verkefni og eiga frumkvæði að ferlabreytingum
- Stýra innleiðingu á ferlum þvert á deildir þróunarsviðs
- Útbúa staðla, skjöl og aðferðafræði til að styðja við stöðugar endurbætur
- Vinna náið með Quality & Regulatory teymum til að tryggja samræmi á ferlum þróunardeildar og gæðakerfis Össurar
- Leiðbeina og styðja við þróunardeildir við notkun ferla og aðferðafræði
- Fylgjast með nýjungum í ferlastýringu og eiga frumkvæði að nýjum aðferðum

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í verkfræði eða sambærilegt
- A.m.k. 3 ára reynsla af þátttöku í vöruþróunar
- Reynsla af rýni á upplýsingum, mati á valkostum og innleiðingu lausna
- Leiðtogahæfni og reynsla af teymisvinnu
- Reynsla af heilbrigðisgeiranum æskileg, sérstaklega í þróun á heilbrigðisvörum
- Reynsla af ýmsum aðferðum í stöðugum umbótum (Lean Management, PCDA, VSM, A3)

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2019.
Sótt er um störfin á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

# Spennandi störf hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

## MANNAUÐS- OG GÆÐASTJÓRI

Um er að ræða krefjandi starf þar sem viðkomandi mun leiða og veita faglega forystu í mannauðs- og gæðamálum auk þess að vera í lykilhlutverki við innleiðingu stefnu.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13368**

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á framkvæmd, þróun og eftirfylgni mannauðs- og jafnréttisstefnu
- Ábyrgð á launavinnslu, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög
- Innleiðing og eftirfylgni jafnlaunastaðals
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni gæðakerfis
- Vinna úr upplýsingum og lykiltölum til að meta árangur af gæðastarfi
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur varðandi mannauðs- og gæðamál
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf til starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur
- Reynsla og þekking á mannauðsmálum
- Reynsla af stjórnun, breytingastjórnun og stefnumótunarvinnu
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Lipurð, samstarfsvilji og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum og fræðslu
- Þekking og reynsla af kjaramálum, kostur ef úr umhverfi sveitarfélaga
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði talað mál og ritað
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni

## FÉLAGSMÁLASTJÓRI

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á framkvæmd almennrar og sértækrar félagsþjónustu í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Starfið felur m.a. í sér vinnu við stefnumótun og áætlanir í þeim málaflokkum, sem undir hann heyra. Starfið er fjölbreytt og krefst víðtækrar þekkingar á lögum og reglum.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13369**

**Ábyrgðar- og starfssvið:**
- Fagleg forysta í málefnum félagsþjónustunnar, þróun hennar og stefnumótun
- Dagleg stjórnun og rekstur
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Samningagerð
- Undirbúningur og eftirfylgni með fundum nefnda
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, ráðuneyti og aðra hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði félagsráðgjafar eða önnur menntun sem hentar í starfið. Meistaragráða æskileg.
- Reynsla af stjórnun úr sambærilegu umhverfi
- Þekking og reynsla af starfsemi félagsþjónustu sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu
- Ríkir leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Mikill styrkur í mannlegum samskiptum
- Metnaður, útsjónarsemi og fagmannleg vinnubrögð

Á Hornafirði búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Starfsmannafjöldi er 260 og einkunnarorð sveitarfélagsins eru samvinna – metnaður – heiðarleiki. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.

Umsóknarfrestur

**28. apríl**

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Capacent.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# TORG ÓSKAR EFTIR „RÓTARA“

**TORG EHF ÓSKAR EFTIR STARFSMANNI TIL AÐ SINNA FJÖLBREYTTUM VERKEFNUM**

**Helstu verkefni:**
- Gæðamál
- Pappírsbirgðir
- Samskipti við Prentsmiðju
- Samskipti við Póstdreifingu
- Umsjón með bílum ritstjórnar
- Eftirlit og umsjón með húsnæði
- Og annað sem til fellur í samráði við næsta yfirmann.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is

**Umsóknarfrestur er til og með 20.apríl.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

FERÐAMÁLASTOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

*Ferðamálastofa stuðlar að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi. Auk þess vinnur Ferðamálastofa að samræmingu, greiningum og rannsóknum í ferðaþjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.*

*Eitt af hlutverkum Ferðamálastofu er að vinna að gagnaöflun og rannsóknum í ferðaþjónustu á Íslandi. Verkefni í þessum flokki varða bæði talnagögn og landfræðilegar upplýsingar, sem auka þekkingu um ferðamenn og atvinnugreinina, bæta gæði, auka arðsemi, huga að þolmörkum og styrkja innviði greinarinnar. Þannig stuðlar Ferðamálastofa að því að niðurstöður séu nýttar við ákvarðanatöku í greininni, með skýrri framsetningu niðurstaðna og markvissri upplýsingagjöf.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á* ***www.ferdamalastofa.is***

# Sérfræðingur á rannsóknasvið

Ferðamálastofa óskar eftir að ráða töluglöggan, sjálfstæðan og drífandi einstakling í greiningu og miðlun gagna sem tengjast íslenskri ferðaþjónustu. Um er að ræða nýtt og spennandi starf á rannsóknasviði Ferðamálastofu sem hefur það hlutverk að halda utan um opinbera gagnasöfnun og rannsóknir á ferðamálum. Um fullt starf er að ræða.

**Staðan er auglýst án staðsetningar.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Greining á fyrirliggjandi talnaefni, rannsóknaniðurstöðum og úrvinnslu gagna sem tengjast ferðamálum á Íslandi
- Spá um þróun byggt á fyrirliggjandi gögnum
- Miðlun þekkingar og upplýsinga
- Þátttaka í þróun rannsóknasviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, stærðfræði, tölfræði, verkfræði eða annarri menntun sem nýtist í starfi
- Greiningarhæfni og næmni fyrir gildi rannsóknaniðurstaðna fyrir starfrækslu íslenskrar ferðaþjónustu
- Þekking á starfsumhverfi ferðaþjónustunnar og/eða rekstri fyrirtækja æskileg
- Góð tölvukunnátta og þekking á notkun hugbúnaðar
- Gott vald á íslensku og ensku
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. maí 2019.* ***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# TÆKNISTJÓRI HLJÓMAHALLAR

## Hljómahöll auglýsir lausa stöðu tæknistjóra. Óskað er eftir reynslumiklum og fjölhæfum einstaklingi með ríka þjónustulund í fullt starf.

Tæknistjóri Hljómahallar ber ábyrgð á öllum tæknimálum í Hljómahöll og stýrir þar öflugu liði tæknimanna. Hann hefur umsjón með tæknimálum sem snerta Rokksafn Íslands, fundar-, ráðstefnu- og tónleikahald í húsinu. Auk þess falla önnur tæknimál hússins undir ábyrgð tæknistjóra s.s. aðgangsstýringakerfi, myndavélakerfi, hússtjórnunarkerfi o.fl. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga og metnað fyrir starfi sínu og jafnframt vera óhræddur við að axla ábyrgð.

**Hlutverk og ábyrgðarsvið**

Umsjón og ábyrgð á öllum tæknimálum Hljómahallar. Samskipti við viðskiptavini vegna undirbúnings tæknimála á viðburðum. Umsjón með mönnun annarra tæknimanna á viðburðum. Umsjón með utanumhaldi og viðhaldi tækjabúnaðar hússins. Aðstoð við innkaup á tækjabúnaði í samráði við framkvæmdastjóra. Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra.

**Hæfniskröfur**

Þriggja ára reynsla að lágmarki af tæknimálum á tónleikum, ráðstefnum og fundum eða sambærileg reynsla. Framúrskarandi þjónustulund og mikil hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af hljóðvinnslu á fundum, ráðstefnum og tónleikum. Reynsla af verkefnastjórnun. Þekking á helsta hljóð- og ljósabúnaði fyrir sviðslistir og yfirgripsmikil tölvukunnátta. Metnaður, frumkvæði í starfi og hæfileiki til að geta unnið vel undir álagi. Hæfni til þess að miðla reynslu og þekkingu sinni. Hæfni til að hafa yfirsýn yfir mörg verkefni samtímis. Þekking á QLab, ProTools og Office-pakkanum. Góð íslensku- og ensku kunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli. Tæknimenntun sem nýtist í starfi er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl n.k. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjanesbæjar.

Umsókninni um starfið þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Tómas Young (tomas@hljomaholl.is), framkvæmdastjóri Hljómahallar.



**Um Hljómahöll**
Hljómahöll er tónlistarhús í Reykjanesbæ sem var formlega opnað 5. apríl 2014. Húsið er mikilvægur vettvangur fjölskrúðugs mannlífs, ráðstefnuhalds, funda og menningarviðburða í bæjarfélaginu. Hið sögufræga félagsheimili Stapi er hluti af Hljómahöll og auk þess er Rokksafn Íslands staðsett í húsinu en því er ætlað að verða aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamenn sem vilja kynnast og upplifa popp- og rokksögu Íslands. Aðrir salir eru t.d. tónleikasalurinn Berg, fundar- og veislusalurinn Merkines og bíósalurinn Félagsbíó. Í húsi Hljómahallar er Tónlistarskóli Reykjanesbæjar einnig með glæsilega aðstöðu til kennslu.

HLJÓMAHÖLL

Reykjavíkurborg

# Sérfræðingar á fjármálaskrifstofu

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða öfluga, snjalla og metnaðarfulla sérfræðinga til starfa. Fjármálaskrifstofa er hluti af miðlægri stjórnsýslu borgarinnar og starfar þvert á öll svið.

Yfirstandandi stjórnkerfisbreytingar gera ráð fyrir auknu hlutverki fjármálaskrifstofu og þeirra eininga sem undir hana heyra og því bíða ótal tækifæri og áskoranir starfsmanna skrifstofunnar.

Við leitum því að starfsmönnum sem eru óhræddir við að takast á við fjölbreytt verkefni í samhentum hópi. Um er að ræða spennandi störf þar sem gefast tækifæri á að þróa og innleiða nýja ferla og bæta vinnulag.
–
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf og skal skilað rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: **www.reykjavik.is/storf**

## Sérfræðingur á innkaupadeild

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf vegna innkaupa- og útboðsmála
- Gerð og rýni útboðs- og verðfyrirspurnagagna
- Framkvæmd útboða og úrvinnsla
- Umsjón með rammasamningsútboðum
- Þátttaka í þróun rafrænna innkaupa
- Almenn störf varðandi innkaup og útboð, yfirferð tilboða og upplýsingagjöf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í lögfræði, viðskiptalögfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptafærni
- Reynsla í gerð útboðslýsinga og samningagerð
- Þekking á opinberum innkaupum æskileg
- Haldgóð tölvuþekking
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Upplýsingar um starfið** á innkaupadeild veitir
Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, deildarstjóri innkaupadeildar
í síma 411 1111 eða johanna.eirny.hilmarsdottir@reykjavik.is

## Sérfræðingur í samstæðuuppgjörum og áætlunum

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppgjör og áætlanir sjóða, fyrirtækja og samstæðu Reykjavíkurborgar
- Umsjón með samstæðuuppgjörs- og áætlunarkerfi
- Samskipti, ráðgjöf og þjónusta við B-hluta fyrirtæki
- Rekstrareftirlit og greiningar
- Þróun og framsetning stjórnendaupplýsinga fyrir sjóði og samstæðu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á reikningshaldi
- Rík greiningarhæfni og færni í tölulegri gagnavinnslu
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Gott vald á upplýsingatækni og notkun hennar til úrvinnslu gagna og skýrslugjafar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskiptahæfni

## Sérfræðingur í skýrslugerð og verkefnastjórnun

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Undirbúningur og vinnsla fjárhagsáætlunar
- Umsjón og eftirfylgni með verkefnisáætlunum
- Ritstjórn, vinnsla og umsjón með skýrslum og greinargerðum
- Þróun og framsetning lykiltalna og mælikvarða vegna greininga og eftirlits
- Meðhöndlun fjárheimilda (viðaukar og pottar)
- Samskipti, ráðgjöf og þjónusta við fagsvið og kjarnasvið

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á verkefnastjórnun
- Rík greiningarhæfni og færni í tölulegri gagnavinnslu
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Gott vald á upplýsingatækni og notkun hennar til úrvinnslu gagna og skýrslugjafar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskiptahæfni

**Upplýsingar um störfin** í áætlunar- og uppgjörsteymi veita
Halldóra Káradóttir, halldora.karadottir@reykjavik.is
Gísli H. Guðmundsson, gisli.h.gudmundsson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.



Strætó auglýsir eftir:

# LIÐSAUKA

## Í SÖLU- OG MARKAÐSTEYMI

Hefur þú brennandi áhuga á sölu- og markaðsmálum? Ertu góð/ur í íslensku og ensku og ert frábær að tengja við fólk augliti til auglitis, í gegnum síma og samfélagsmiðla?

Í þessu starfi yrðir þú hluti af öflugu sölu- og markaðsteymi sem sem hefur það markmið að veita fyrirtaks þjónustu og fjölga farþegum í Strætó.

Strætó er að innleiða nýtt rafrænt greiðslukerfi og mun viðkomandi starfsmaður taka virkan þátt í uppbyggingu og markaðssetningu þess.

Um er að ræða spennandi starf sem býður upp á þróun og tækifæri til vaxtar.

**Helstu verkefni**
- Þjónusta og sala til viðskiptavina og söluaðila
- Upplýsingar og svörun viðskiptavina á samfélagsmiðlum
- Þáttakandi í mótun markaðs- og sölustarfs Strætó
- Önnur tilfallandi verkefni sem snúa að sölu- og markaðsmálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Vinsamlegast sækið um á **www.strætó.is**. Umsóknarfrestur er til og með **29. apríl 2019**.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og Sameykis stéttarfélags. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Deildarstjóri stoðdeildar vegna móttöku nemenda sem þurfa sérstakan stuðning

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra við stoðdeild vegna móttöku nemenda sem þurfa sérstakan stuðning við að hefja nám í grunnskóla og eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.**

Stoðdeildin er nýtt úrræði til að styðja við árangursríkt nám og skólagöngu nemenda sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd sem hafa jafnvel litla eða mjög rofna skólagöngu að baki. Deildin verður starfrækt við Háaleitisskóla – Álftamýri frá og með skólaárinu 2019-2020.

Deildarstjóri mun stýra daglegu starfi stoðdeildar og er næsti yfirmaður skólastjóri Háaleitisskóla. Starfsfólk deildarinnar verður í nánu samstarfi við skólastjórnendur, starfsfólk skóla og frístundarmiðstöðvar, auk annarra aðila sem starfa við málaflokkinn hjá ríki, borg og öðrum sveitarfélögum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stýrir daglegu starfi stoðdeildar og annast daglegan rekstur.
- Ber ábyrgð á að koma á brú milli deildarinnar og móttökuskóla nemenda áður en nemendur útskrifast úr stoðdeild.
- Vinnur náið með skólastjórnendum og stjórnendum frístundamiðstöðvar að samræmdu verklagi og þjónustu deildarinnar.
- Skipuleggur samstarf deildarinnar við aðila sem vinna í málaflokknum hjá ríki, borg og öðrum sveitarfélögum.
- Tekur þátt í starfshópum og stefnumótunarvinnu varðandi málaflokkinn á skóla- og frístundasviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennaramenntun, leyfisbréf grunnskólakennara og meistarapróf á sviði uppeldis, kennslu eða sambærileg háskólamenntun.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Þekking á fjölmenningarlegum starfs- og kennsluháttum.
- Áhugi og þekking á málefnum flóttamanna.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta og kunnátta í öðrum tungumálum kostur.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Við ráðningu er gerð krafa um hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar.

**Starfið er laust frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl 2019.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Hanna Guðbjörg Birgisdóttir, skólastjóri Háaleitisskóla, sími 411-7330 og Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar í grunnskólum Reykjavíkur, sími 411-1111.

**Netföng: hanna.gudbjorg.birgisdottir@rvkskolar / dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Vilt þú taka þátt í baráttunni gegn krabbameinum?

**Krabbameinsfélagið leitar að metnaðarfullum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að vinna að markmiðum Krabbameinsfélags Íslands: að fækka þeim sem greinast með krabbamein, draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra.**

Við leitum að starfsmanni í 80% starf verslunarstjóra vefverslunar Krabbameinsfélagsins.

Í starfinu felst:

- afgreiðsla og frágangur pantana
- innkaup og samskipti við viðskiptavini og birgja
- mótun vöruframboðs í samstarfi við fjáröflunarstjóra
- rafræn markaðssetning á vörum

Meðal annarra verkefna sem felast í starfinu er umsjón dreifingar á vörum til söluaðila í Bleiku slaufunni og Mottumars, umsjón fjáröflunarviðburða auk samskipta og þjónustu við stuðningsaðila félagsins.

## Ertu með puttann á púlsinum og kannt til verka?

Ef þú hefur góða reynslu af umsjón vefverslunar eða sambærilegu auk þess að þekkja til rafrænnar markaðssetningar þá gæti þetta verið starfið fyrir þig. Mikill kostur er ef þú hefur líka reynslu af notkun Shopify, DK og af skipulagi dreifingar á vörum til verslana. Einnig er mikilvægt að þú hafir gaman af því að selja góðar vörur og að fylgjast með nýjungum tengdum verslun á vefnum. Lykilþáttur í starfinu er svo góð samskipta- og skipulagsfærni. Þess má geta að starfið býður upp á sveigjanlegan vinnutíma.

## Vilt þú gera gagn?

Allur ágóði af rekstri vefverslunarinnar rennur til Krabbameinsfélagsins þannig að góður árangur þinn í starfi skilar sér beint í stuðning við þá sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra og önnur verkefni félagsins. Þú verður hluti af Fjáröflunardeild Krabbameinsfélagsins sem hefur umsjón með fjáröflunarverkefnum eins og vefversluninni, Velunnurum sem eru mánaðarlegir styrktaraðilar félagsins, Bleiku slaufunni og Mottumars.

**Umsóknir skulu berast til Kolbrúnar Silju Ásgeirsdóttur, fjáröflunar- og markaðsstjóra Krabbameinsfélagsins á netfangið kolbrun@krabb.is fyrir 23. apríl.**

www.krabb.is

Krabbameinsfélagið

# Akademískt starf við viðskiptadeild

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst auglýsir eftir lektor eða dósent í 100% starf. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur þekkingu ásamt starfsreynslu á ýmsum sviðum forystu og stjórnunar og getur sinnt kennslu- og rannsóknarverkefnum, m.a. á sviðum mannauðs-stjórnunar og þjónandi forystu.

**Starfssvið**

- Viðkomandi þarf m.a. að geta komið að kennslu á fyrrnefndum sviðum.
- Stunda rannsóknir á einu eða fleirum fyrrnefndra sviða.
- Þátttaka við stjórnun ýmissa lykilverkefna deildarinnar.
- Þátttaka við þróun rannsóknarramma deildarinnar.
- Leiðsögn og prófdæming á B.S. og M.S. ritgerðum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Doktorspróf á einu af fyrrnefndum sviðum eða vera í doktorsnámi á einu af fyrrnefndum sviðum.
- Starfsreynsla sem nýtist við kennslu á fyrrnefndum sviðum.
- Reynsla af kennslu í fjarnámi, helst bæði á íslensku og ensku.
- Vilji og geta til að kenna í fjarnámi á ensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og vilji til að vinna í teymum.
- Reynsla af rannsóknarstörfum.
- Við ráðningu verður miðað við, að sá er starfið hlýtur falli sem best að aðstæðum og þörfum viðskiptafræðideildar.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans og eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við rektor rektor@bifrost.is eða staðgengil deildarforseta vidskiptadeild@bifrost.is. Umsóknir skal senda á rektor@bifrost.is og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum, yfirlit yfir starfsreynslu og fræðistörf, auk tveggja umsagnarbréfa og upplýsingar um hvernig má hafa samband við umsagnaraðila. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 15. ágúst 2019.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2019**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is

SAMSKIP



# > Vélavörður á millilandaskip

**Við leitum að vélaverði til starfa á millilandaskip okkar, Arnarfell og Helgafell.**

**Helstu verkefni:**

- Eftirlit með vél-, raf- og hjálparbúnaði skipa
- Létt viðhald og viðgerðir á vélbúnaði skipsins
- Almennt viðhald, þrif í vélarrúmi og skráning í véladagbók

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- STCW – III/5 atvinnuréttindi (able seafarer engine)
- VI/I. 1-4 grunnnámskeið Slysavarnaskóla sjómanna
- Íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg
- Almenn tölvukunnátta

Sótt er um starfið á vef Samskipa, **www.samskip.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **23. apríl nk.**

Nánari upplýsingar veitir Blængur Blængsson rekstrarstjóri skiparekstrar, blaengur.blaengsson@samskip.com

ENNEMM / SÍA / NM93486

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við



# ERT ÞÚ FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMTÍÐARINNAR?

**Við leitum að metnaðarfullum framkvæmdastjóra til að leiða kerfisstjórnunarsviðið okkar – leiðtoga sem hefur sterka framtíðarsýn, drifkraft til framkvæmda og fer með okkur inn í framtíðina.**

Kerfisstjórnunarsvið ber ábyrgð á rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnun sem og upplýsingakerfum og öryggi. Sviðið spilar því lykilhlutverk í rekstraröryggi raforkuflutningskerfisins. Á sviðinu starfar reyndur hópur sérfræðinga sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, öfluga teymisvinnu og stöðugar umbætur.

**Starfssvið**

- Þátttaka í stefnumótun og ábyrgð á útfærslu hennar á sviðinu
- Þróun og mótun orkumarkaðssviðskipta til framtíðar
- Ábyrgð á upplýsingaöryggi, umbótavinnu og áhættustýringu
- Áætlanagerð fjárhags og mannafla
- Ábyrgð á daglegum rekstri sviðs
- Leiða starfsfólk til árangurs

Við búum yfir miklu frumkvæði og útsjónarsemi sem hefur gert okkur kleift að sinna nýsköpun fyrir flutningskerfi raforku. Við bjóðum gott vinnuumhverfi, ríkulegan stuðning, markvissa þjálfun og veitum stjórnendum svigrúm og tækifæri til áhrifa.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun á sviði tækni- og verkfræðigreina
- Árangursrík stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Framúrskarandi leiðtogahæfleikar og drifkraftur
- Brennandi áhugi á orkumálum og viðskiptum
- Víðtæk reynsla af breytingastjórnun
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Framsýni og þor til að ná árangri í starfi

**Við vinnum fyrir þig**

Við erum þjónustufyrirtæki – við vinnum fyrir þig í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar. Við viljum vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem umhyggja og öryggi er haft í hávegum. Þannig sköpum við góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar – **samvinnu, ábyrgð og virðingu** – að leiðarljósi.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2019.**

Umsjón með ráðningu hefur **Intellecta**. Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2019. Umsókn óskast útfyllt á **www.intellecta.is**. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar um starfið veita **Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)** í síma **511-1225**.
Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

# Spennandi störf í boði hjá traustu fyrirtæki

## Rekstrarstjóri tækjadeildar

**Við leitum að öflugum og framsæknum einstaklingi til þess að halda utan um rekstur tækjadeildar Líflands.**

***Starfssvið***
- Sala, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina
- Eftirlit með verkefnum og aðstoð við uppsetningu tækjabúnaðar
- Bakvinnsla (m.a. ábyrgðarmál, reikningar og pantanir)
- Umsjón með varahlutalager
- Mannaforráð
- Önnur tilfallandi verkefni

***Hæfniskröfur***
- Tæknifræðimenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision æskileg
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sölustörfum er kostur
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Kunnátta á teikniforrit er kostur
- Þekking á íslenskum landbúnaði er kostur

## Rekstrarstjóri verslana og heildsölu

**Lífland leitar að öflugum og framsæknum einstaklingi til þess að halda utan um rekstur verslana okkar, heildsölu og netverslun.**

***Starfssvið***
- Ábyrgð á rekstri verslana Líflands
- Sala, tilboðsgerð og ráðgjöf til heildsala
- Umsjón með netverslun
- Önnur tilfallandi verkefni

***Hæfniskröfur***
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision er kostur
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sölustörfum
- Þekking á íslenskum landbúnaði

## Gæðafulltrúi

**Lífland leitar að duglegum og drífandi starfsmanni í stöðu gæðafulltrúa.**

***Starfssvið***
- Aðstoð við uppsetningu og eftirfylgni á ISO vottun
- Ýmis störf á rannsóknarstofum Líflands
- Úttektir í verksmiðjum Líflands
- Öryggismál
- Önnur tilfallandi verkefni

***Hæfniskröfur***
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á HACCP gæðakerfi
- Þekking á ISO vottun er kostur
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum



***Umsóknarfrestur starfanna er til og með 23.apríl 2019. Nánari upplýsingar um störfin veitir Rannveig Hrólfsdóttir, mannauðs- og gæðastjóri í síma 540-1119 eða rannveig@lifland.is***

***Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is. Vinsamlegast takið fram hvaða starf sótt er um. Við hvetjum bæði konur og karla til þess að sækja um störf hjá Líflandi.***

LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghóls | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur



## Framkvæmdastjóri

Maris ehf óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sem og samskipti við hagaðila. Hann stýrir og ber ábyrgð á mannauði ásamt að móta og leiða rekstur fyrirtækisins.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Tæknimenntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku og ensku kunnátta
- Kunnátta í norðurlandamáli kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Maris býður upp á fjölbreyttar lausnir hvað varðar dælur, hugbúnað og rafmagn. Þjónustan sem fyrirtækið Maris býður upp á er meðal annars ráðgjöf fyrir fiskeldisfyrirtæki, annast uppsetningu og tengingar á búnaði í fiskeldi, sér um almenna raflagnaþjónustu, dæluviðgerðir og iðnstýringar.
Maris er staðsett á Bakkastíg í Njarðvík.

Um er að ræða fullt starf en umsóknir skulu berast á kalli@maris.is.
**Umsóknarfrestur er til 30. apríl næstkomandi.**



KH VEITINGAR

## VEITINGASTJÓRI VEISLUÞJÓNUSTU HÖRPU

*Við leitum eftir árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi til að móta og leiða rekstur veisluþjónustunnar í Hörpu.*

**STARFSSVIÐ**
- Dagleg stjórnun og rekstur veisluþjónustu.
- Ráðningar, stjórnun starfsmanna og þjálfun.
- Umsjón með tilboðs- og samningagerð.
- Viðskiptatengsl og öflun nýrra viðskiptavina.
- Vöru- og þjónustuþróun.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfi.
- Menntun og/eða reynsla í veitingarekstri er skilyrði.
- Reynsla á sviði reksturs og stjórnunar.
- Leiðtogahæfileikar.
- Skipulagni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar sem og nákvæmni og tölugleggni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Haldgóð tölvukunnátta er skilyrði.

**UMSÓKN**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfs-ferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdarstjóra, Jónínu Kristjánsdóttur, **jonina@khveitingar.is**, sem einnig veitir upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er **til og með 30. apríl 2019**.

*Veisluþjónusta Hörpu er metnaðarfull veisludeild sem býður upp á mikla fjölbreytni í veitingum, allt frá þjónustu við litla fundi upp í 2000 manna ráðstefnur og veislur.*



## Barnaverndarstofa

## Skjala- og gæðastjóri

Barnaverndarstofa leitar að öflugum skjala- og gæðastjóra í fullt starf með starfsstöð í Reykjavík. Skjala- og gæðastjóri mun gegna lykilhlutverki í innleiðingu á rafrænni skjalavörslu og stjórnsýslu hjá stofnuninni.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og rafræns skjalastjórnunarkerfis
- Umsjón með verkferlum og innleiðing gæðastjórnunar hjá stofnuninni
- Þátttaka í innleiðingu á jafnlaunastaðlinum ÍST 85
- Móttaka, skráning, varðveisla og frágangur skjala
- Önnur verkefni s.s. umsjón með bókasafni stofnunarinnar, samskipti við Þjóðskjalasafn, almenn skrifstofustörf o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun er skilyrði
- Þekking og reynsla af gæðastjórnun er æskileg
- Þekking á rafrænu skjalastjórnunarkerfi er kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Mikilvægt er að búa yfir góðri samskiptafærni, hæfni til að vinna skipulega og ríkri þjónustulund
- Krafa um mjög góða íslenskunnáttu í ræðu og riti
- Krafa um góða enskukunnáttu og æskileg kunnátta í einu norðurlandamáli

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl n.k.** Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknir óskast sendar til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Ertu góður sölumaður?

Við leitum að sölumanni, eða sölukonu, sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfi á fasteignasölu og séu löggiltur fasteignasalar.

**Umsóknum skal skila til Finnboga Hilmarssonar; finnbogi@heimili.is fyrir 25. apríl, sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar.**

heimili fasteignasala – á traustum grunni

---

# Grunnskólinn á Hellu auglýsir!

Grunnskólinn Hellu

## Kennarar

Okkur vantar áhugasama kennara til starfa á næsta skólaári.
Meðal kennslugreina eru kennsla yngri barna, enska (sem hlutastarf) og list- og verkgreinar (hlutastarf í smíði, textíl og tónlist).

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans http://grhella.is/

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða og fáið frekari upplýsingar.

Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri
í síma 488 7021 / 894 8422
Steinar Tómasson aðstoðarskólastjóri
í síma 4887022 / 845 5893

---



MOSFELLSBÆR

# Varmárskóli Mosfellsbæ – haustið 2019!

**VARMÁRSKÓLI Í MOSFELLSBÆ LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM**

Varmárskóli er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Skólastarfið er í þremur byggingum, yngri deild, eldri deild og Brúarlandi.

**Varmárskóla vantar starfsfólk í eftirtalin störf:**

- **Sérkennari** (100% framtíðarstaða)
- **Umsjónarkennari á yngsta stigi**
- **Umsjónarkennara á miðstigi**
- **Umsjónarkennara á unglingastigi**
  Íslenska, enska, náttúrufræði
  Upplýsingatækni, stærðfræði, íþróttir og sund
- **Smíðakennari í 1. – 6.b** (100% framtíðarstaða)
- **Forfallakennari** (80-100% tímabundin staða)
- **Þroskaþjálfi/sálfræðingur - námsver** (100% tímabundin staða)
- **Stuðningsfulltrúar** (70-90% tímabundin staða)
- **Skólaliðar** (hlutastarf)
- **Tónmenntakennari með skólakór** (50% framtíðarstaða)

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar www.mos.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 27. apríl 2019.**

Frekari upplýsingar á heimasíðu Varmárskóla og á www.mos.is/storf þar sem sækja skal um störfin., Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Elfarsdóttir skólastýra í s:863-3297. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

---

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Forstöðumaður íbúðakjarna

## Fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf

Ás styrktarfélag leitar eftir stjórnanda til að leiða og skipuleggja stuðning á heimili fyrir fatlað fólk að Lautarvegi í Reykjavík. Um er að ræða 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 15. júní. Umsóknafrestur er til 26. apríl, 2019.

**Helstu verkefni og ábyrgð á:**
- Skipulagi á faglegu innra starfi.
- Samstarfi við íbúa, aðstandendur og aðra tengiliði.
- Rekstri og umsjón með fjármálum íbúa.
- Stjórnun starfsmanna og ráðningar.

**Hæfniskröfur:**
- Þroskaþjálfamenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla í sambærilegu starfi.
- Reynsla af starfsmannahaldi og stjórnun er æskileg.
- Góð samskipta- og samstarfsfærni.
- Sveigjanleiki og jákvæðni.
- Góð tölvukunnátta, s.s. word og excel.
- Rík áhersla er lögð á hugmyndafræði og fagleg vinnubrögð.

Umsækjandi þarf að geta tekið virkan þátt í innra starfi félagsins og haft stefnu þess og góða starfshætti að leiðar ljósi. Starfið veitir tækifæri til taka þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp.

**Nánari upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir mannauðsstjóri í síma 414 0500 á virkum dögum.**

**Atvinnuumsókn sendist á erna@styrktarfelag.is**

**Upplýsingar um félagið má finna á www.styrktarfelag.is**

**Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.**

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Leikskólastjóri í Rauðaborg – Umsóknarfrestur framlengdur

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Rauðaborg lausa til umsóknar.**
Rauðaborg er þriggja deilda leikskóli við Viðarás í Seláshverfi. Leiðarljós leikskólans eru gleði, virðing og sjálfstjórn. Leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi Rauðaborgar og unnið er samkvæmt High Scope áætluninni. Hlutverk hinna fullorðnu er að hvetja og aðstoða börnin til að læra og þroskast í gegnum leikinn. Rauðaborg er Grænfánaskóli og er staðsettur í næsta nágrenni við fjölbreytt útivistarsvæði. Leikskólinn hefur tekið gróðurlund í fóstur og börnin fara reglulega í gönguferðir og læra að njóta og fara vel með náttúruna. Gluggaveggir eru á alla vegu innanhúss og leiksvæðin dreifast um allt húsið, þannig að börn og starfsfólk hittast óháð deildum. Unnið er með jóga þar sem áhersla er lögð á gleði og vellíðan og að byggja upp styrk, auka einbeitingu og jafnvægi barnanna. Gott samstarf er við foreldra og grenndarsamfélagið.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Rauðaborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2019.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.

**Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

blómaval

# Blómaskreytir óskast til starfa í Blómaval Skútuvogi



Leitað er að vandvirkum blómaskreyti með frjóa hugsun til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Blómavals. Lögð er áhersla á jákvætt hugarfar og metnað fyrir því að veita framúrskarandi þjónustu. Helstu verkefni eru gerð blómaskreytinga, vöruframsetning og sala og þjónusta við viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**

- Starfsreynsla úr blómaverslun og af sölustörfum
- Góð reynsla af blómaskreytingum
- Listrænt auga og fagurfræðileg hugsun
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Gott vald á íslensku

**Nánari upplýsingar um starfið gefur**
**Díana Allansdóttir á dianaa@husa.is**

Umsóknarfrestur til og með **3. maí 2019**
Sótt er um starfið á **www.husa.is/laus-storf**

**Hvetjum bæði kynin til þess að sækja um starfið.**

Blómaval er stórmarkaður með allt fyrir blóma- og garðáhugafólk.
Hjá okkur eiga áhugamenn um ræktun að fá allt sem hugurinn girnist og faglega þjónustu.
Hjá Blómavali er lifandi starfsumhverfi, öflug liðsheild og frábær starfsandi.
Lögð er mikil áhersla á símenntun og að starfsmenn fái tækifæri til að eflast og þróast í starfi.
Gildin okkar eru: **Metnaður, þjónustulund** og **sérþekking**.

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Framúrskarandi fyrirtæki

# Akademískt starf við félagsvísinda- og lagadeild

Háskólinn á Bifröst auglýsir laust 100% starf lektors/ dósents/ prófessors í lögfræði við félagsvísinda- og lagadeild.

Helstu verkefni eru kennsla og rannsóknir í lögfræði, bæði á grunnstigi í viðskiptalögfræði (BS) og meistarastigi (ML), ásamt leiðsögn með B.S.- og M.L. ritgerðum nemenda. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af rafrænum kennsluháttum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Doktorsgráða í lögfræði eða önnur viðbótarmenntun er nauðsynleg. Svo og að umsækjandi hafi unnið fræðastörf.
- Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi kennt á á háskólastigi.
- Enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði.
- Leitað er að umsækjendum með þekkingu og reynslu á sviði tæknilögfræði (IT-law).

**Umsóknarferli**

Upphafsdagur er sem fyrst eða samkvæmt samkomulagi.
Umsókninni skal fylgja:
1. Ferilskrá og ritaskrá
2. Afrit af prófskírteinum og öðrum starfsréttindum
3. Tvö umsagnarbréf og upplýsingar um hvernig má hafa samband við umsagnaraðila.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans og eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Helga Kristín Auðunsdóttir, aðstoðardeildarforseti helgaa@bifrost.is

Umsóknir skulu sendar á rektor@bifrost.is

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019**

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Kópavogsbær óskar eftir að ráða sérfræðing í starfsmanna- og launadeild

Hjá starfsmanna- og launadeild Kópavogsbæjar starfa 11 starfsmenn og þar af sinna sjö þeirra launavinnslu til um 3000 starfsmanna mánaðarlega. Auk launavinnslu sinnir deildin ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjaramála og hefur umsjón með launa- og viðverukerfum bæjarins. Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni og hefur þekkingu og getu til að starfa að fjölbreyttum verkefnum er varða launaumsýslu. Unnið er með mannauðs- og launakerfi SAP og tímaskráningarkerfið Vinnustund. Unnið er samkvæmt verkferlum í vottuðu gæðakerfi.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun
- Góð þekking og reynsla af launavinnslu og launaumsýslu
- Þekking og reynsla af mannauðs,- launa- og viðverukerfum
- Góð þekking á Excel
- Skipulags- og greiningarhæfni
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þekking á starfsemi sveitarfélaga er kostur

**Helstu verkefni**

- Ráðgjöf varðandi kjarasamninga og launavinnslu
- Annast launasetningar skv. kjarasamningum og starfsmati
- Ráðgjöf og kennsla á launa-, viðveru- og áætlunarkerfi bæjarins
- Skil á launagögnum og uppgjöri til bókhalds og endurskoðunar
- Vinnsla upplýsinga úr launa- og mannauðskerfi
- Tölfræðilegar úttektir og greinargerðir

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags innan BHM.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019**.

Upplýsingar um starfið gefur Kristrún Einarsdóttir, starfsmannastjóri í síma 441-0000. Einnig má senda fyrirspurnir á **kristrun@kopavogur.is.**

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á ráðningarvef Kópavogsbæjar**.

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:**

**Grunnskólar**
Deildarstjóri í Hörðuvallaskóla
Leiklistar- og dönskukennari í Álfhólsskóla
Kennsluráðgjafar í Hörðuvallaskóla
Textílmenntkennari í Álfhólsskóla
Tónmenntakennari í Álfhólsskóla
Tónmenntakennari í Kársnesskóla
Umsjónarkennari í Lindaskóla
Umsjónarkennarar í Snælandsskóla
Þroskaþjálfi í Álfhólsskóla

**Leikskólar**
Aðstoðarskólastjóri í Austurkór
Deildarstjóri í Rjúpnahæð
Leikskólakennari í Álfatún
Leikskólakennari í Furugrund
Leikskólakennari í Læk
Leikskólasérkennari / þroskaþjálfi í Baug
Ræstitæknir í Rjúpnahæð
Sálfræðingur í hlutastarf
Starfsfólk í Austurkór

**Umhverfissvið**
Eftirlitsmaður eigna
Verkefnastjóri í eignadeild

**Velferðarsvið**
Liðveitendur í stuðningsþjónustu
Starfsmaður á heimili fyrir fatlaða
Þroskaþjálfi í þjónustuíbúðir Dimmuhvarfi

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Seltjarnarnesbær
## Laus störf

### Frístundamiðstöð Seltjarnarness

- **Frístundaleiðbeinandi,** fullt starf með börnum á aldirnum 6-12 ára frá 15. ágúst
- **Þroskaþjálfi,** 50-100% starf með börnum á aldrinum 6-9 ára frá 15. ágúst

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsóknar má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 28. apríl næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Jafnlaunaúttekt PwC 2018

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



emmessís

# VILTU KOMA Í RJÓMAÍSINN?

Emmessís ehf. leitar að sölumanni með meirapróf, í sölu og dreifingu yfir sumartímann á Akureyri. Þarf að geta hafið störf um miðjan maí.

Við leitum að öflugum, jákvæðum einstaklingi með góða þjónustulund. Góð laun í boði.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á netfangið **akureyri@emmessis.is**

Nánari upplýsingar í síma 824 4201, Rannveig Ben.



VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

# Kennari

**Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða stærðfræðikennara í 100% starf fyrir skólaárið 2019-2020.**

**Hæfnikröfur:**
- Háskólapróf í stærðfræði (MS æskilegt).
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Við bjóðum:**
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna – og þróunarstjóri gunninga@verslo.is Umsóknarfrestur er til 23. apríl og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 930 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.



# Langanesbyggð leitar eftir áhugasömum kennurum

Í Grunnskóla Þórshafnar eru tæplega 80 nemendur í hæfilega stórum bekkjardeildum. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefð er fyrir öflugu íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar. Nýr leikskóli er í byggingu og verður tekin í gagnið í sumar Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og Ungmennafélag Langaness stendur fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

## Grunnskólinn á Þórshöfn óskar eftir kennurum til starfa við skólann næsta skólaár

Við óskum eftir áhugasömum kennurum sem eru skapandi í starfi. Við leitum að fólki með margþætta reynslu og bakgrunn sem á það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á fjölbreyttum kennsluháttum og skólaþróun.

Í boði eru fjölbreytt viðfangsefni, þar sem hæfileikar og frumkvæði kennarans fá notið sín. Okkur vantar, umsjónarkennara, stærðfræðikennara, kennara í list og verkgreinar og íþróttakennara.

Starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn hefur tekið virkan þátt í þróunarstarfi á síðustu árum þar sem lögð hefur verið áhersla á þróun fjölbreyttra kennsluhátta, teymisvinnu og á aukna lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfinu. Framundan er áframhaldandi spennandi skólaþróun.

Á Þórshöfn er blómstrandi mannlíf, mikil náttúrufegurð, öflugt íþrótta- og félagsstarf fyrir alla þá sem vilja verða hluti af fjölbreyttri mannlífsflóru norðlensks sjávarþorps.

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl og skulu umsóknir sendar rafrænt á netfangið asdis@thorshafnarskoli.is.**
**Við hlökkum til að heyra frá þér!**

Allar frekari upplýsingar veitir skólastjóri
Ásdís Hr. Viðarsdóttir í síma 4681164 eða 8520412





# Okkur vantar liðsfélaga!

Við leitum að sérfræðingi sem vinnur ásamt öflugu teymi að rekstri og uppbyggingu á hýsingarumhverfi RB ásamt þeim lausnum sem RB býður upp á. Hér býðst frábært tækifæri til að takast á við skemmtileg verkefni í fjölbreyttu rekstrarumhverfi RB með öflugu fagfólki sem brennur fyrir að takast á við stór og krefjandi verkefni. Okkur finnst gaman í vinnunni og gott samstarf meðal starfsfólks og við viðskiptavini okkar er lykilatriði.

### HÆFNISKRÖFUR
- Reynsla af kerfisstjórnun í Windows umhverfi
- Þekking á skýjalausnum og sjálfvirknivæðingu er kostur
- Reynsla af Microsoft SharePoint er kostur
- Þekking á VMware er kostur

### HELSTU VERKEFNI
- Daglegur rekstur á þjónustu í hýsingarumhverfi RB
- Tæknileg uppbygging á þjónustu RB
- Innleiðing á kerfum í samvinnu við viðskiptavini RB
- Tæknileg aðkoma að þróun og uppbyggingu lausna

Umsóknarfrestur er til og með **29. apríl**. Óskað er eftir því að áhugasamir fylli út umsóknir á vef RB, **www.rb.is**.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Daníel Örn Árnason**, forstöðumaður grunnrekstrus, **daniel@rb.is**, 569 8877.

**RB** er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megingreiðslukerfi landsins. Hjá RB starfar margt af öflugasta upplýsingtæknifólki landsins.

RB

SINDRI




VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018
2014–2018

Fyrirmyndarfyrirtæki VR 8 ár í röð

# PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

SINDRI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA METNAÐARFULLA, ÞJÓNUSTULUNDAÐA OG SVEIGJANLEGA EINSTAKLINGA TIL STARFA. UM ER AÐ RÆÐA FJÖLBREYTT OG SPENNANDI STÖRF Í GÓÐU STARFSUMHVERFI.

## AFGREIÐSLUMAÐUR Í SINDRA HAFNARFIRÐI



**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni

**Starfslýsing**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tiltekt og fágangi á pöntunum
- Önnur tilfallandi störf

## SÖLUMAÐUR Í SINDRA REYKJANESBÆ



**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Iðnmenntun kostur

**Starfslýsing**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Frágangur á pöntunum
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf



**Við hvetjum jafnt konur sem karla að sækja um starfið.**
Upplýsingar veitir Þórður í síma 575 0000 eða thk@sindri.is
**Umsóknarfrestur er til 30 apríl.**

**Sindri** er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 120 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðarbyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 8 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin 8 ár.

| Reykjavík | Reykjavík | Kópavogur | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|
| Skútuvogur 1 | Viðarhöfði 6 | Smiðjuvegur 1 | Bæjarhraun 12 |
| Sími 575 0000 | Sími 575 0060 | Sími 567 6000 | Sími 575 0040 |

# Fasteignasali

Öfluð og rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráð löggiltan fasteignasala, eða nema í löggildingu, til sölustarfa. Góð starfsaðstaða og árangurstengd laun.

**Umsóknir sendist á atvinna@frettabladid.is merkt „Fasteignasali" fyrir 20. apríl nk.**



# LANGAR ÞIG AÐ EIGA ÞÁTT Í AÐ MÓTA MATVÖRUVERSLUN FRAMTÍÐARINNAR?

Við í Krónunni leitum að öflugum starfsmanni í **MARKAÐSTEYMIÐ** okkar. Um er að ræða tímabundið starf í eitt ár í teymi sem í sameiningu vinnur að **fjölbreyttum** og **skapandi** verkefnum alla daga.

Umsóknarfrestur er til 23. apríl
**Kronan.is/atvinna**

KRÓNAN

## Tæknimaður á framleiðslusviði

Tæknideild er hluti af framleiðslueiningu Coripharma ehf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Öll viðhaldsvinna er skráð í skjala- og/eða tækjagrunn.

**Helstu verkefni:**
- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og rannsóknardeilda
- Þátttaka í kvörðunum á tækjabúnaði Coripharma
- Þátttaka í uppsetningu á nýjum tækjabúnaði

**Við leitum að einstaklingi**
- með vélfræði-, rafvirkja- eða vélvirkja menntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði (nauðsynlegt)
- sem býr yfir frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

## Sérfræðingur á fjármálasviði

Fjármálasvið hefur yfirumsjón með fjármálum félagsins, reikningshaldi, áætlanagerð og starfsmannamálum.

**Helstu verkefni:**
- Færsla bókhalds, afstemmingar og hafa yfirumsjón með bókhaldi
- Bókun innkaupareikninga og VSK í tolli ásamt verðútreikningum
- Gera og hafa yfirumsjón með VSK uppgjöri
- Aðstoð við mánaðarleg uppgjör og ársuppgjör
- Ásamt mörgum öðrum skemmtilegum verkefnum
- Vinna með fjármálastjóra að uppbyggingu öflugs fjármálasviðs

**Við leitum að einstaklingi:**
- sem er viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði, eða með sambærilega menntun og hefur mikinn metnað fyrir starfinu
- með reynsla af færslu bókhalds og vinnu við gerð ársreikninga
- sem býr yfir frumkvæði, hæfni í mannlegum samkiptum og hefur léttleikan að leiðarljósi
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- sem er tilbúin að taka þátt í uppbyggingu á fjármálasviði Coripharma ehf, við teljum þetta vera tækifæri fyrir réttan aðila til að eflast og þróast í starfi
- með góða ensku- og tölvukunnáttu.

CORIPHARMA

Coripharma er nýtt íslenskt lyfjafyrirtæki sem nýlega keypti verksmiðju Actavis í Hafnarfirði þar sem framleidd eru lyf fyrir alþjóðamarkaði.

**Nánari upplýsingar um störfin veita:**
**Kristinn Ragnarsson, yfirmaður tæknideild**
**kristinnr@coripharma.is S: 420 6711**

**Inga Guðmundsdóttir, fjármálastjóri**
**Ingag@coripharma.is S: 420 6710**

**Umsóknarfrestur er til 24. apríl 2019**
**Umsóknir óskast sendar til:**
**Ingag@coripharma.is**

## Verkfræðingur / Tæknifræðingur / Iðnfræðingur

Fagverk verktakar óska eftir að ráða til sín Verkfræðing / Tæknifræðing / Iðnfræðing

Starfið er fjölbreytt og felur meðal annars í sér utanumhald verkefna frá tilboði til reiknings og allt þar á milli. Samskipti við viðskiptamenn ,verkstjórnendur Fagverk ,eftirlitsmenn verkefna, skrifstofu og framkvæmdastjóra Fagverks, Starfið felur einnig í sér mælingar útá örkinni og vinnu við gæðakerfi Fagverks. Viðkomandi þarf að hafa einhverskonar reynslu að verklegum framkvæmdum helst tengt malbikun

Fagverk Verktakar ehf er 15 ára fyrirtæki sem sérhæfir sig í malbikun og malbiksfræsun og hefur undanfarin ár verið framúrskarandi fyrirtæki samkv lysta cretitifo

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á **villi@malbika.is**

Fagverk
verktakar



## JÁRNIÐNAÐARMAÐUR

Faxaflóahafnir sf óska eftir að ráða járniðnaðarmann til starfa.

Starfið felst í vinnu við ýmis viðhaldsverkefni við hafnirnar.

Starfsmaðurinn mun hafa starfsstöð í Bækistöð Faxaflóahafna
að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið olafur@faxafloahafnir.is , eigi síðar en **föstudaginn 10. maí n.k.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur
Jóhann P. Guðnason yfirverkstjóri í síma 525 8951

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

## Lyfjafræðingur óskast

Lyfjaver óskar eftir að ráða lyfjafræðing til fjölbreyttra starfa hjá fyrirtækinu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í apóteki. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, nákvæmur og skipulagður ásamt því að geta unnið undir álagi.

Verkefni eru fjölbreytt og starfa lyfjafræðingar eftir breytilegu plani. Almennur vinnutími er 8:30-16:30 og einhverja daga til kl 18. Einnig er opið á laugardögum og geta komið til vaktir á laugardögum.

Hjá Lyfjaveri starfar stór og góður hópur lyfjafræðinga ásamt fjölda annarra starfsmanna.

Lyfjaver rekur vélskömmtun lyfja, apótek og heilsuverslun, lyfjaheildsölu og sinnir þjónustu við heilbrigðisstofnanir um land allt.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2019 og óskast umsóknir með ferilskrá sendar á atvinna@lyfjaver.is. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september eða fyrr.**

Nánari upplýsingar veitir Hákon Steinsson, framkvæmdastjóri, í síma 847 7767 eða hakon@lyfjaver.is.

LYFJAVER

**LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN**

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

# Stjórnarráðsfulltrúi
## Forsætisráðuneytið

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf stjórnarráðsfulltrúa á skrifstofu yfirstjórnar. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á skipulagningu, frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

**Starfssvið**

Starfið felst meðal annars í aðkomu að undirbúningi ríkisstjórnarfunda og ríkisráðsafgreiðslna, öflun upplýsinga og gagna, svörun erinda, skráningu í vefumsjónarkerfi Stjórnarráðsins, skráningu og frágangi mála í málaskrá ráðuneytisins, þátttöku í undirbúningi ýmissa viðburða ásamt öðrum almennum skrifstofu- og ritarastörfum og afleysingum innan ráðuneytisins.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af skrifstofu- og ritarastörfum
- Sveigjanleiki og færni til að vinna undir álagi
- Góð tölvufærni og þekking á helstu Office365 forritum
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Þjónustulund ásamt færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla úr stjórnsýslunni er æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Geir Ágústsson skrifstofustjóri á skrifstofu yfirstjórnar í síma 545 8400. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt kynningarbréfi og upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast forsætisráðuneytinu á netfangið postur@for.is, eigi síðar en 6. maí nk. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Forsætisráðuneytinu, 11. apríl 2019.

**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

ÍAV 1954 2019 65

## GÆÐASTJÓRI

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*



***Við breytum vilja í verk***

**ÍAV óskar eftir gæðastjóra til starfa í verkefni á okkar vegum við flugvöllinn á Suðurnesjum**

**Í samstarfi við verkefnastjóra verksins mun starfssvið gæðastjóra felast í:**

- Undirbúningur framkvæmda samhliða stjórnendum verksins
- Mótun og framkvæmd á gæðamálum verksins
- Vikulegir fundir með stjórnendum verksins
- Uppfærsla á As-build teikningum og yfirferð á teikningaskrám
- Dagleg skráning á gæðaskýrslum, studdar með myndum
- Þróun verkferla í samráði við stjórnendur og starfsmenn
- Innri úttektir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- A.m.k. 3ja ára háskólanám á sviði verkfræði, tæknifræði eða byggingafræði
- 5 ára reynsla af stjórnun jarðvinnu- og/eða byggingaverkefna, þar af 2ja ára reynsla sem gæðastjóri
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Grunnþekking á stjórnunarstaðlinum ISO 9001:2015
- Starfsreynsla og þekking á verkefnum í byggingariðnaði er æskileg

**Aðrir eiginleikar - önnur hæfni:**

- Góð samskiptahæfni
- Skipuleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

*Upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri í síma 530-4200 eða magni@iav.is. Umsóknum skal skilað á vefinn www.iav.is.*

*Umsóknarfrestur er til 19. maí nk.*

bsi ISO 9001 Quality Management FM 512106 · OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is




Kópavogsbær auglýsir eftir verkefnisstjóra til að veita skólaþjónustu grunnskóla forstöðu. Í Kópavogi eru starfræktir 9 grunnskólar og annast Menntasvið Kópavogs umfangsmikla skólaþjónustu við skólana. Hlutverk og verksvið verkefnisstjóra er að vera faglegur leiðtogi um menntun fyrir alla og hafa umsjón með skólaþjónustu grunnskólanna. Verkefnisstjóri skólaþjónustu sér um skipulag stuðnings við nemendur með sérþarfir og er faglegur ráðgjafi kennara sérúrræða. Hann hefur umsjón með verktökum sem sinna sérfræðivinnu innan skólaþjónustunnar. Jafnframt ber hann ábyrgð á samstarfi við aðrar stofnanir innan og utan sveitarfélags um ýmis málefni sem lúta að skólaþjónustu og menntun fyrir alla.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Meistarapróf á sviði sérkennslu-, menntunar-, uppeldis- eða sálfræði skilyrði
- Reynsla af störfum í grunnskóla skilyrði.
- Færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Ráðningartími**
Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Umsókn skal skila með ferilskrá á vef bæjarins **www.kopavogur.is**

**Frekari upplýsingar:**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi BHM og Sambands íslenskra sveitarfélaga

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2019**
Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Hermannsóttir deildarstjóri grunnskóladeildar Kópavogs, **ragnheidur@kopavogur.is**

Konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið
**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is




## Stjórn Tónlistarskóla FÍH

**(Félags íslenskra hljómlistarmanna) auglýsir eftir skólastjóra í fullt starf frá og með 1. ágúst 2019.**

Tónlistarskóli FÍH er leiðandi menntastofnun í íslensku tónlistarlífi. Kennarar eru allir í hópi virkustu tónlistarmanna landsins og útskriftarnemendur orðnir á annað hundrað.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
Við leitum að hæfum, kröftugum leiðtoga sem getur veitt faglega forystu og leitt stefnumótun og sýn skólastarfsins til framtíðar. Meðal helstu verkefna eru að vekja athygli á skólanum og laða að nemendur, móta spennandi skólastarf, stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, umsjón með eftirliti og mati á þjónustu skólans, virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfsins og samvinna við sambærilegar stofnanir ásamt samstarfi við aðila tónlistarsamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tónlistar
- Reynsla sem tónlistarkennari og sem atvinnumaður í tónlist
- Tónlistarleg víðsýni, áhugi á skólaþróun og nýjungum
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Leiðtogahæfni, metnaður og frumkvæði
- Reynsla á sviði stjórnunar
- Mjög góð tölvufærni
- Staðgóð tungumálakunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Umsóknum** ásamt ferilskrá skal skilað rafrænt eigi síðar en **mánudaginn 23. apríl** til Gunnhildar Arnardóttur á netfangið gunnhildurarnar@ceohuxun.is merkt ***Skólastjóri – Tónlistaskóli FÍH***. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

**Nánari upplýsingar** um starfið veitir Júlía Guðlaugsdóttir, ritari skólans, julia@fih.is, 588 8956. Laun eru skv. kjarasamningi Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

---

Tónlistarskóli FÍH er í eigu Félags íslenskra hljómlistarmanna og hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins. Hann býður upp á hefðbundið tónlistarnám auk kennslu í rytmískri tónlist (djass, popp og rokk). Frá og með hausti 2017 hefur skólinn sérhæft sig í kennslu á grunn- og miðstigi í hljóðfæraleik og grunnnámi í söng. Samstarf er mikið við MÍT (Menntaskóli í tónlist) sem sér um kennsluna á efri stigum.

# Erum við að leita að ykkur?

Akraneskaupstaður auglýsir tvær stöður lausar til umsóknar á skipulags- og umhverfissviði. Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með rúmlega sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð.

Akraneskaupstaður

## Yfirverkstjóri óskast til starfa

Laust er til umsóknar starf yfirverkstjóra á skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar. Yfirverkstjóri heyrir undir umhverfisstjóra og hefur yfirumsjón með vinnuskólanum á Akranesi ásamt faglegri framkvæmd með stofnanalóðum, útivistarsvæðum, leiksvæðum og öðrum opnum svæðum undir stjórn umhverfisstjóra. Yfirverkstjóri hefur einnig undir sinni stjórn sumarstarfsfólk þ.e. starfsfólk garðyrkjudeildar og vinnuskóla. Starfsstöð yfirverkstjóra er í áhaldahúsinu á Laugarbraut og starfar viðkomandi samhliða öðrum starfsmönnum þar.

**Starfssvið**

- Yfirumsjón með rekstri og skipulagningu vinnuskólans.
- Umhirða og viðhald stofnanalóða og opinna svæða.
- Vinnur að ræktun plantna og trjáa.
- Annast skipulagningu á sviði garðyrkju.
- Hefur umsjón og eftirlit með öryggi leiktækja o.þ.h.
- Stýrir verkum sumarstarfsmanna og/eða verktaka.
- Vinnur að verk- og fjárhagsáætlunargerð samhliða umhverfisstjóra.
- Umsjón með tækja- og áhaldakaupum.

Lögð er sérstök áhersla á að umsækjendur hafi áhuga og metnað fyrir ásýnd umhverfisins. Umsækjendur þurfa jafnframt að vera opnir fyrir þróunarvinnu í tengslum við framtíðarstarfsemi vinnuskóla.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla á sviði verkstjórnunnar og/eða garðyrkju æskileg.
- Reynsla af störfum með ungmennum.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Reynsla af áætlanagerð æskileg.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

***Nánari upplýsingar gefur Sindri Birgisson umhverfisstjóri í tölvupósti á netfangið sindri.birgisson@akranes.is eða í síma 433-1000.***

## Smiður óskast til starfa

Laust er til umsóknar starf smiðs á skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar. Starfið heyrir undir rekstrarstjóra áhaldahúss og er starfsstöð í áhaldahúsinu Laugarbraut þar sem viðkomandi starfar samhliða öðrum starfsmönnum þess.

**Starfssvið**

- Almennt viðhald og viðgerðir á fasteignum, stofnanalóðum og opnum svæðum Akraneskaupstaðar.
- Innri þjónusta við stofnanir, stofnanalóðir og opin svæði Akraneskaupstaðar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi, s.s. sveinspróf í húsasmíði.
- Reynsla af sambærilegum störfum.
- Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt.
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður og vandvirkur í starfi.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

***Nánari upplýsingar gefur Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss á netfangið alfred.alfredsson@akranes.is eða í síma 433-1000.***

Umsóknarfrestur um störfin er til og með 4. maí næstkomandi. Sótt er um í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaða, www.akranes.is. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem fram koma ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins. Í samræmi við mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar eru bæði konur og karlar hvött til að sækja um störfin.










*www.akranes.is*

# Leikskólastjóri óskast til starfa

**Vilt þú vera hluti af öflugu stjórnendateymi í leik- og grunnskólum Skagafjarðar? Sveitarfélagið Skagafjörður auglýsir stöðu leikskólastjóra lausa til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019 eða eftir samkomulagi. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða skólastarfið með jákvæðum hætti, stilla saman strengi starfsmanna og heimila og vera tilbúinn til að vinna í teymum með sérfræðingum skólaþjónustu og yfirstjórn skólamála í héraðinu. Hann þarf að vera framsýnn, lausnamiðaður, hugmyndaríkur og umbótasinnaður. Ítarlegri upplýsingar um starfið auk menntunar- og hæfniskröfur má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2019.**

Nánari upplýsingar veitir Herdís Á Sæmundardóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma *455 6000* eða *has@skagafjordur.is* Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins *www.skagafjordur.is (laus störf).* Karlar, sem og konur, eru hvattir til að sækja um.

www.skagafjordur.is

Skagafjörður

# Skólastjóri Dalvíkurskóla

**Laus er til umsóknar staða skólastjóra Dalvíkurskóla**
Dalvíkurskóli er 220 nemenda grunnskóli. Einkunnarorð skólans eru: **Þekking og færni, virðing og vellíðan**. Skólinn flaggar Grænfána og vinnur eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar. Skólastarfið byggist á teymisvinnu og að nám og kennsla sé ávallt einstaklingsmiðað með áherslu á snemmtæka íhlutun. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dugnaði öflugt skólasamfélag með samstöðu, jákvæðni og árangur að leiðarljósi.

**Starfssvið:**
- Að veita skólanum faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu Dalvíkurbyggðar, Aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla
- Að stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans
- Að bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og menntunarfræða er kostur
- Þekking á áætlanagerð, fjármálastjórnun og stefnumótunarvinnu er kostur
- Reynsla á sviði stjórnunar og faglegrar forystu menntastofnana er kostur
- Frumkvæði, leiðtogahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að miðla upplýsingum

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum og er skapandi og metnaðarfullur. Staðan er laus frá 1. ágúst 2019.
Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar (kynningarbréf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.
Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og lærdómssamfélag og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar eru með því besta sem gerist hér á landi, jafnt sumar sem vetur. Dalvíkurbyggð er heilsueflandi samfélag. Sveitarfélagið er framsækið og leggur metnað sinn í að veita íbúum góða þjónustu

**Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2019**

Upplýsingar gefur Gísli Bjarnason, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar, netfang gisli@dalvikurbyggd.is eða í símum 4604916 og 8631329. Umsókn ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi skal sent á netfangið gisli@dalvikurbyggd.is.

STJÖRNU GRÍS

**Stjörnugrís hf, sem er eitt af leiðandi fyrirtækjum í kjötiðnaði á Íslandi,**

auglýsir eftir kjötiðnaðarmönnum og mönnum vönum kjötskurði til framtíðarstarfa.

Umsóknarfrestur er til 17. Apríl.

Vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á leifur@svinvirkar.is

Stóru-Vogaskóli
Virðing – Vinátta – Velgengni

## Lausar stöður grunnskólakennara í Stóru-Vogaskóla

**Stóru-Vogaskóli óskar eftir að ráða grunnskólakennara í eftirfarandi stöður:**
- Umsjónarkennslu
- Náttúrufræði
- Heimilisfræði
- Smíði
- Textíl
- Sérkennslu

Stóru-Vogaskóli er 170 barna grunnskóli þar sem skólastarf er í senn metnaðarfullt og faglegt. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og velgengni sem endurspeglast í daglegu starfi í skólanum. Í skólanum er góður starfsandi og hefur skólinn á að skipa öflugu og áhugasömu starfsfólki.

Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í nálægð við fjölbreytta náttúru. Stóru-Vogaskóli er grænfánaskóli.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf sem grunnskólakennari
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Færni í samvinnu og teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvísi
- Áhugi á að starfa með börnum

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á póstfangið skoli@vogar.is fyrir föstudaginn 27. apríl 2019.

Nánari upplýsingar veita Hálfdan Þorsteinsson skólastjóri og Hilmar Egill Sveinbjörnsson aðstoðarskólastjóri í síma 440-6250.

# Verið velkomin í öflugt lið fagfólks á HSS!

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja leitar að metnaðaðarfullum einstaklingum til framtíðarstarfa á spennandi vinnustað þar sem áhersla er á góða þjónustu, þverfaglega teymisvinnu og jákvæðan starfsanda.

- Hjúkrunarfræðingar
- Sálfræðingar
- Sérfræðingar í heimilislækningum
- Barnageðlæknir
- Geðlæknir

Frekari upplýsingar á Starfatorgi og á vef HSS.



HSS
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Til þjónustu reiðubúin

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Tónmenntakennari

**Garðaskóli**
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur

**Urriðaholtsskóli**
- Leikskólakennarar
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur

**Leikskólinn Bæjarból**
- Leikskólakennari eða starfsmaður með aðra hagnýta menntun

**Leikskólinn Kirkjuból**
- Deildarstjóri

**Miðskógar – heimili fatlaðs fólks**
- Starfsmaður í sumarafleysingar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**

---

**Flöskumóttaka**
**Endurvinnslan**

# Endurvinnslan leitar að öflugum tækjastjóra.

Við leitum að kraftmiklum einstakling með góða skipulags hæfileika og framúrskarandi verklagni.

Tækjastjóri ber ábyrgð á virkni og viðhaldi tækja og vélbúnaðar í eigu Endurvinnslunnar. Um fjölbreytt starf er að ræði. Starfsmaður mun sinna viðhaldi á öllum starfsstöðvum endurvinnslunnar og verður því á ferð og flugi. Starfinu fylgir bifreið í eigu Endurvinnslunnar.

## Hæfniskröfur:
- Víðtæk reynsla af viðhaldi og rekstri véla og tækjabúnaðar er skilyrði
- Reynsla sem nýtist í starfi.

**Um er að ræða framtíðarstaf.**

## Helstu verkefni:
- Ábyrð á virkni og viðhaldi á öllum vélbúnaði.
- Verklegt viðhald á vélbúnaði, skoðun á slitflötum til að tryggja fyrirbyggjandi ráðstafanir
- Reglulegri yfirferð á vél og tækjabúnaði Endurvinnslunnar á öllum starfstöðvum í samræmi við viðhaldsáætlun og skráningar þeim tengdum
- Yfirumsjón með stærri viðgerðum og viðhaldsverkefnum.
- Kaup rekstrar og varahluta vegna viðhalds og lagers fyrir vélbúnað á öllum starfsstöðvum
- Samskipti við verktaka vegna vélbúnaðar
- Ábyrð á öryggismálum vélbúnaðar
- Þáttaka í þróun nýrra lausna vegna vélavinnslu.

**Umsóknarfrestur er til 22.apríl.**
**Umsóknir sendist á netfangið orvar@evhf.is merkt „tækjastjóri".**

*Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989, skv. lögum nr. 52/1989. Ástæða stofnunar félagsins var náttúru- og umhverfisvernd. Endurvinnslan sér um móttöku, ásamt umboðsmönnum sínum, allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu. 58 starfstöðvar starfa fyrir félagið um allt land. Frá því fyrirtækið hóf starfsemi hefur árangur söfnunar verið með því besta sem gerist og hefur verið að nálgast 90% skil á ársgrundvelli. Endurvinnslan hefur virka umhverfisstefnu og er með ISO 14001 vottun. Jafnframt er Endurvinnslan með jafnlaunavottun.*

---

# Lausar stöður við Grunnskólann í Stykkishólmi og Leikskólann í Stykkishólmi

**Stykkishólmsbær**

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi eru 160 nemendur. **Gleði – samvinna – sjálfstæði** eru einkunnarorð skólans og störfum við eftir Uppeldi til ábyrgðar. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til að efla starfið enn frekar í þeim anda. Í Leikskólanum í Stykkishólmi eru 83 nemendur frá 12 mánaða aldri á fjórum deildum. Einkunnarorð leikskólans eru **virðing – gleði – kærleikur.** Stykkishólmsbær eða „Bærinn við eyjarnar" er 1200 manna bær á Snæfellsnesi með fallega náttúru og öflugt mannlíf. Í Stykkishólmi er vottað heilsueflandi vatn í sundlauginni.

*Láttu Hólminn heilla þig*

## Stöður í Grunnskólanum í Stykkishólmi
**- 100% staða umsjónarkennara á miðstigi frá 1. ágúst.**
**- 50% staða heimilisfræðikennara í 5. - 7. bekk frá 1. ágúst.**
**- 25% staða tónmenntakennara í 1. - 5. bekk frá 1. ágúst.**
**- 25% staða leiklistarkennara í 1. - 5. bekk frá 1. ágúst.**

**Hæfniskröfur**
- Kennsluréttindi á grunnskólastigi ásamt leyfisbréfi
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði
- Faglegur metnaður
- Áhugi og hæfni til að starfa í teymisvinnu

**- 50% staða skólaliða í Regnbogalandi frá 1. ágúst - vinnutími frá kl. 12-16**

**Hæfniskröfur:**
- Aldurstakmark 20 ára
- Áhugi á að vinna með börnum
- Menntun sem nýtist í starfi
- Krafist er íslenskukunnáttu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi

**- 100% staða deildarstjóra stoðþjónustu frá 1. ágúst.**

**Hæfniskröfur**
- Menntun í sérkennslufræðum og/eða reynsla af kennslu nemenda með sérþarfir
- Minnst 2 ára reynsla af starfi í grunnskóla
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti
- Faglegur metnaður

**Ábyrgðarsvið**
- Sérkennsla í 50% stöðu
- Stjórnunarhluti er því 50%
- Gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd með námi
- Samstarf við foreldra og fagaðila vegna málefna nemenda með sérþarfir, sér í lagi lesblindu, einhverfu og ADHD.
- Næsti yfirmaður stuðningsfulltrúa og kennara sem sinna sérkennslu

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands og viðeigandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir skólastjóri í síma 433-8178/895-3828 eða á netfangið berglind@stykk.is.
Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra ásamt ferilskrá fyrir 26. apríl 2019

## Stöður í Leikskólanum í Stykkishólmi
**- 100 % stöður deildarstjóra frá 12. ágúst.**
**- 100% staða sérkennslustjóra frá 12. ágúst.**
**- 100% stöður leikskólakennara frá 12. ágúst.**

**Gerð er krafa um:**
- Leikskólakennaramenntun
- Góða tölvu- og íslensku kunnáttu
- Færni í samskiptum
- Metnað fyrir leikskólakennslu

Vakin er athygli á því að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa, munu aðrar umsóknir koma til greina. Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum er æskileg. Athugið að störfin henta bæði konum og körlum. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfin gefur Elísabet Lára Björgvinsdóttir leikskólastjóri í síma 433-8128/898-5855 eða á netfanginu leikskoli@stykkisholmur.is.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Stykkishólmsbæjar og á vef bæjarins www.stykkisholmur.is á íbúagáttinni.

**Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2019.**

Náttúrufræðistofa Kópavogs

# AUGLÝSIR STARF LÍFFRÆÐINGS LAUST TIL UMSÓKNAR

Umsóknarfrestur er til og með **28. apríl 2019**.

Nánari upplýsingar veitir Finnur Ingimarsson í síma 4417202 eða finnur@natkop.is.

Karlar jafnt sem konur er hvattir til að sækja um starfið. Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, **www.kopavogur.is**.

Náttúrufræðistofa Kópavogs óskar að ráða líffræðing í 75% stöðu frá byrjun maí eða eftir samkomulagi. Vinnutími getur verið nokkuð sveigjanlegur.

Helstu verkefni

- Verkleg framkvæmd sýnatöku, úrvinnsla, greining, skráning og frágangur sýna.
- Skýrsluskrif, túlkun og birting niðurstaðna í samstarfi við aðra starfsmenn.
- Móttaka hópa og leiðsögn um sýningarsafn.
- Tekur þátt í ráðgjöf og kynningu í samstarfi við aðra starfsmenn.
- Safnvarsla og daglegt eftirlit með sýningarsafni og vísindasöfnum.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf í líffræði æskilegt.
- Þekking á ritvinnslu- og töflureiknum nauðsynleg.
- Færni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti.
- Góð tök á íslensku og ensku æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði og traust vinnubrögð.
- Jákvæðni og áreiðanleiki.

Hlutverk Náttúrufræðistofunnar er að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd.

Frekari upplýsingar

Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra náttúrufræðinga.

# LAUS STÖRF

## HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**

» Sálfræðingur

**Grunnskólar**

» Skólastjóri - Lækjarskóli
» Dönskukennsla í unglingadeild – Setbergsskóli
» Unglingadeildarkennari - Skarðshlíðarskóli
» Aðstoðarverkefnastjóri Hraunkot - Víðistaðaskóli
» Umsjónarkennari á yngra stigi - Víðistaðaskóli
» Íþróttakennari - Öldutúnsskóli
» Sérkennari á unglingastigi - Öldutúnsskóli
» Sérkennari á yngri stigum - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**

» Deildarstjóri - Álfasteinn
» Leikskólakennari - Álfasteinn
» Deildarstjóri - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Norðurberg
» Aðstoðarleikskólastjóri - Skarðshlíðarleikskóli
» Deildarstjóri - Skarðshlíðarleikskóli
» Leikskólakennari - Skarðshlíðarleikskóli
» Sérkennslustjóri - Skarðshlíðarleikskóli
» Sérkennslustjóri - Vesturkot

**Málefni fatlaðs fólks**

» Afleysingastarf - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
» Starfsmaður í búsetukjarna fyrir geðfatlaða

**Stjórnsýslusvið**

» Mannauðsráðgjafi
» Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is




Alcoa Fjarðaál hefur sett sér það markmið að jafna kynjahlutföll og byggja upp vinnustað þar sem allir fá jöfn tækifæri til að njóta sín og vaxa í starfi. Við leitum nú að öflugu fólki fyrir spennandi störf í tækniteymi steypuskála Fjarðaáls og hvetjum konur með bakgrunn í verk- og tæknifræði sérstaklega til að sækja um.

Fylgstu með okkur á Facebook

Sveitarfélagið
ÁRBORG

# Kennarastöður 2019 - 2020

**Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri auglýsir eftir kennurum frá og með 1. ágúst 2019.**

Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk og kennt er í tveimur starfsstöðvum. Á Stokkseyri eru nemendur 1. – 6. bekk og á Eyrarbakka eru nemendur í 7.–10. bekk. Skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólana og áhersla er lögð á góða samvinnu við heimilin.

## Kennarastöður:

- Textilkennari
- Íþróttakennari
- Umsjónarkennarar

## Menntun og hæfnikröfur:

- Grunnskólakennararéttindi áskilin
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði í starfi
- Áhugi fyrir teymiskennslu

Frekari upplýsingar veitir Magnús J. Magnússon, skólastjóri, símar 480 3200 og 893 2136. Netfang: **magnus@barnaskolinn.is** og áhugasamir geta sent skriflegar umsóknir ásamt starfsferilskrá á það netfang og/eða í pósti merktum Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri v/kennaraumsókna, 825 Stokkseyri. Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2019

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans **www.barnaskolinn.is** og **sveitarfélagsins www.arborg.is**

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Leikskólastjóri í Klettaborg – Umsóknarfrestur framlengdur

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Klettaborg lausa til umsóknar.**
Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli við Dyrhamra í Grafarvogi í næsta nágrenni við Voginn. Leiðarljós leikskólans eru gleði, virðing og öryggi. Klettaborg er heilsueflandi leikskóli og áhersla lögð á hreyfingu og útiveru. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um að læra í gegnum leikinn og með læsi í gegnum þjóðsögur, þulur og *Lubbi finnur málbein.* Markvisst er unnið að því að skapa frjótt málumhverfi þar sem áhersla er lögð á góð samskipti og að börnin njóti hlýju og umhyggju þannig að þeim líði vel í leikskólanum, læri og dafni. Börnin eru með ferilmöppur sem fylgir þeim alla leikskólagönguna og gott samstarf er á milli leikskólans og hverfisskólans. Klettaborg var metin af Menntamálastofnun 2018 og á heimasíðu leikskólans, www.klettaborg.is, má nálgast upplýsingar um það og um starfið í leikskólanum.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Klettaborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2019.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
**Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---


**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

**Capacent_**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**capacent.is**


---

## Um steypuskálann

Tækniteymið vinnur að stöðugri þróun framleiðslutækja og -ferla í steypuskálanum sem er meðal þeirra fullkomnustu heiminum. Steypuskálinn tekur við um 950 tonnum af bráðnu áli á sólarhring og vinnur það áfram í þremur háþróuðum framleiðslulínum. Afurðirnar eru álvírar fyrir framleiðendur rafmagnskapla, stangir úr álblöndum fyrir bílaiðnað og hleifar úr hreinu áli.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.** Frekari upplýsingar veitir Júlíus Brynjarsson, hjá **julius.brynjarsson@alcoa.com** eða í síma **470 7700**. Hægt er að sækja um störfin á **www.alcoa.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl.** Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað.

## Leiðtogi tækniteymis steypuskála

**Ábyrgð og verkefni**

- Skipuleggja og leiða starf tækniteymis steypuskála
- Hafa umsjón með gerð áætlana og greiningu gagna
- Leita stöðugra umbóta á framleiðsluferlum
- Samstarf um tæknimál við önnur framleiðslusvæði
- Tengiliður við framleiðendur búnaðar og tækniteymi Alcoa á heimsvísu
- Tryggja þjálfun og hæfni í teyminu og stuðla að jákvæðum teymisanda

**Hæfniskröfur**

- Hagnýt menntun í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af stjórnun og framleiðslu
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Hæfni til að miðla þekkingu og virkja aðra
- Starfið krefst í senn frumkvæðis og teymisvinnu

## Verk- eða tæknifræðingur í tækniteymi steypuskála

**Ábyrgð og verkefni**

- Tæknileg stýring framleiðsluvéla
- Greina gögn og hámarka framleiðni
- Veita tæknilegan stuðning og þjálfun í framleiðslu
- Eftirlit með gæðum hráefna og afurða
- Leita stöðugra umbóta á framleiðsluferlum
- Verkefnastjórnun og teymisvinna

**Hæfniskröfur**

- Hagnýt menntun í verk- eða tæknifræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni til að vinna úr gögnum og miðla upplýsingum
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Starfið krefst í senn frumkvæðis og teymisvinnu



**Heilindi · Árangur · Umhyggja**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

# Starfsmaður í móttöku

EY óskar eftir að ráða áreiðanlegan og þjónustulipran einstakling til starfa í móttöku. Um 50% starf er að ræða, en hærra starfshlutfall kemur til greina. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni felast í móttöku gesta og símsvörun, umsjón með fundarherbergjum, yfirlestri texta á íslensku og ensku ásamt öðrum verkefnum.

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi og góð tölvukunnátta
- Samskiptafærni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Samviskusemi, snyrtimennska og þagmælska
- Góð kunnátta í rituðu og töluðu íslensku og ensku

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Hildar Pálsdóttur, hildur.palsdottir@is.ey.com, eða í gegnum heimasíðu EY.

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.

**www.ey.is**



EY
Building a better working world

© 2019 Ernst & Young ehf, öll réttindi áskilin.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Upplýsingafulltrúi

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf upplýsingafulltrúa á svið alþjóðasamskipta og skrifstofu seðlabankastjóra til að vinna að nýsköpun í upplýsinga- og kynningarstarfi bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með nýmiðlun í kynningarstarfi bankans.
- Nýsköpun í upplýsinga- og kynningarefni bankans.
- Gerð og miðlun upplýsinga um helstu verkefni bankans.
- Umsjón með gerð myndræns kynningarefnis.
- Eftirfylgni upplýsingastefnu og markmiða í upplýsingamálum.
- Ráðgjöf og aðstoð við efnisgerð vegna kynningar-, fræðslu- og útgáfumála.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af kynningarstarfi og fjölmiðlun.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Góð kunnátta og ritfærni í íslensku og ensku.
- Góð þekking á efnahags- og peningamálum og fjármálamörkuðum er kostur.
- Drifkraftur, frumkvæði og geta til að vinna faglega og sjálfstætt.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðrún S. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu seðlabankastjóra, netfang: gudrun.soley.gunnarsdottir@sedlabanki.is og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, mannauðsstjóri, netfang: mannaudur@sedlabanki.is.

## Sérfræðingur

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í umbroti á sviði rekstrar. Markmið og hlutverk sviðsins er að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir Seðlabankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Umbrot á ritum bankans.
- Útlitshönnun prent-, skjá- og vefefnis.
- Framsetning upplýsinga á myndrænu formi, glærugerð og línurit.
- Þátttaka í mótun hönnunarstaðals bankans.
- Sæti í samstarfshópi um þróun vefmála.

**Hæfniskröfur:**
- Grafískur hönnuður eða sambærilegt nám.
- Reynsla í grafískri hönnun og frágangi verkefna í prent.
- Góð þekking á InDesign, Photoshop, Illustrator, Acrobat Pro, Power Point, Word og Excel.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og metnaður í starfi.
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar.
- Góð þjónustulund.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sveinn Blöndal, forstöðumaður, netfang: sveinn.blondal@sedlabanki.is og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, mannauðsstjóri, netfang: mannaudur@sedlabanki.is.

Sótt er um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2019. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



ÍSAFJARÐARBÆR

## Forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

Ísafjarðarbær auglýsir, f.h. stjórnar Byggðasafns Vestfjarða, starf forstöðumanns laust til umsóknar. Um er að ræða 100% starf frá 1. september 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2019.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur Byggðasafns Vestfjarða og hefur yfirumsjón með varðveislu muna safnsins. Hann veitir Byggðasafni Vestfjarða forstöðu, hefur umsjón með söfnun þjóðlegra muna, skrásetningu þeirra, viðgerð og uppsetningu sýninga. Hann sér um, að safnið sé til sýnis almenningi á tilteknum tímum og hefur frumkvæði að kynningu á þeim menningarsögulegu heimildum sem þar eru varðveittar. Forstöðumaður starfar samkvæmt safnalögum og er það megin hlutverk byggðasafnsins að safna þjóðlegum munum, skrásetja og setja upp til sýninga fyrir almenning.

**Helstu verkefni:**
- Ber ábyrgð á stefnumótun safnsins ásamt því að vinna starfsáætlanir og markmið í samræmi við safnalög og samþykktir Byggðasafns Vestfjarða
- Vinnur fjárhagsáætlun í samvinnu við stjórn safnsins og fylgir henni eftir í starfi
- Hefur frumkvæði að og sér um öflun styrkja til reksturs og sérverkefna
- Annast fjárreiður safnsins og sér um að innheimta tekna fari fram
- Hefur umsjón með gerð kynningarefnis og sér um kynningarmál safnsins
- Yfirumsjón með skýrslugerð og skilum til viðeigandi aðila
- Situr fundi stjórnar Byggðasafns Vestfjarða og situr fundi nefnda eða ráða samkvæmt ósk stjórnar Byggðasafns Vestfjarða
- Yfirumsjón með meðferð, skráningu og uppsetningu muna samkvæmt safnalögum
- Starfsmannamál
- Vinnur samkvæmt lögum og reglugerðum sem um safnið gilda hverju sinni sem og siðareglum minjasafna

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun á ábyrgðarsviði safnsins (s.s. menningar- og safnafræði, þjóðfræði, menningarmiðlun) og/eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Reynsla í sýninga- og rýmishönnun
- Reynsla af stjórnun og rekstri kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og leiðtogahæfileikar
- Skipulagshæfni, metnaður og frumkvæði
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta og hæfni til að miðla upplýsingum bæði í mæltu máli og rituðu
- Góð almenn tölvukunnátta, hæfni við vinnu með mynd- og teikniforrit sem og önnur tölvuvinnsla
- Talnagleggni og skilningur á rekstri

Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknum skal skilað til mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar í netfangið baldurjo@isafjordur.is. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar gefur Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri, í síma 450-8032 eða í gegnum tölvupóst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

***-Við þjónum með gleði til gagns-***

MENNTAMÁLASTOFNUN

## Sérfræðingur í námsgagnagerð

Menntamálastofnun leitar að sjálfstæðum og drífandi starfsmanni með mikla þekkingu og áhuga á námsgögnum og námsgagnagerð.

Hlutverk sérfræðingsins er að vinna að gerð og miðlun námsefnis á grunnskólastigi með áherslu á náttúrufræði og nýtingu stafrænnar tækni. Í því felst að skilgreina áherslur í námsefni í samráði við fagaðila, vinna með höfundum að gerð efnis og ritstýra efni til útgáfu.

Um er að ræða 100% starf og laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af grunnskólastarfi skilyrði.
- Þekking á raungreinum og nýtingu stafrænnar tækni skilyrði.
- Þekking og reynsla af ritstjórn og útgáfu æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og meðferð ritaðs máls.
- Góð tölvukunnátta og þekking á notkun hugbúnaðar.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Starfið felur í sér mikil samskipti við aðila bæði innan og utan stofnunarinnar og starfsmaður þarf að vera reiðubúinn til að sinna ýmsum þeim störfum sem kunna að þarfnast úrlausnar hjá stofnuninni.

Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsókn sendist á skjalasafn@mms.is merkt: Sérfræðingur í námsgagnagerð. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erling R. Erlingsson, sviðsstjóri, í s. 514-7500, netfang: erling.erlingsson@mms.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2019.**

## Verkefnastjóri hugbúnaðarlausna

Menntamálastofnun leitar að sjálfstæðum og drífandi starfsmanni með þekkingu og reynslu á verkefnastjórnun og hugbúnaðarmálum.

Hlutverk verkefnastjórans er að skipuleggja og sjá um uppbygginu og þróun hugbúnaðarlausna Menntamálastofnunar. Stofnunin rekur ýmis upplýsingakerfi vegna þjónustu við skóla, upplýsingamiðlunar og greininga og er stefna hennar að kaupa vinnu við forritun og rekstur hugbúnaðarkerfa frá utanaðkomandi aðilum. Hlutverk verkefnisstjóra er að vinna að þarfagreiningu fyrir hugbúnaðarkerfi, í samvinnu við fagsvið Menntamálastofnunar, taka þátt í vali á verktökum, gerð samninga og fylgja eftir smíði og innleiðingu hugbúnaðarlausna.

Um er að ræða 100% starf og laun eru greidd samkvæmt samningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. verkefnastjórnun, tölvunarfræði eða verkfræði.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking á forritun og hugbúnaðargerð.
- Þekking á útgáfustjórnun og sjálfvirkum prófunum kostur.
- Þekking á stýrikerfum, vefþjónum, gagnagrunnum og öðrum hugbúnaðarkerfum.
- Geta til að setja sig inn í ný tölvukerfi á skjótan hátt.
- Hæfni til að vinna eftir gæðastöðlum og setja upp verklagsreglur og vinnulýsingar.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Starfið felur í sér mikil samskipti við aðila bæði innan og utan stofnunarinnar og starfsmaður þarf að vera reiðubúinn til að sinna öðrum þeim störfum sem kunna að þarfnast úrlausnar hjá stofnuninni.

Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsókn sendist á skjalasafn@mms.is merkt: Verkefnastjóri hugbúnaðarlausna. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn E. Y. Gestsson sviðsstjóri þjónustusviðs, í síma 514-7500, netfang: sveinbjorn.y.gestsson@mms.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2019.**


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is




# Eftirlitsmaður eigna óskast á umhverfissvið

Kópavogsbær óskar eftir eftirlitsmanni eigna. Starfið felst í að annast viðhald á félagslegum íbúðum Kópavogsbæjar ásamt viðhaldi annarra eigna í samráði við deildarstjóra.

**Starfssvið**

- Annast daglegt viðhald félagslegra íbúða Kópavogsbæjar
- Samskipti við íbúa vegna viðhalds íbúða.
- Annast viðhald annarra mannvirkja í samráði við deildarstjóra.
- Vinnur kostnaðar- og viðhaldsáætlanir.
- Annast úttektir á almennu leiguhúsnæði.
- Sér um skráningu gagna í skjalakerfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af byggingar- og viðhaldsframkvæmdum.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi, sveins- og meistararéttindi æskileg.
- Framhaldsmenntun á háskólastigi æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking í skjalavistunarkerfi ONE æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttafélags.

**Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2019**

Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Már Karlsson deildarstjóri í síma 441-0000 eða tölvupósti **gunnarka@kopavogur.is**.

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Fasteignasali

Öfluð og rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráð löggiltan fasteignasala, eða nema í löggildingu, til sölustarfa. Góð starfsaðstaða og árangurstengd laun.

**Umsóknir sendist á atvinna@frettabladid.is merkt „Fasteignasali" fyrir 20. apríl nk.**

FELLASKÓLI FELLABÆ

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## Skólastjóri við Fellaskóla, Fellabæ

Umsóknarfrestur vegna stöðu skólastjóra við Fellaskóla, Fellabæ sem er laus til umsóknar frá og með næsta skólaári framlengdur til 30. apríl nk.

Í Fellaskóla eru að jafnaði um 100 nemendur í 1. – 10. bekk og 27 starfsmenn. Lítils háttar samkennsla er í skólanum sem er vel mannaður réttindakennurum. Gott samstarf er með grunnskólunum þremur á Fljótsdalshéraði.

**Hæfniskröfur:**

- Grunnskólakennaramenntun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni

Allar frekari upplýsingar veitir Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri Fljótsdalshéraðs í síma 4700 700 eða á netfanginu helga@egilsstadir.is. Umsóknum með ferilskrá skal skila á skrifstofu Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið helga@egilsstadir.is í síðasta lagi 30. apríl nk.



# Verkefnastjóri óskast í eignadeild

Kópavogsbær óskar eftir verkefnastjóra ástandsskoðunar fasteigna og eftirlits með viðhaldsframkvæmdum, sem sinnir einnig umsýslu með fasteignum í eigu Kópavogsbæjar. Um nýtt starf er að ræða sem kemur til með að þróast með þeim starfsmanni sem ráðinn verður í starfið.

**Starfssvið**

- Ástandsskoðun allra fasteigna Kópavogsbæjar.
- Gerð útboðsgagna, kostnaðar- og viðhaldsáætlana.
- Eftirlit og umsjón með verktökum bæjarins.
- Skráning gagna í skjalakerfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Verkfræði- eða tæknimenntun á háskólastigi.
- Reynsla af viðhalds- og byggingarframkvæmdum.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi og meistararéttindi æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Þekking á Autocad æskileg.
- Þekking á skjalavistunarkerfi ONE æskileg.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttafélags.

**Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2019**

Konur jafnt sem karla eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Már Karlsson deildarstjóri í síma 441-0000 eða tölvupósti **gunnarka@kopavogur.is**.

Kópavogsbær

kopavogur.is



Náðu meiri árangri í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is

ÍSAFJARÐARBÆR

## Grunnskólinn á Suðureyri – Skólastjóri

Staða skólastjóra við Grunnskólann á Suðureyri er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% starfshlutfall. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga til að leiða þróttmikið skólastarf. Í dag eru nemendur Grunnskóla Suðureyrar um 40 og eru einkunnarorð skólans ástundun, árangur og ánægja. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Í Ísafjarðarbæ búa tæplega 4000 íbúar. Suðureyri er eitt hinna „fögru fimm" þorpa sem mynda sveitarfélagið og búa þar um 250 íbúar. Á Suðureyri er íþróttahús, sundlaug og lítil verslun og einkennist svæðið af einstakri náttúrufegurð. Stutt er í alla þjónustu og er Ísafjörður í um 20 km fjarlægð. Nánari upplýsingar er að finna á **www.isafjordur.is.**

**Starfssvið:**
- Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra skólanum og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, starfsmannamálum, fjárhagsáætlunum og rekstri

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi
- Lipurð og færni í samskiptum
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að miðla upplýsingum bæði í mæltu máli og rituðu
- Reynsla af þátttöku í þróunarstarfi (kostur)

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum, er skapandi, metnaðarfull(ur) og með mikla samstarfshæfni. Staðan er laus frá 1. ágúst 2019. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. **Umsóknafrestur til og með 24. apríl 2019.**

Umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), afrit af leyfisbréfi til kennslu og prófskírteinum, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar (kynningarbréf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, Margrét Halldórsdóttir, í síma 450-8000 og í gegnum tölvupóst: **margreth@isafjordur.is.**

Umsóknum skal skilað til mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar í netfangið baldurjo@isafjordur.is. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

*-Við þjónum með gleði til gagns-*




# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur/dagvinna | Landspítali, útskriftarteymi | Reykjavík | 201904/856 |
| Læknir | Landspítali, erfða-/sameindalæknisfr. | Reykjavík | 201904/855 |
| Vísindamaður/sérfræðingur | Landspítali, erfða-/sameindalæknisfr. | Reykjavík | 201904/854 |
| Sérfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201904/853 |
| Upplýsingafulltrúi | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201904/852 |
| Sérfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201904/851 |
| Ræstingastjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201904/850 |
| Doktorsnemi jarðskjálftaverkfræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201904/849 |
| Stjórnarráðsfulltrúi | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201904/848 |
| Sérfræðingur á rannsóknarsvið | Ferðamálastofa | Án staðsetn. | 201904/847 |
| Kennari í rafiðngreinum | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201904/846 |
| Aðstoðarskólameistari | Verkmenntaskóli Austurlands | Fjarðabyggð | 201904/845 |
| Kennarar, vélstjórn og rafvirkjun | Verkmenntaskóli Austurlands | Fjarðabyggð | 201904/844 |
| Áfangastjóri | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201904/843 |
| Kennarar í rafiðngreinum | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201904/842 |
| Hestakennari | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | Mosfellsbær | 201904/841 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201904/840 |
| Deildarstjóri hjúkrunar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201904/839 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201904/838 |
| Sérnámsstaða í heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201904/837 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201904/836 |
| Málastjóri í geðheilsuteymi | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201904/835 |
| Hjúkrunarfr./skurðhjúkrunarfr. | Landspítali, augnskurðstofur | Reykjavík | 201904/834 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráðamóttaka geðsviðs | Reykjavík | 201904/833 |
| Vélvirki | Landspítali, viðhaldsdeild | Reykjavík | 201904/832 |
| Sjúkraliði | Landspítali, gjörgæsla og vöknun | Reykjavík | 201904/831 |
| Iðjuþjálfi í geðheilsuteymi | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Norðurland | 201904/830 |
| Kennari í stærðfræði | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201904/829 |
| Kennari í íslensku | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | Garðabær | 201904/828 |
| Verkefnastjóri, málefni flóttafólks | Fjölmenningarsetur | Höfuðborgarsv. | 201904/827 |
| Skjala- og gæðastjóri | Barnaverndarstofa | Reykjavík | 201904/826 |
| Kennari, líffræði | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201904/825 |
| Húsumsjónarmaður | Landspítali, viðhaldsdeild | Reykjavík | 201904/824 |
| Verkefnastjóri/hlutastarf | Landspítali, vísindadeild | Reykjavík | 201904/823 |
| Ljósmóðir | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201904/822 |
| Deildarlæknir/dagvinna | Landspítali, erfða-/sameindalæknisfr. | Reykjavík | 201904/821 |
| Sérfræðilæknir í myndgreiningu | Landspítali, röntgendeild | Reykjavík | 201904/820 |
| Læknaritari | Landspítali, Miðst. um sjúkraskrárritun | Kópavogur | 201904/819 |
| Kennari í rafiðngreinum | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201904/818 |
| Kennari í tölvugreinum | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201904/817 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201904/816 |
| Sérnám í heilsugæsluhjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201904/815 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201904/814 |

## Framkvæmdastjóri

Maris ehf óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sem og samskipti við hagaðila. Hann stýrir og ber ábyrgð á mannauði ásamt að móta og leiða rekstur fyrirtækisins.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Tæknimenntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku og ensku kunnátta
- Kunnátta í norðurlandamáli kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Maris býður upp á fjölbreyttar lausnir hvað varðar dælur, hugbúnað og rafmagn. Þjónustan sem fyrirtækið Maris býður upp á er meðal annars ráðgjöf fyrir fiskeldisfyrirtæki, annast uppsetningu og tengingar á búnaði í fiskeldi, sér um almenna raflagnaþjónustu, dæluviðgerðir og iðnstýringar.
Maris er staðsett á Bakkastíg í Njarðvík.

Um er að ræða fullt starf en umsóknir skulu berast á kalli@maris.is.
**Umsóknarfrestur er til 30. apríl næstkomandi.**

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Hárgreiðslustofa

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir laust til leigu húsnæði fyrir hárgreiðslustofu **í Þjónustuíbúðunum Norðurbrún 1 og einnig í Félagsstarfinu Hæðargarði 31, Reykjavík.**

Umsóknarfrestur er til 25. apríl n.k. Nánari upplýsingar veitir Unnur Halldórsdóttir í síma 411-1500, netfang unnur.halldorsdottir@reykjavik.is. Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, eða á ofangreint netfang.

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is


# ÚTBOÐ

## Norðurtún 13-15 Egilstöðum

Brynja Hússjóður ÖBÍ óskar eftir tilboðum í byggingu og fullgera 4 íbúða raðhús við Norðurtún 13-15 Egilsstöðum.

Þegar Kolbrún er spurð hvort hinn rafræni heimur hafi breytt náminu á menntavísindasviði, svarar hún: „Hin öra tæknivæðing hefur umbylt samfélagsháttum, atvinnulífi og samskiptum manna í milli. Við greinum þessa þróun öll í okkar eigin lífi. Háskólinn hefur sett sér metnaðarfulla stefnu um rafræna kennsluhætti og sem fyrr segir hefur menntavísindasvið verið í fararbroddi við að þróa sveigjanlegt lotubundið nám.

Við skulum samt ekki gleyma því að menntun fagfólks á sviði menntunar hlýtur að byggjast ekki síst á því að efla samskiptahæfni, leiðtogahæfileika, og þjálfa nemendur í tjáningu og sjálfstæðri hugsun. Við lítum á það sem grundvallaratriði að byggja upp námssamfélag og efla samvinnuhæfni nemenda okkar. Á flestum námsleiðum er því gerð krafa um mætingu í staðlotur þar sem nemendur hittast og vinna saman, taka þátt í umræðu- og verkefnatímum.

Að mínu mati er mikilvægast af öllu að úr náminu komi sjálfstætt og hugsandi fagfólk sem hafi góðan grunn til að byggja á og búi yfir skilningi á fagmennsku starfsins. Menntun fagfólks er í dag ævilöng, því verkefni, áskoranir og aðstæður taka sífelldum breytingum og það tekur tíma að þroskast sem fagmanneskja. Það er ótrúlega mikið ævintýri að starfa innan menntakerfisins og geta verið áhrifavaldur á líf annarra og þátttakandi í margbreytilegu og síbreytilegu samfélagi.“



Listamennirnir sem sýna í Listasafni Árnesinga.

## Mismunandi endurómun

Sýningin Mismunandi endurómun verður opnuð í Listasafni Árnesinga í dag. Þetta er sýning á verkum sex myndlistarmanna sem allir búa og starfa í Þýskalandi.

Íslendingurinn Sigrún Ólafsdóttir er þar meðal kollega sem eru Hollendingurinn Elly Valk-Verheijen og Þjóðverjarnir Annette Wesseling, Ekkehard Neumann, Friedhelm Falke og Nikola Dimitrov. Sýning með sama heiti hefur verið sett upp í söfnum og galleríum í nokkrum löndum Evrópu og nú verður hún sett upp í Listasafni Árnesinga.

Lykilstefið í sýningunni er að ná fram gagnvirkum enduróma verkanna á milli og láta þau kallast á við ólíka sýningarstaði. Ekki er um eiginlega farandsýningu að ræða því verkin á hverja sýningu eru valin með tilliti til misstórra sýningarstaða og í samráði við sýningarstjóra þeirra. Sýningarstjóri sýningarinnar í Listasafni Árnesinga er Inga Jónsdóttir. Sýningin, sem er m.a. styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands, mun standa til og með 2. júní 2019. Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir – líka á opnun sýningarinnar.



Knattspyrna er góð skemmtun.

## Mjólkurbikarinn farinn að rúlla

Íslenska fótboltasumarið er byrjað og sem fyrr hefst það með Mjólkurbikarnum. Þar eru öll lið á Íslandi gjaldgeng, sama í hvaða deild þau spila. Fyrsti leikurinn í mótinu fór fram sl. miðvikudag og 15 leikir eru þegar búnir. Helgin er þó þétt setin af leikjum í þessari fyrstu umferð bikarsins, en í dag fara fram einir 12 leikir og tveir á sunnudag.

Alveg er tilvalið að skella sér á völlinn, en margir leikir fara fram á höfuðborgarsvæðinu. En einnig eru leikir í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Sauðárkróki, Höfn og tveir leikir fara fram á Akureyri og aðrir tveir á Selfossi. Að fara á fótboltaleik er fremur ódýr skemmtun og í leiðinni er tilvalið að styðja sitt lið og brýna raddböndin til frekari afreka í sumar.

# Dýrindis djöflaegg

Djöflaegg eru gómsætur réttur sem er gott að borða á milli páskaeggja um páskana. Hann er fallegur fyrir augað og einfaldur í gerð.

Harðsjóðið 12 egg, fjarlægið eggjaskurnina og skerið eggin í tvennt. Takið eggjarauðurnar úr og hrærið þeim saman við litla dós af majónesi og eina til tvær matskeiðar af Dijon-sinnepi. Fyllið nú eggjahvíturnar með eggjarauðublöndunni og notið til þess sprautupoka eða skeið. Skreytið með saxaðri steinselju eða öðrum ljúffengum kryddjurtum, og jafnvel kavíar.

Hægt er að fylla eggin með hverju sem hugurinn girnist út í eggjarauðuhræruna, til dæmis laxi, kryddpylsum, beikoni, síld eða grænmeti og hægt að nota rjómaost eða gríska jógúrt í stað majóness.



Djöflaegg eru gómsæt og lokkandi.








*Tumusiime Janepher og börnin hennar þrjú bjuggu í moldarkofa sem var að hruni kominn, þau höfðu mjög takmarkað aðgengi að drykkjarvatni og neyttu ekki tveggja máltíða á dag. Í nóvember 2018 fengu þau múrsteinshús til að búa í ásamt rúmum með moskítóneti og teppum. Þau fengu þvottabala og vatnsbrúsa til að nota undir bununa úr vatnstankinum sem var í byggingu við hlið hússins.*

Á þak húsanna eru settar rennur og rör sem leiða rigningarvatn yfir í fjögur þúsund lítra vatnstank sem reistur er við hlið húsanna. Fjölskyldurnar geta þá nýtt tímann til annars en að fara eftir vatni.

Fólkinu er veitt fræðsla um hvernig koma má í veg fyrir ýmsa sjúkdóma með hreinlæti. Fólkið lærir að koma upp þurrkgrindum fyrir ílát og að strengja snúrur fyrir blautan þvott sem áður var lagður á jörðina til þerris en við það gátu skordýr verpt í fötin.
Til að koma í veg fyrir sjúkdóma eru reistir kamrar sem fólkið notar í stað þess að gera þarfir sínar úti við. Fræðsla er veitt um mikilvægi handþvottar fyrir allt heilbrigði.

Við hlið múrsteinshúsanna eru reistir eldaskálar með eldstæði sem sparar eldiviðinn og minnkar mengun. Mikill tími fór áður í að safna eldivið og mengunin af völdum opins eldstæðis inni í skálum olli áður öndunarfærasjúkdómum.

Fjölskyldurnar fá líka þrjár til fimm geitur hver og geta hafið geitarækt. Geitur fjölga sér hratt og fólkið getur selt kiðlinga á markaði og keypt lyf, mat, fatnað og skólagögn fyrir peninginn sem fæst fyrir þá. En það verður að fara sparlega með og því er komið á laggirnar sparnaðarhópum þar sem fræðsla er veitt um hvernig sé best staðið að ræktuninni.

Fjölskyldurnar fá líka aðstoð við að koma sér upp matjurtagarði. Þær fá fræ, áhöld og fræðslu um ræktun og mikilvægi þess að börn jafnt sem fullorðnir borði næringarríkan mat.
Verkefnið er unnið í samstarfi við Lúthերska heimsambandið í Úganda og samtökin Rural Action Community Based Organization, RACOBAO.

# Bestu þakkir fyrir stuðning við starfið!

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem er háð framlögum frá einstaklingum, félagasamtökum, kirkjusóknum, fyrirtækjum og opinberum stofnunum um að sinna hjálparstarfi innanlands og utan. Stuðningur við starfið kemur úr ýmsum áttum.

Á hverju hausti ganga börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar í hús í hverfi sínu og safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku. Haustið 2018 söfnuðu fermingarbörn alls 7.517.505 krónum en kostnaður við fjáröflunina nam 465.805 krónum. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt. Bestu þakkir til allra sem tóku þátt í verkefninu!

Hjálparstarfið safnaði fyrir vatnsverkefnum í Eþíópíu og Úganda með því að senda valgreiðslu í heimabanka í desember 2018. Heildarsöfnunarfé í desember og janúar að meðtaldri sölu gjafabréfa á gjofsemgefur.is nam 71 milljón króna en þar af renna 27,3 milljónir til aðstoðar innanlands.

Öflugur hópur um 20 kvenna vinnur í sjálfboðavinnu við fatamóttöku og fataúthlutun í viku hverri og er framlag þeirra ómetanlegt. Síðast en ekki síst ber að nefna ört stækkandi hóp *Hjálparliða* sem styrkja starfið með reglulegu framlagi. Stuðningur þeirra rennir styrkum stoðum undir starfið.



*Við messu þann 16. desember síðastliðinn afhentu Jón Björnsson og Guðrún Laufey Ólafsdóttir úr ungmennastarfi Hallgrímskirkju Bjarna Gíslasyni framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar rösklega sex milljónir króna til að styrkja ungmenni á Íslandi til náms og til að ungmenni í Kampala, höfuðborg Úganda, fái betra líf. Með þeim á myndinni er Ásta Bryndís Schram fulltrúi Kristniboðssambandsins sem einnig hlaut styrk. Bestu þakkir til Hallgrímssóknar fyrir rausnarlegt framlag til starfsins!*



*Þórður Snær Júlíusson ritstjóri Kjarnans svaraði spurningum úr sal eftir erindi sitt „Útlendingagóðærið".*

# „Leyfum umræðunni að koma fram og mætum henni með staðreyndum"

sagði Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans á morgunverðarfundi EAPN á Íslandi þann 29. mars síðastliðinn undir yfirskriftinni „Á okkar kostnað? – Innflytjendur: Auður eða útgjöld?"
Um sextíu manns sóttu fundinn sem Sigfús Kristjánsson, fulltrúi þjóðkirkjunnar í EAPN stýrði.

**Vilborg Oddsdóttir,** félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar og formaður EAPN á Íslandi – tengslanets samtaka sem starfa í þágu fólks sem býr við fátækt, hóf fundinn. Í ávarpi sínu nefndi hún að í almennri umræðu um innflytjendur, þar á meðal um flóttafólk og hælisleitendur, væri sjónum gjarnan fyrst og fremst beint að þeirri aðstoð sem ríki og sveitarfélög veita sumum þeirra og þá gjarnan spurt hvort íslenska ríkið hefði efni á að taka á móti fleira fólki sem þarf á aðstoð að halda. Að þegar rætt væri um skort á úrræðum og aðgerðum fyrir Íslendinga sem búa við fátækt, sérstaklega í þágu öryrkja og ellilífeyrisþega, vildi brenna við að hópunum tveimur væri stillt upp sem andstæðingum í samkeppni um aðstoð og kjarabætur.

Vilborg sagði umræðuna um þann mikla samfélagslega auð sem innflytjendur hafa skapað á Íslandi hefði verið öllu lágstemmdari. Að jafnframt skorti enn töluvert upp á að við viðurkenndum sem samfélag þá siðferðilegu skyldu okkar að sýna mannúð í verki og taka á móti fólki sem flýr stríð og ofsóknir og sætta okkur við það að það kostar peninga.

„Við megum ekki eftirláta lýðskrumurum sviðið og að þeir tali einir um þær áskoranir sem fylgja því að Ísland er á fleygiferð í átt að fjölmenningarsamfélagi. Við verðum að tryggja að umræðan sé málefnaleg og að hún byggi á staðreyndum. Leysum mýturnar upp og ræðum saman af skynsemi" sagði Vilborg í lok ávarps síns.

Meðal frummælenda voru **Laufey Líndal Ólafsdóttir,** fulltrúi Pepp í Reykjavík sem fjallaði um eigin reynslu sem innflytjandi í erindi sínu „Ákjósanlegir innflytjendur: útlit, uppruni og samkeppnin um brauðmolana." Laufey sagði frá þeirri forréttindastöðu sem hún upplifði sem ljóshærður og bláeygður innflytjandi í Bretlandi þegar hún var yngri og síðar sem móðir barna af blönduðu þjóðerni. Hún brýndi fyrir fundargestum að vera gagnrýnir í hugsun í leit að orsökum fátæktar.

**Renata Emilsson Pesková**, doktorsnemi við menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður Móðurmáls, fjallaði um reynslu sína sem innflytjandi á Íslandi. Renata nefndi meðal annars að fjölmenning snérist ekki bara um litarhátt og tungumál heldur fæli hún í sér allan þann margbreytileika sem fyrirfinnst í samfélaginu.

## Meðal þess sem sagt var á fundinum:

**Hugarfarið er eina vandamálið**

**75% Íslendinga vilja taka á móti flóttafólki**

**Innflytjendur sem heild hafa haldið uppi hagvexti undanfarið og auðgað menninguna**

**Tilviljun ræður því hvar við fæðumst**

**Okkur ber siðferðileg skylda til að hlúa að fólki sem flýr stríð og hamfarir**

**Upplýsingar um staðreyndir minnka líkur á andúð og fordómum**

**Mennskan er að geta sett sig í spor annarra**

**Fólk sem býr við fátækt vill ekki að því sé stillt upp sem andstæðingi innflytjenda**

**Þórður Snær Júlíusson**, ritstjóri Kjarnans sagði frá „Útlendingagóðærinu" í erindi sínu. Þórður sagði staðreynd að makríllinn og ferðaþjónustan með erlendu vinnuafli væru undirstaða fyrir mikinn hagvöxt og stórauknar skatttekjur undanfarinna ára og sem hefði haft í för með sér mikla kaupmáttaraukningu. Þórður sagði engan fót fyrir tali um „velferðartúrisma" á Íslandi og sýndi tölulegar staðreyndir þar að lútandi.

Þórður sagði að í raun væri hugarfar eina vandamálið þegar kæmi að umræðu um móttöku flóttafólks. Hann sagði líka að við mættum ekki gleyma því að þegar 25% segjast mótfallin því að taka á móti flóttafólki að þá væru 75% landsmanna því hlynnt. Þórður sagði ábyrgð fjölmiðla á framsetningu efnis mikla í þessu sambandi.

Þórður vildi ekki þagga niður neikvæða umræðu um innflytjendur á Íslandi sem hann taldi til komna vegna hræðslu. Hann sagði mikilvægt að hlusta á fólk og mæta lýðskrumi og staðleysum með staðreyndum.

**Gró Einarsdóttir**, sérfræðingur Hagstofu Íslands í félagsvísindum kynnti tölfræðigögn sem sýna að innflytjendur eru mannauður en ekki byrði á íslensku samfélagi.

**Bjarni Karlsson**, prestur og MA í kynlífssiðfræði, nálgaðist umfjöllunarefnið út frá siðferðilegu sjónarmiði í erindi sínu „Ólík og frjáls í einangrun: Hið ískalda umburðarlyndi neyslusamfélagsins". Bjarni rakti hvernig við ættum í viðskiptum í stað samskipta í neyslusamfélagi sem leiddi til einangrunar og kvíða og til þess að við settum hvert annað í hólf. „Pirring og óöryggi setjum við yfir á útlendinga" sagði hann og hvatti til þess að við heyrðum sögur hvers annars og um gildi og menningu í stað þess að segja frá neyslu okkar.

**Salóme Mist Kristjánsdóttir** talskona kvennahreyfingar Öryrkjabandalags Íslands benti á þá mikilvægu staðreynd að mannréttindi eru allra og að við myndum setja hættuleg fordæmi með því að útiloka einn hóp. „Við erum öll einu stríði, fasistaleiðtoga eða náttúruhamförum frá því að verða flóttafólk. Mögulega gleymist þetta hjá hrokafullum Íslendingum vegna staðsetningar okkar. Allt ófatlað fólk er mögulega einu slysi eða heilsufarsuppákomu frá því að verða öryrkjar. Við erum öll einhverjum árum frá því að verða eldri borgarar (ef við erum heppin). Tryggið jöfnuð og öryggi minnihlutahópa áður en þið endið í þeim. Þegar þú ert orðin/n flóttamaður/öryrki/eldri borgari ertu ekki lengur í þeirri forréttindastöðu að geta knúið fram breytingar," sagði Salóme og brýndi fyrir fundarfólki að taka þátt í að bæta stöðu þessara hópa.

**Ásta Dís Guðjónsdóttir**, samhæfingarstjóri Pepp Ísland, samtaka fólks í fátækt, tók til máls í lok fundar og frábað sér að staða hennar sem öryrkja væri notuð sem afsökun fyrir því að aðstoða ekki annað fólk í viðkvæmri stöðu.



Konurnar sem eru nýkomnar til landsins og hafa ekki þéttriðið tengslanet halda áfram að gera góða hluti. Nú hafa þær búið til renninga á páskaborðið og servéttur í stíl úr efni sem við höfum fengið gefins. Dúkarnir eru seldir á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar að Háaleitisbraut 66, neðri hæð, og kosta 1500 krónur. Andvirðið rennur til verkefnisins **Taupokar með tilgang**.



Konurnar koma víða að en eiga það sameiginlegt að vera utan vinnumarkaðar og hafa sagt okkur frá félagslegri einangrun sem þær hafa búið við.

# Löber á borðið fyrir páskaboðið

Vikulega hittast konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og endurvinna efni með því að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetispoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn og margt fleira. Þannig leggja þær sitt af mörkum til að vernda umhverfið. Í lok saumavinnunnar borða konurnar svo saman hádegismat og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn.

Verkefnið hefur verið í gangi í tæp tvö ár og er unnið í samvinnu við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Það byggir á hugmyndafræði um valdeflingu þar sem leitast er við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Markmiðið er að fólk finni styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og að það komist út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis.

STRACTA HÓTEL




www.gjofsemgefur.is
Hjálparstarf kirkjunnar

## Gjöf fyrir minimalistann

Á gjafabréfasíðunni okkar **gjofsemgefur.is** eru hátt í fimmtíu gjafabréf sem eru tilvalin tækifærisgjöf fyrir fermingarbarnið, stúdentinn, þann fimmtuga, brúðhjónin ....

# Aðstoð við fólk í neyð

Frá byrjun árs 2019 hefur Hjálparstarf kirkjunnar sent 85,1 milljóna króna fjárframlag frá Íslendingum til mannúðaraðstoðar í Jórdaníu, Írak, Suður-Súdan og í Mið-Sulawesi í Indónesíu.

Utanríkisráðuneytið samþykkti á fyrstu mánuðum ársins umsóknir Hjálparstarfsins um styrk til mannúðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, á þessum svæðum og veitti samtals 80 milljónum króna til aðstoðarinnar en stofnunin lagði til 5,1 milljón af söfnunarfé.



Börn fá sálrænan stuðning meðal annars í gegnum skipulagðan leik.

## ... í Jórdaníu vegna stríðsátaka í Sýrlandi

Markmiðið er að lina þjáningar fólksins sem hefur neyðst til að flýja heimili sín í Sýrlandi og hefst nú að nú að í flóttamannabúðum í Jórdaníu og styrkja um leið sveitarfélögin sem taka á móti því.

Fólkið fær aðstoð við að koma sér upp húsaskjóli, það fær húsbúnað og matvöru. Heilsugæsla er veitt sem og sálfélagsleg þjónusta. Börnum og fötluðu fólki er sinnt sérstaklega. Þá er fólkinu sem höllustum fæti stendur hjálpað til sjálfshjálpar með starfsþjálfun og greidd laun fyrir vinnu. Börn og þá sérstaklega stúlkur sem eru í sérlega viðkvæmri stöðu fá tækifæri til að halda áfram skólagöngu. Markhópurinn telur 28.900 manns.

## ... í eigin landi vegna átaka í Ninewhéraði í Írak

Markmiðið er betri heilsa fólksins sem er á vergangi vegna átaka í Ninew-héraði með bættu aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Fólkinu eru auk þess greidd laun fyrir vinnu og það fær þjálfun í landbúnaðarstörfum svo það geti unnið fyrir sér til frambúðar.

Fólkið fær aðstoð svo það geti byggt híbýli, skóla og aðrar stofnanir sem veita grunnþjónustu. Sálfélagsleg þjónusta er veitt börnum og konum og skólastarfi er haldið úti fyrir börnin. Markhópurinn telur 21.810 manns.



Börn og fólk í viðkvæmri stöðu svo sem vegna fötlunar eru ávallt í forgangi í hjálparstarfi.

## ... á vergangi vegna þurrka og átaka í Suður-Súdan

Markmiðið er að bæta fæðuöryggi og lífsafkomu fólksins sem er á vergangi vegna ófriðar og þurrka sem og fólksins í Miðbaugsfylki sem tekur á móti flóttafólkinu. Einstæðar mæður, munaðarlaus börn, eldra fólk og fólk sem glímir við alvarlega sjúkdóma fær efnislega aðstoð svo þau fái mætt grunnþörfum sínum. Vinnufært fólk fær einföld landbúnaðarverkfæri og þjálfun í notkun þeirra til að yrkja jörðina og verjast matarskorti. Fólkið fær líka þjálfun í verslun með landbúnaðarafurðir. Markhópurinn telur 2.500 manns.



Markmiðið er alltaf að fólkið geti hjálpað sér sjálft sem fyrst.



Björgunarsveitir aðstoða fólk úr rústum eftir að mannskæður jarðskjálfti og flóðbylgja riðu yfir í Mið-Suluwesi í Indónesíu í september 2018.

## ... í kjölfar jarðskjálfta í Indónesíu

Markmiðið er að mæta grunnþörfum fólks í Mið-Sulawesi í Indónesíu sem varð hart úti vegna jarðskjálfta upp á 7,4 á Richter sem reið yfir í september 2018 en stór flóðbylgja skall á í kjölfar hans.

Aðstoðin felst í að gera fólkinu kleift að byggja upp örugg híbýli og tryggja lífsafkomu sína. Þá er aðgengi að drykkjarhæfu vatni bætt sem og aðgengi að hreinlætisaðstöðu ásamt því sem fræðsla er veitt um mikilvægi hreinlætis. Komið verður í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma í tjaldbúðum og almenn heilbrigðisþjónusta tryggð sem og sálrænn stuðningur. Sérstakur stuðningur er veittur þeim sem búa við fötlun. Markhópurinn telur 100.000 manns.

# Þökkum stuðninginn!

**REYKJAVÍK**
A. Margeirsson ehf
ADVEL lögmenn slf
Aðalverkstæðið ehf
Arctica Finance hf
ARGOS ehf – Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
Arkþing ehf
ASK arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Aurum
Á.K. sjúkraþjálfun ehf
Áltak ehf
Áman ehf
Árbæjarapótek ehf
ÁTVR Vínbúðir
B&B gluggatjaldahreinsun ehf
B. Ingvarsson ehf
Bakarameistarinn ehf
Barnalæknaþjónustan ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Bjarnar ehf
Bor ehf
Borgarpylsur
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brauðhúsið ehf
Breiðan ehf
Brúskur hársnyrtistofa
BSRB
Couture, fataverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Danska kráin
Dental-I ehf
Dokkan, þekkingar- og tengslanet
D-Tech ehf
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf
Dýraspítalinn Víðidal ehf
E.T. hf
Eðalflutningar ehf
Efling stéttarfélag
Eignaumsjón hf
Endurskoðun og reikningshald ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Engo verkefni ehf
Ernst & Young ehf
Fasteignasalan Miklaborg
Ferska ehf
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Fjaðrabúðin Partur ehf
Fjárhald ehf
Fjárstoð ehf
Fjöður ehf, þvottahús
Fossberg ehf
Gagarín ehf
Garðs Apótek
Garðsauki ehf
Gatnaþjónustan ehf
GÁ húsgögn ehf
GB tjónaviðgerðir ehf
Geotek ehf
Ginger ehf
Gjögur hf
Globus hf
Gnýr ehf
Grafía-stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
Gróðrarstöðin Mörk
Gullkistan skrautgripaverslun
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hagi ehf HILTI
Hagvangur ehf
Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf
Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Heggur ehf
Helgason og co ehf
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf
Hjá GuðjónÓ ehf
Hjá Hrafnhildi
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók – Hljóðvinnslan
Hljóðfærahúsið ehf
Hollt og gott ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hrafnistuheimilin
Hreinsitækni ehf
Hugbúnaður hf
Höfðakaffi ehf
IBH ehf
Innlifun ehf
Innnes ehf
Intellecta ehf
Island Apartments
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska auglýsingastofan
Ísold ehf
Ís-spor ehf
Íþróttasamband fatlaðra
Jarðtækni ehf
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf
K.H.G. Þjónustan ehf
K.F.O. ehf
Kanon arkitektar
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Klettur – sala og þjónusta ehf
Klettur – skipaafgreiðsla ehf
KOM almannatengsl
Kurt og Pí ehf
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Lásaþjónustan
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf, stjórnunar- og rekstrarráðgjöf
Leturval
Lifandi vísindi
Litróf ehf
Líf og sál sálfræðistofa ehf
Local
LOG lögmannsstofa sf
Lóður ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Margt smátt ehf
Matthías ehf
Málningarvörur ehf
Merlo Seafood
Míla ehf
Motus ehf
Móðurást
MS Armann skipamiðlun ehf
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Myconceptstore
Nauthóll bistro
Neshamar ehf
Nexus, Glæsibæ
Nínukot ehf
Vinna um víða veröld
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf
Nýtt Skil slf
Old Iceland Restaurant
Orka ehf
Ormsson
Ottó B. Arnar ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
ÓV jarðvegur ehf
Pfaff hf
Pixel ehf
Plast – miðar og tæki ehf
Plastco ehf
Poulsen ehf
Pósturinn
Premis ehf
Prentsmiðjan Leturprent ehf
Raflax ehf
Rafneisti ehf
Rafsvið sf
Rafþjónustan slf
RAMIS ehf
Rannsókna- og háskólanet Íslands
RARIK ohf
Reiknistofa bankanna hf
Reykjavíkurborg
Rikki Chan ehf
Rolf Johansen & Co ehf
Röntgen Domus Medica
Salon VEH ehf
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu
Samiðn, samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja – SSF
Sálfræðisetrið
Segull ehf
Sendó ehf
Shalimar – pakistanska veitingahúsið
Sigurraf ehf
Sjónlag hf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaþing ehf
Sólbaðsstofan Smart ehf
Sólon Bistro
Spör ehf, auglýsingastofa
Stansverk ehf
Stilling ehf
Stjá, sjúkraþjálfun
SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu
Söngskólinn í Reykjavík
Tannlæknastofa Bjarna Sigurðssonar
Tannlæknastofa Geirs A. Zoega
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
TCM Innheimta ehf
TEG endurskoðun ehf
Terra Export ehf
THG Arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Trésmiðja GKS ehf
Trévirki ehf
Tækniskólinn
Tölvar ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Urðarapótek ehf
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf
VA arkitektar ehf
Vagnasmiðjan ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Vegahandbókin ehf
Verslunin Álfheimar
Vesturröst Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Við og Við sf
Virkjun ehf
VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna
VOOT Beita
VSÓ Ráðgjöf ehf
Vörður Íslandstrygging
Vörn, öryggisfyrirtæki
Yrki arkitektar ehf
Z-brautir og gluggatjöld
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Ökuskólinn í Mjódd ehf

**SELTJARNARNES**
Borgarblöð ehf
Nesskip hf
Tannlæknastofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf

**KÓPAVOGUR**
Ásborg slf
Bazaar Reykjavík ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
bilalokkun.is
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Blikksmiðjan Vík ehf
Bólstrun Ásgríms Þ. Ásgrímssonar ehf
BSA varahlutir ehf
Byggðaþjónustan bókhald og ráðgjöf
Byggingarfélagið Bjarnaborg
CampEasy ehf
Davíð Tong Lí
Deloitte hf
Einar Ágústsson & Co ehf
Einar Beinteins ehf
Dúklagningameistari
Exton ehf
Fríkirkjan Kefas
GG Sport
goddi.is
Gróðrarstöðin Storð ehf
Grunnlagnir ehf, pípulagnaþjónusta
Hagblikk ehf
Hefilverk ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hitatækni ehf
Hvísl ehf
Iceland Trading ehf
Ingi hópferðir ehf
Innviðir ehf
Ísfix ehf
Íshúsið ehf
Íslenskt marfang ehf
Íspan ehf, gler og speglar
Jarðval sf
JS-hús ehf
Kambur ehf
Laser-tag Ísland
Lindakirkja
lindesign.is
Línan ehf
LK pípulagnir ehf
Loft og raftæki ehf
MHG verslun ehf
Nobex ehf
Ólafssynir ehf
Pústverkstæði Hjá Einari
Rafnar ehf
Rafport ehf
Scandinavian Tank Storage hf
Sportvörur
Suðurverk hf
Söluturninn Smári
Tröllalagnir ehf, pípulagningaþjónusta
Tækniþjónusta Ragnars G. Gunnarssonar ehf
Vetrarsól ehf, verslun
Visitor, ferðaskrifstofa
ZsaZsa hárgreiðslustofa slf

**GARÐABÆR**
Apótek Garðabæjar
Aþ-Þrif ehf
Árvík hf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Garðabær
Garðasókn
Geislatækni ehf
Laser þjónustan
Hagráð ehf
Hannes Arnórsson ehf
Hjallastefnan ehf
Ísafoldarprentsmiðja ehf
Kerfóðrun ehf
Kópavogspósturinn ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Prentmiðlun ehf
Samey sjálfvirknimiðstöð ehf
Samhentir
Útgerðarfélagið Berg ehf
Versus bílaréttingar og málun
Vélsmiðja Þorgeirs ehf
Vörukaup ehf, heildverslun
Öryggisgirðingar ehf

**HAFNARFJÖRÐUR**
Barak.is
Barkasuða Guðmundar ehf
Betri Bygging ehf
Bílasprautun Íslands ehf
Bókhaldsstofan ehf
Eldvarnarþjónustan ehf
Fjarðargarðar ehf
Fjarðarkaup ehf
Fjarðarmót ehf
Flúrlampar ehf
Friðrik A Jónsson ehf
Fúnksjón vefráðgjöf
G.S. múrverk ehf
Garðsláttur ehf
Gröfuþjónusta Grafa og grjót ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hagstál ehf
Hagtak hf
Hákon Bjarnason ehf
Íshestar ehf
Kona Tískuverslun
Krossborg ehf
Lögafl – lögmannsstofa
Netorka hf
Opal Sjávarfang ehf
Pálmar Sigurðsson
PE pípulagnir ehf
Rafrún ehf
SJ Tréverk ehf
Skerpa renniverkstæði
Smíðaverk ehf
Strendingur ehf
Sæli ehf
ThorShip
Tæki.is
Umbúðamiðlun ehf
Útvík hf
Verkþing ehf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
VSB verkfræðistofa ehf
Þvottahúsið Faghreinsun

**VOGAR**
Sólark-Arkitektar

**REYKJANESBÆR**
Allt Hreint ræstingar ehf
Benni pípari ehf
Bílasprautun Magga Jóns ehf
Bókhalds- og rekstrarþjónusta Gunnars Þórarinssonar
Dacoda ehf
DMM Lausnir ehf
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf
Kristín Geirmundsdóttur, tannlæknastofa
Lyfta ehf
M Fasteignasala & Leigumiðlun
Maggi & Daði málarar ehf
Maron ehf
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Nesraf ehf
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf
Rörlagningamaðurinn ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Sigurjónsbakarí
Skólamatur ehf
Starfsmannafélag Suðurnesja
Tjarnagrill
Toyota Reykjanesbæ
TSA ehf
Varmamót ehf
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum
Vökvatengi ehf
Örk ehf

**GRINDAVÍK**
Hársnyrtistofan Rossini
Hópsnes ehf
Stakkavík ehf

**SANDGERÐI**
Bylgja Dröfn Jónsdóttir
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

**GARÐUR**
Aukin Ökuréttindi ehf
Leikskólinn Gefnarborg
Suðurnesjabær
Þorsteinn ehf

**MOSFELLSBÆR**
Afltak ehf
Álgluggar JG ehf
Bílamálunin Örninn ehf
Fagverk verktakar sf
Hljómar ehf
Ísfugl ehf
María Norðdahl
Matfugl ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
ÓP skrúðgarðyrkja ehf
Pílus ehf
Pípulagningaþjónusta B. Markan ehf
Útilegumaðurinn ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf

**AKRANES**
Bílver, bílaverkstæði ehf
Galito veitingastaður
Gallerý Snotra
Hús og bátar ehf
Hvalfjarðarsveit
Meitill ehf
PÍPÓ ehf
Skipaskagi ehf
Smurstöð Akraness sf
Snókur verktakar ehf
Trésmiðjan Akur ehf
Tveir gómar ehf, tannlæknastofa
Valfell fasteignasala
Þorgeir og Ellert hf

**HVALFJARÐARSVEIT**
Hvalfjarðarsveit

**BORGARNES**
B. Björnsson ehf
Borgarbyggð
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Ferðaþjónusta bænda Bjargi
Kaupfélag Borgfirðinga
Kolbeinsstaðasókn
Kvenfélag Stafholtstungna
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Solo hársnyrtistofa sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf
Söðulsholt ehf
Trésmiðja Pálma ehf
Hálsaskóg Skorradal

**REYKHOLT**
Garðyrkjustöðin Varmalandi

**STYKKISHÓLMUR**
Ásklif ehf
Marz sjávarafurðir ehf
Sæferðir ehf

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Þjónustustofan ehf

**ÓLAFSVÍK**
Fiskverkunin Valafell
Steinprent ehf

**HELLISSANDUR**
Breiðavík ehf
Guðbjartur SH-45
Melnes ehf
Sjávariðjan Rifi hf
Skarðsvík ehf

**REYKHÓLAR**
Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

**ÍSAFJÖRÐUR**
Ferðaþjónustan í Heydal
GG málningarþjónusta ehf
Harðfiskverkun Finnboga
Húsið Ísafirði
Ísblikk ehf
Jón og Gunna ehf
Massi þrif ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Samgöngufélagið
Verkstjórafélag Vestfjarða

**BOLUNGARVÍK**
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

**SÚÐAVÍK**
Súðavíkurhreppur

**PATREKSFJÖRÐUR**
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Bókhaldsstofan Tálknafirði

**BÍLDUDALUR**
Hafkalk ehf

**HÓLMAVÍK**
Hótel Laugarhóll
Strandagaldur ses

**DRANGSNES**
Grímsey ST2
Rúna ehf
Útgerðarfélagið Gummi ehf

**HVAMMSTANGI**
Geitafell – Seafood Restaurant

**BLÖNDUÓS**
Blönduósbær
Heiðar Kr. ehf
Húnavatnshreppur
Skagabyggð
Stéttarfélagið Samstaða

**SKAGASTRÖND**
Kvenfélagið Hekla
Marska ehf
Vélaverkstæði Skagastrandar

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Dögun ehf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahúsinu
Kaupfélag Skagfirðinga

**SIGLUFJÖRÐUR**
Fjallabyggð

**AKUREYRI**
Almenna lögþjónustan ehf
AUTO ehf, bílapartasala
B. Snorra ehf
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bílapartasalan Austurhlíð
Blikkrás ehf
Bútur ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Enor ehf
Finnur ehf
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf
Grófargil ehf
Hagvís ehf
Halldór Ólafsson, úr og skartgripir
Hárstúdíóið Sunna ehf
Hlíð hf
Hlíðarskóli
Hnýfill ehf
Íslensk verðbréf hf
Keahótel ehf
KG sendibílar
Kraftar og afl ehf
Ljósco ehf
Lögmannshlíð lögfræðiþjónusta ehf
Myndlistaskólinn á Akureyri ehf
Norlandair ehf
Pedromyndir ehf
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf
ProMat Akureyri ehf
Raftákn ehf – verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Rakarastofa Akureyrar ehf
S. Guðmundsson ehf, múrverktaki
Samherji ehf
Samvirkni ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Stefna ehf
Steypusögun Norðurlands ehf
Timbra ehf, byggingarverktaki
Veitingastaðurinn Krua Siam
Þrif og ræstivörur ehf

**GRÍMSEY**
Ragnhildur Hjaltadóttir
Sigurbjörn ehf

**DALVÍK**
EB ehf
Ektafiskur ehf
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf

**HÚSAVÍK**
Bílaleiga Húsavíkur ehf
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
Heimabakarí Húsavík
Höfðavélar ehf
Norðurþing
Trésmiðjan Rein ehf

**LAUGAR**
Gistiheimilið Stóru-Laugar
Kvenfélag Reykdæla
Sparisjóður Suður-Þingeyinga

**MÝVATN**
Ásta Þ. Lárusdóttir
Vogar ferðaþjónusta

**KÓPASKER**
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Kvenfélag Öxfirðinga
Vökvaþjónusta Kópaskers ehf

**ÞÓRSHÖFN**
Geir ehf

**BAKKAFJÖRÐUR**
K. Valberg slf

**EGILSSTAÐIR**
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Fljótsdalshérað
Gistihúsið – Lake Hotel Egilsstaðir
Gunnarsstofnun
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Miðás ehf
Móðir Jörð ehf Vallanesi
Myllan ehf
Myndsmiðjan ehf
Rafey ehf
Tréiðjan Einir ehf

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**REYÐARFJÖRÐUR**
Launafl ehf

**ESKIFJÖRÐUR**
Egersund Ísland ehf
Fjarðaþrif ehf

**NESKAUPSTAÐUR**
Síldarvinnslan hf
Verkmenntaskóli Austurlands
Verslunin Pan ehf

**DJÚPAVOGUR**
Berunes farfuglaheimili ehf
Hótel Framtíð ehf

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
AJTEL ICELAND ehf
Ferðaþjónustan Árnanes
Gistiheimilið Hvammur
Rósaberg ehf
Sveitarfélagið Hornafjörður
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Þrastarhóll ehf

**SELFOSS**
Bíltak ehf
Búhnykkur sf
Búnaðarsamband Suðurlands
Eðalbyggingar ehf
Flóahreppur
Fossvélar ehf
Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Gullfosskaffi við Gullfoss
Hótel Gullfoss
K.Þ. Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Pípulagningaþjónusta Ottós slf
Písl ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf
Reykhóll ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Stálkrókur ehf
Svavar Sveinsson
Sveitarfélagið Árborg
Tæki og tól ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf

**ÞORLÁKSHÖFN**
Meitillinn veitingahús
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn

**ÖLFUS**
Eldhestar ehf
Gljúfurbústaðir ehf
Gluggaiðjan Ölfusi ehf
Stokkar og steinar sf

**STOKKSEYRI**
Bjartás slf
Kvenfélag Stokkseyrar

**LAUGARVATN**
Ásvélar ehf
Héraðsskólinn
Menntaskólinn að Laugarvatni

**FLÚÐIR**
Flúðasveppir ehf
Gröfutækni ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Hrunamannahreppur
Varmalækur ehf

**HELLA**
Hestvit ehf
Ljósá ehf

**HVOLSVÖLLUR**
Kvenfélagið Freyja
Rangárþing eystra

**VÍK**
Háaskjól – Guesthouse

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Hótel Klaustur
Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps
Skaftárhreppur

**VESTMANNAEYJAR**
Bergur-Huginn ehf
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bílaverkstæði Sigurjóns
Bragginn sf, bílaverkstæði
Búhamar ehf
D.Þ.H ehf, sjúkraþjálfun
Huginn ehf
Miðstöðin ehf
Rannsóknarþjónustan V.M.
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

# Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi

## – *Hjálp til sjálfshjálpar*

Erfiðar aðstæður svo sem vegna veikinda, slysa og atvinnumissis gera ekki alltaf boð á undan sér og það getur verið erfitt að vinna sig út úr þeim. Við vitum að það getur verið skammt milli þess að geta vel séð fyrir sér og standa svo allt í einu í þeim sporum að geta það ekki. Við hlustum og erum til staðar fyrir fólk sem hefur tekjur undir lágtekjumörkum og býr við verulegan skort á efnislegum gæðum.

## Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í félagslegri neyð efnislega aðstoð í samvinnu við presta, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lifað mannsæmandi lífi til lengri tíma.

Meginmarkmiðið er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til farsæls lífs. Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar efnislegum stuðningi sem veittur er án tillits til trúar- og lífsskoðana, þjóðernis, litarháttar eða kyns þeirra sem hans leitar.

### *Inneignarkort í matvöruverslunum*

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt neyðaraðstoð til skemmri tíma meðal annars með inneignarkortum í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

### *Aðstoð vegna lyfjakaupa*

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Þó er ekki greitt fyrir lyf sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Hjálparstarfið greiðir lyfjaverslunum beint fyrir lyfin sem aðstoðað er um.

### *Fataúthlutun og fatasöfnun*

Fólk í félagslegri neyð getur sótt sér notaðan fatnað á lager Hjálparstarfs kirkjunnar að Háaleitisbraut 66, neðri hæð, á þriðjudögum klukkan 10:00–12:00. Hjálparstarfið tekur á móti hreinum og heillegum fatnaði á skrifstofu stofnunarinnar að Háaleitisbraut 66, neðri hæð, alla virka daga klukkan 8:00 – 16:00.

### *Velferð barna og ungmenna*

Börn og unglingar sem búa við fátækt fá styrk frá Hjálparstarfinu til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Foreldrar geta einnig leitað eftir styrk til að senda börn í sumarbúðir og ungmenni á sjálfstyrkingarnámskeið. Foreldrar grunnskólabarna geta fengið aðstoð í upphafi skólaárs og ungmenni sem búa við fátækt fá styrk til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi.

## Valdefling

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk sem býr við fátækt við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Markmiðið er að fólk finni styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og að það komist út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis.

### *Ráðgjöf*

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegum stuðningi hjá stofnuninni, ræða við það og benda á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum. Sérstakur opinn viðtalstími hjá félagsráðgjafa er á miðvikudögum klukkan 12:00–16:00 á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð.

### *Sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf*

Til þess að fólk komist út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á heildrænan hátt. Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar skipuleggja því reglulega sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf í samráði við þá sem aðstoðar leita hjá stofnuninni.

**Breiðholtsbrúin** er opið hús í Breiðholtskirkju á mánudögum klukkan 11:30–14:00. Þar hittist fólk og skiptist á að elda mat, borðar og á saman góða samverustund.

**Taupokar með tilgang** er saumaverkefni fyrir konur af erlendum uppruna sem eru flestar nýkomnar til landsins og eru utan vinnumarkaðar. Konurnar sníða og sauma fjölnota innkaupapoka og fleira úr efni og/eða notuðum fatnaði sem almenningur hefur gefið og nota til þess saumavélar sem almenningur hefur gefið sömuleiðis.

**Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar** er verkefni fyrir konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri. Markmiðið er að þær fái bætt sjálfsmynd sína og að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og eflist í foreldrahlutverkinu.

**Í sumarbúðum fyrir fjölskyldur á Úlfljótsvatni** er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í fjóra daga með það að markmiði að fjölskyldur sem búa við kröpp kjör geti átt gleðilegt frí saman og safnað góðum minningum.

**Ræktaðu garðinn þinn** er hópastarf sem stendur yfir sumartímann þar sem þátttakendur fá pláss í matjurtagörðum sveitarfélaga og fá þar tækifæri til að rækta sitt eigið grænmeti.

## Málsvarastarf

Auk þess að veita neyðaraðstoð og hjálpa fólki til sjálfshjálpar með ráðgjöf og valdeflandi verkefnum hefur Hjálparstarf kirkjunnar það að markmiði að auka almenna vitund um mannréttindi og mikilvægi félagslegs réttlætis. Hjálparstarfið tekur því þátt í málasvarastarfi innanlands og utan og vill stuðla að hnattrænni samstöðu um sjálfbæra þróun og jafnrétti.

Hjálparstarfið telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Þjónusta við fólk í félagslegri neyð á að vera notendastýrð og fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

Hjálparstarfið þrýstir á um aukið félagslegt réttlæti í samstarfi við félagasamtök og stofnanir svo sem með því að eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni, starfshópi um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, Almannaheillum og stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands.

### *EAPN og Pepp Ísland – samtök fólks í fátækt*

EAPN er evrópskur samræðuvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt en félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN. Hópurinn Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt var stofnaður í tengslum við EAPN á Íslandi og starfar á eigin forsendum.

## Á starfsárinu júlí 2017–júní 2018:

- fékk **1531 fjölskylda** inneignarkort fyrir matvöru í 2841 skipti.
- naut **291 hjálparþurfi aðstoðar** við lyfjakaup í 578 skipti.
- fengu **foreldrar 186 grunnskólabarna** aðstoð í upphafi skólaárs.
- fengu **53 börn og unglingar undir átján ára aldri styrk** til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs.
- fékk **51 ungmenni styrk til greiðslu skólagjalda** í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði.
- fengu um **1.000 einstaklingar** og fjölskyldur **notaðan fatnað** hjá Hjálparstarfinu.
- Í desember 2018 nutu **1244 fjölskyldur** eða um **3350 einstaklingar** um land allt sérstakrar **aðstoðar** til að geta gert sér dagamun **á jólum.**

Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400, help@help.is, www.help.is
@hjalparstarf.kirkjunnar, #hjalparstarfid

tl.is

# FARTÖLVUR Á
# PÁSKATILBOÐI




249.995
ÁÐUR 299.995
AFSLÁTTUR -50.000

ASUS
ASU-UX391UAEA011T

## Vönduð með UHD 4K snertiskjá

Intel Core i7 | MINNI 16GB | 512GB PCIe | 13,3" UHD Glare Touch




3 litir!

79.995
ÁÐUR 89.995
AFSLÁTTUR -10.000

acer
ACE-NXGXRED013 ACE-NXGZLED006 ACE-NXH1YED013

## Frábær rafhlöðuending!

Intel Pentium Silver N5000 | MINNI 4GB | 128GB | 14" FHD IPS

acer
ACE-NXH1CED007

2TB diskur Intel Optane




99.995
ÁÐUR 114.995
AFSLÁTTUR -15.000

## Hraðvirk með stórum disk og flýtiminni

Intel Core i3 8130U | MINNI 8GB | 16+2TB Optane | 15,6" FHD IPS



ASUS
ASU-X542UADM619T

99.995
ÁÐUR 104.995
AFSLÁTTUR -5.000

## Tilvalin í skólann!

Intel Core i5 8250U | MINNI 4GB | 256GB | 15,6" FHD Matt

Ryzen 7 örgjörvi



acer
ACE-NXGY9ED017

109.995
ÁÐUR 129.995
AFSLÁTTUR -20.000

## Öflug vél fyrir grafíkvinnslu!

AMD Ryzen 7 2700U | MINNI 8GB | 256GB | 15,6" FHD

Léttari en 1 kg!




acer
ACE-NXH7QED009

209.995
ÁÐUR 219.995
AFSLÁTTUR -10.000

## Fislétt með snertiskjá

Intel Core i5 8265U | MINNI 16GB | 256GB | 15,6" FHD IPS Touch

SKOÐAÐU FLEIRI TILBOÐ Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES



„Best er að halda húðinni mjög náttúrulegri," segir Helga, förðunarritstjóri Glamour. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

# Næntís tískan tröllríður heiminum

**Helga Kristjáns**, förðunarritstjóri Glamour, gefur góð ráð og rýnir í strauma og stefnur í förðun fyrir vorið. Náttúrulegt útlit og ljómandi húð eru lykilatriði.

Eitt mest áberandi trendið í vor og sumar er ljómandi húð. Glansinn er tekinn upp á næsta stig og púður-highlighterinn lagður á hilluna í bili. Í staðinn sjáum við kremkennda highlightera og jafnvel í glossformi sem notaðir eru á kinnbeinin, niður nefið, fyrir ofan efri vör og á viðbeinin. Hugmyndin er að líta út eins og glamúrútgáfa af sjálfri þér eftir góðan jógatíma.

**Sólarpúður og gloss**

Við munum líka sjá mjög skæra liti á augum og vörum, þó ekki á sama tíma. Best er að halda húðinni mjög náttúrulegri ef farið er út í sterka liti á varir eða augu. Neonlitirnir sem hafa verið vinsælir í fatnaði færa sig yfir á andlitið og það getur verið gaman að leika sér með liti í vor og sumar. Það er fátt sumarlegra en sólkysst húð og appelsínurauður varalitur, til dæmis. Í öðrum fréttum á sólarpúðrið einnig endurkomu með næntís-tískunni sem tröllríður tískuheiminum og gamla, góða glossið snýr aftur en nú má einnig nota það á augun.

**Beislitur allsráðandi**

Beislitur er allsráðandi í fatatískunni og það trend nær einnig yfir í förðunartískuna. Vinsælt er að nota sama litinn eða svipaðan tón á augu, kinnar og varir. Lituðu augnskuggagrunnarnir frá bareMinerals eru fullkomnir í þetta útlit en þeir búa til fallega náttúrulegan skugga á augnlokið sem endist allan daginn.

Skin Love Glow Glaze Stick er glosskenndur highlighter sem er fullkominn í ferska förðun sumarsins."

HUGMYNDIN ER AÐ LÍTA ÚT EINS OG GLAMÚR-ÚTGÁFA AF SJÁLFRI ÞÉR EFTIR GÓÐAN JÓGATÍMA.

**Ódýr en frábær farði**

*Hver er uppáhaldsfarðinn þinn á vorin?*

„Ég þreytist ekki á að mæla með Pharmaceris-farðanum en hann er borinn á eins og krem en hylur fáránlega vel allar litabreytingar og roða. Hann inniheldur líka sólarvörn SPF 20 og kostar ekki nema um 3.000 kall og fæst úti í apóteki. Ég hef ekki tölu á öllum þeim vinkonum sem hafa fallið fyrir þessum pólska farða eftir meðmæli frá mér."

*Hvaða sólarvörn mælir þú með til að nota dagsdaglega?*

„Ég elska Complexion Rescue frá bareMinerals en þetta litaða dagkrem gerir húðina svo ferska og er með sólarvörn SPF 30. Maður slær tvær flugur í einu höggi og er sætur með sólarvörn!"

*Hvaða húðvörum mælir þú með?*

„Ég hef lengi vel elskað að nota EGF-dropana frá Bioeffect en nýverið kynntist ég töfratvennunni svokölluðu frá þeim og nota hana hvern morgun.

**Rolls Royce kremanna**

Á kvöldin hef ég verið að nota það sem húðlæknar kalla Rolls Royce-inn í kremum en það heitir A.G.E. Interrupter og er frá SkinCeuticals sem er bara selt í gegnum húðlækna á Húðlæknastöðinni.

Annars elska ég að prófa nýjar vörur og hef verið heppin að í gegnum vinnuna mína hef ég fengið að prófa flestallt sem kemur á markað og er nýtt og spennandi. Ég er kolfallinn aðdáandi húðvara sem innihalda retínól, enda er það eitt af fáum innihaldsefnum sem sannað hafa virkni sína gegn hrukkum og flestu því sem við höfum áhyggjur af þegar kemur að húðinni."



Beislitur á augum, kinnum og vörum fyrir náttúrulegt útlit hjá Philosophy Di Lorenzo Serafini.




Þessi ódýri en góði farði fæst í mörgum apótekum hér á landi og að sögn Helgu felur hann vel roða og misfellur í andliti.




Til vinstri. bareMinerals litað dagkrem með SPF 30, Helga mælir með þessu kremi sem daglegri sólarvörn. Augnskuggagrunnur í beislit til hægri.




Helga prófar sig áfram þessa dagana með svokallaðan Rolls Royce kremanna, A.G.E. Interrupter frá SkinCeuticals.



Fallegur ljómi á kinnbeinin og fleiri staði með Becca Glow Glaze Stick.



Fyrirsætan Vittoria Ceretti á pöllunum hjá Max Mara á tískuvikunni í Mílanó með fallega og náttúrulega förðun í beige-tónum.


Horfðu á heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Sjónvarps-þjónusta
Ótakmarkaður heimasími
+
Afþreying frá Stöð 2
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone
Hluti af sýn

# Erfiðustu mögulegu aðstæður

**Ebólufaraldurinn í Austur-Kongó er sá næstversti í sögunni. Upplýsingafulltrúi WHO segir í samtali við Fréttablaðið að takmörkuð trú á heilbrigðisstarfsfólki og átök á svæðinu torveldi vinnu. 751 hefur látist og 1.186 sýkst.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Ebólufaraldurinn sem braust út í Kivu og Ituri í Austur-Kongó þann 1. ágúst á síðasta ári geisar enn. Hann er orðinn sá næstversti í skráðri mannkynssögu. Alls hafa 1.186 tilfelli verið staðfest og 751 andlát hefur verið rakið til veirunnar. 675 hinna látnu voru kvenkyns, 341 var barn.

Líkurnar á að faraldurinn breiðist enn frekar út bæði innan Austur-Kongó og til annarra landa eru taldar miklar. Því hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) ráðlagt fólki að ferðast hvorki til né stunda viðskipti við Austur-Kongó að svo stöddu.

Faraldurinn er raunar sá næstversti. Í þriðja sæti er faraldur sem geisaði í Úganda um aldamótin og heimti líf 224. Á toppnum trónir svo ebólufaraldur sem geisaði í Vestur-Afríku frá því í desember 2013 og fram í janúar 2016. Þá smituðust nærri 29 þúsund og rúm 11 þúsund létust. Stærstu tveir faraldrarnir eru af völdum sama afbrigðis ebólu, eða EBOV og það eru faraldrarnir í fjórða og fimmta sæti einnig.



**Heilbrigðisstarfsmenn í hlífðarfötum sjást hér inni á ebólumeðferðarstöð í borginni Butembo í Kivu-fylki í Austur-Kongó.** NORDICPHOTOS/AFP

### Átök og traust

Afar erfiðlega hefur gengið að ráða niðurlögum faraldursins í Kivu. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Ein sú helsta er langvarandi átök í norðurhluta Kivu á milli hersins og allnokkurra uppreisnarhópa. Eiginleg skjálftamiðja faraldursins, ef svo má komast að orði, er í bænum Beni. Bærinn hefur komið illa út úr átökunum og hafa tugir árása verið gerðar á hann meðan hjálparstarfsfólk, læknar og hjúkrunarfræðingar reyna að aðstoða sjúklinga.

Samkvæmt tilkynningu sem WHO sendi frá sér í gær hefur árásum á svæðinu fjölgað. Því hefur aðgengi að sjúklingum verið takmarkað að undanförnu og illa gengur að rannsaka útbreiðslu. Hins vegar liggur fyrir að útbreiðsla sjúkdómsins hefur aukist í borginni Butembo og í nærliggjandi bæjum að undanförnu.

Önnur helsta ástæðan er takmarkað traust í garð læknavísinda og alþjóðlegra heilbrigðisstarfsmanna. Læknaritið Lancet birti í síðasta mánuði rannsókn þar sem 36 prósent af tæplega þúsund aðspurðum sögðust viss um að sjúkdómurinn hafi verið skáldaður til þess að koma á ringulreið í Austur-Kongó. Þar af leiðandi hafa margir verið ragir við að láta bólusetja sig.

„Skortur á trausti og faraldurinn sjálfur leiða til þess að fólk vill einfaldlega hvorki fylgja ráðleggingum né hlusta á skilaboð yfirvalda sem reyna að segja íbúum hvað skuli gera til þess að leysa úr ástandinu,“ hafði BBC eftir Patrick Vinck, aðalstjórnanda rannsóknarinnar, fyrir mánaðamót.


**Særðum uppreisnarmanni kastað upp á trukkpall skömmu eftir árás á meðferðarstöð í Butembo.** NORDICPHOTOS/AFP

### Neyðarástand

Sjálfstæð neyðarnefnd á vegum WHO tilkynnti eftir fund sinn í gær að þótt nauðsynlegt sé að vinna áfram gegn faraldrinum af fullum krafti sé ekki tilefni til þess að lýsa yfir alþjóðlegu neyðarástandi.

Tarik Jasarevic, upplýsingafulltrúi WHO, segir í samtali við Fréttablaðið að þetta hafi verið í annað skipti sem nefndin fundar um neyðarástandsyfirlýsingu en ekki var ákveðið að lýsa yfir neyðarástandi síðast. Nú var boðað til fundarins vegna skyndilegrar fjölgunar nýsmitaðra eftir að talan hafði farið lækkandi um nokkurt skeið. Auknar áhyggjur af öryggi á svæðinu voru einnig ástæðan fyrir því að boðað var til fundarins.

Yfirlýsing um alþjóðlegt neyðarástand er því ekki sjálfsögð þegar nefndin kemur saman. „Ákvörðun sem þessi byggir á því hvort ástandið sé alvarlegt, óvenjulegt eða óvænt, stefni nágrannaríkjum í alvarlega hættu og krefjist tafarlausra, alþjóðlegra viðbragða,“ segir Jasarevic og bætir við:

„Nefndin fundaði síðast þann 17. október árið 2018 og lagði til að ekki ætti að lýsa yfir neyðarástandi. Hins vegar var alvarlegum áhyggjum af faraldrinum lýst yfir og bent á að hættan á útbreiðslu til grannríkja væri afar mikil.“

Nágrannaríkin hafa, að sögn Jasarevics, komið á miklu eftirliti vegna þessarar hættu. Þannig fá þau upplýsingar um hvar ný tilfelli koma upp.

„En þótt smithættan innan landsins og hættan á útbreiðslu til nágrannalanda sé afar mikil eru líkurnar á útbreiðslu í hnattrænu samhengi litlar,“ segir Jasarevic. Hann bætir því við að ekkert tilfelli hafi enn komið upp þar sem erlendur heilbrigðisstarfsmaður snýr heim og ebólutilfelli kemur upp í heimalandinu í kjölfarið.

### Erfiðar aðstæður

„Þetta eru svo gott sem erfiðustu aðstæður sem hægt er að ímynda sér: Átökin, íbúar sem eru á sífelldri hreyfingu, veikburða heilbrigðiskerfi, stríðshrjáð þjóð sem er vön að reiða sig á óformlegt heilbrigðiskerfi. En sú staðreynd að tekist hefur að ná stjórn á faraldrinum á ákveðnum stöðum þýðir að þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður er hægt að koma í veg fyrir frekari smit,“ segir Jasarevic.

Hann segir að síðustu árásir á heilbrigðisstarfsfólk eða ebólumeðferðarstöðvar hafi verið gerðar þann 9. mars síðastliðinn.

„Til þess að binda enda á ebólufaraldurinn þurfum við að ná góðu jafnvægi til þess að hámarka þá aðstoð sem við getum boðið, gera það á hlutlausan hátt, og vernda bæði sjúklinga og starfsfólk fyrir vopnuðum hópum,“ segir Jasarevic og bætir við að slík vandamál komi upp á öllum stríðshrjáðum svæðum heims.

### Samskipti

Um þá staðreynd að fjölmargir trúi því ekki að ebóla sé til, og vilji því ekki láta bólusetja sig, segir Jasarevic að heilbrigðisstarfsfólk í Austur-Kongó sé í daglegum samskiptum við íbúa. „Meirihluti styður og sættir sig við vinnu okkar.“

Hann segir að tekist hafi að útrýma sjúkdómnum í ýmsum samfélögum sem hafa tekið vel í starf WHO og annarra. „Þessi samskipti fela í sér að við kynnum okkur trú fólksins, tökum við spurningum og ráðleggingum um hvernig við eigum að berjast við faraldurinn og sækjum jafnframt íbúafundi. Ebóluteymin leggja áherslu á samskipti við þá sem gagnrýna starf okkar einna mest. Saman getum við hins vegar leyst úr vandanum.“

Þá segir Jasarevic að um nítíu prósent þeirra sem geta fengið bólusetningu samþykki það. „Og meira en nítuíu prósent bólusettra samþykkja frekari heimsóknir á þriðja og 21. degi eftir bólusetningu.

> **ÞÓTT SMITHÆTTAN INNAN LANDSINS OG HÆTTAN Á ÚTBREIÐSLU TIL NÁGRANNALANDA SÉ AFAR MIKIL ERU LÍKURNAR Á ÚTBREIÐSLU Í HNATTRÆNU SAMHENGI LITLAR.**

### Hafa lært mikið

Jasarevic segir að bæði WHO og heilbrigðisstarfsfólk um allan heim hafi lært mikið af ebólufaraldrinum í Vestur-Afríku, þeim versta í mannkynssögunni. „Við höfum náð miklum árangri síðan í að tryggja að sá lærdómur komi að gagni.“

Þannig nefnir hann að WHO hafi árið 2016 komið á fót sérstöku verkefni um neyðarástand í heilbrigðismálum. „Þetta voru miklar breytingar fyrir WHO og þannig jukum við getu okkar. Eitt af því sem við lærðum í Vestur-Afríku var að faraldurinn hreyfist hraðar en þeir peningar sem úthlutað er til að berjast við sjúkdóminn. Þess vegna komum við á fót sjóði fyrir fyrrnefnt verkefni svo hægt sé að tryggja að fjármagn sé til staðar strax í upphafi,“ segir Jasarevic og bendir á að þannig hafi WHO strax verið reiðubúin þegar faraldurinn braust út.

Upplýsingafulltrúinn bætir því við að lokum að WHO hafi komið upp öðru verkefni til þess að aðstoða stofnanir og ríki við að byggja upp innviði til þess að takast á við faraldra. „Nýlega höfum við einnig sett upp kerfi með Alþjóðabankanum svo við getum fylgst með því hversu vel hvaða svæði eru í stakk búin til að takast á við faraldra og aðra heilbrigðisvá.“


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



✝

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnt hafið okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður,

**Gunnsteins Stefánssonar**
læknis.

**Helga Snæbjörnsdóttir**
**Snæbjörn Gunnsteinsson**
**Stefán S. Gunnsteinsson**
**Árni Pétur Gunnsteinsson**
**Gunnar Helgi Gunnsteinsson**
**tengdadætur, barnabörn og systkini hins látna.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Steingrímur Gíslason**
frá Torfastöðum,

lést aðfaranótt 8. apríl á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 16. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Vinafélag Ljósheima, reikn. 0152 26 60860, kt. 690216 0860.

**Árný V. Steingrímsdóttir** — **Friðgeir Jónsson**
**Jensína Sæunn Steingrímsd.** — **Ægir Stefán Hilmarsson**
**Aðalheiður Jóna Steingrímsd.** — **Björn Magnússon**
**Gísli Steingrímsson** — **Ragnheiður Sigmarsdóttir**
**Sigurður Þór Steingrímsson** — **Guðbjörg Bergsveinsdóttir**
**Birgir Árdal Steingrímsson** — **Margrét Jónsdóttir**
**Bergur Geir Guðmundsson** — **Sigrún Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Geirmundur hefur fullt að gera alla afmælishelgina en lofar stuði síðar.**

# Eiginlega brjálað að gera

**Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson er sjötíu og fimm ára í dag. Hann má ekkert vera að því að halda upp á það núna en lofar tvöföldum afmælistónleikum í október.**

Kindur heyrast jarma þegar Geirmundur Valtýsson tónlistarmaður tekur upp tólið og þegar ég hef orð á því hefur hann skýringu á reiðum höndum. „Þær urðu fúlar við mig þegar þær sáu að ég ætlaði að fara að tala í símann.“ Hann er sem sagt að gefa á Geirmundarstöðum. Ég furða mig á að hann gefi sér enn tíma til að vera bóndi, maður sem er úti um allar koppagrundir að spila. Er hann ekkert að hætta búskapnum? „Nei, nei. Ég er reyndar bara með um hundrað fjár á vetrarfóðrum og þrjátíu hross, hugsa að ég fjölgi fénu í haust, það er svo góð staða í sauðfjárræktinni,“ segir hann – í gríni. „En svo er ég auðvitað líka að spila og semja lög.“

**Ég er reyndar bara með um hundrað fjár á vetrarfóðrum en hugsa að ég fjölgi því í haust, það er svo gott útlit með lambakjötið.**

Sem sagt ekkert gefið eftir. „Nei, á maður eitthvað að gera það? Maður verður búinn þegar maður leggst. En fyrst maður er á fótum verður eitthvað að hafa að gera.“

Það er 75 ára afmælið hans Geirmundar sem ég vil ræða en hann er ekkert sérstaklega spenntur fyrir því. „Ég á við það að stríða, eins og þú, að eldast um eitt ár á ári. En er náttúrlega yfir mig rogginn yfir að vera enn sprækur og hafa nóg að gera, eiginlega brjálað að gera. Það er yndislegt.“

Ætlarðu ekki að halda veglega upp á afmælið? „Ekki núna og það er kannski of snemmt að tala um það en ég ætla að halda afmælistónleika í Salnum í haust, 12. og 19. október. Þau verða með mér Diddú, Helga Möller og Ari Jóns. Þá getur fólkið komið og skemmt sér. Þetta verður alvöru. „Ég hef haldið rækilega upp á afmælið mitt, bæði þegar ég varð sextugur og eins hélt ég upp á 50 ára tónlistarafmælið mitt. Tónleikarnir í haust eru fyrst og fremst í tilefni þess að ég er búinn að spila í 60 ár.“

Þegar nánar er grennslast kemur í ljós að Geirmundur hefur nóg annað að gera um helgina en að halda veislu. „Ég er að keyra suður til Reykjavíkur núna að spila í sjötugsafmæli, svo þarf ég að vera í fermingu norður á Akureyri á laugardag og annarri hér í Skagafirði á sunnudaginn.“

Nú verð ég að sleppa söngvaranum úr símanum svo ærnar verði ekki málþola. Þegar ég spyr hvort hann eigi einhverja nýlega mynd segir söngvarinn ákveðinn: „Þið eigið nóg af myndum af mér, taktu bara flottustu myndina sem þú sérð!“ **gun@frettabladid.is**

# Nemendur syntu í plastmenguðu vatni

Smáraskóli í Kópavogi var með þemadaga í þessari viku. Þar voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í öndvegi svo sem loftslagsmál og mengun, heilbrigði og efnahagur.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði nemendur og starfsfólk með hvatningarorðum varðandi verkefnin. Hún talaði um mikilvægi þess að fullorðnir skili jörðinni af sér í góðu ásigkomulagi og að allir sýni ábyrgð í neyslu og endurvinnslu á plasti. Nefndi einnig mikilvægi þess að öll börn í heiminum fengju að ganga í skóla.

Vinna nemenda Smáraskóla var fjölbreytt. Þeir fóru í vettvangsferðir, tóku viðtöl og bjuggu til hlaðvarpsþætti, héldu fata- og skósölu og styrktu góðgerðarmálefni. Þeir fengu gesti og fyrirlesara til að fjalla um geðheilbrigði og vellíðan og nokkrir nemendur prófuðu að synda í plastmenguðu vatni, Kópavogslaug veitti góðfúsleg afnot af lauginni.



**Nemendur Salaskóla hlýddu af athygli á Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.**

Salaskóli, Hörðuvallaskóli og Álfhólsskóli í Kópavogi hafa allir unnið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í vetur og bæjarstjórnin samþykkti síðastliðið haust að gera þau að yfirstefnu Kópavogsbæjar. **– gun**

# SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2019

BÍÓHÖLLINNI AKRANESI

13.04.19

20:55



KYNNAR
JÓN OG FRIÐRIK DÓR
JÓNSSYNIR

FJÖLSKYLDU-
SKEMMTUN
14:30

## DÓMNEFND
## BJÖRGVIN - BIRGITTA - BRÍET







samband íslenskra framhaldsskólanema

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BISTRO • BAR

BÍÓHÖLLIN

vinir hallarinnar

MIÐASALA HAFIN Á
**midi.is**

# Fer beint í óperudeild – út á röddina

**Silja Elsabet Brynjarsdóttir mezzósópran hlaut nýlega einnar milljónar króna styrk Söngmenntasjóðs Marinós Péturssonar til áframhaldandi söngnáms. Óperusöngur á sviði er ástríða hennar, áhugamál og æðsti draumur.**


Silja Elsabet er á heimaslóðum sínum í Vestmannaeyjum og hlakkar til fjölskyldustundar á morgun við fermingu systur sinnar.

Það er söngkonurödd sem svarar í símann, þegar ég hringi í Silju Elsabetu. Hún er í páskafríi heima í Vestmannaeyjum – í hávaðaroki. Annars er hún í Royal Academy of Music í London og tekur bakkalárgráðu í vor eftir fjögurra ára nám. „Það er svo þægilegt hvernig þeir stilla fríunum upp í skólanum úti, þeir safna litlu fríunum saman í stór þannig að þegar við fáum sumarfrí, jólafrí og páskafrí þá náum við að koma heim. Það er alveg dásamlegt. Gaman að kíkja á fjölskylduna, systir mín er að fermast á morgun, það verður góð fjölskyldustund.“

Silja Elsabet ætlar í sérnám við óperudeildina í skólanum. Advanced Diploma in Opera nefnist sú deild og þar er mastersgráða inntökuskilyrði en hún fékk undanþágu til að hefja nám strax, út á sína rödd. „Ég fékk hálfgert sjokk, ætlaði bara ekki að trúa þessu, því Bretar eru nú frekar fastheldnir á reglur. Þetta er auðvitað stórkostlegt, enda er óperusöngur ástríða mín og æðsti draumur.“

Vissulega er námið strangt að sumu leyti að sögn Silju Elsabetar. „Ég kalla þetta starfsnám þegar fólk er að spyrja mig út í það. Við nemendurnir komum til með að syngja í óperum og setja upp óperur og svo erum við jafnvel fengin til að syngja líka utan skólans í ýmsum verkefnum. Þetta er ofboðslega spennandi.“ Hún segir sig muna verulega um þessa milljón sem hún fékk í styrk og vera þakklát fyrir hana. „Ég hef verið að vinna á bar með skólanum úti, og þegar ég fékk styrkinn þá hugsaði ég, nú get ég hætt að vinna og bara einbeitt mér að skólanum. Það er geggjað! Ég var oft fram á nætur í vinnunni.“

Hún kveðst kunna afar vel við sig í London. „Borgin er svo rosalega stór og fjölbreytt og mér finnst ég aldrei vera búin að sjá nema pínulítinn hluta af henni. Samt er þetta fjórða árið mitt núna. Mér finnst voða gaman þegar ég fæ gesti, þá fæ ég afsökun fyrir að fara í skoðunarferðir, ég geri það ekkert dagsdaglega, því það er nóg að gera í skólanum. Hún kveðst hafa haft íbúð frá skólanum í eitt ár en það hafi verið dýrt. „Svo ég fór á almenna leigumarkaðinn, það er ódýrara, svo fáránlegt sem það er.“

**Ég hef verið að vinna á bar með skólanum úti, og þegar ég fékk styrkinn þá hugsaði ég, nú get ég hætt að vinna og bara einbeitt mér að skólanum. Það er geggjað!**

*En hvernig ver hún sumrunum. Fer hún þá kannski á einhverjar tónlistarhátíðir?*

„Ég hef ekki gert það, hef alltaf komið heim að vinna. Var tíu ár í fiskinum hér í Eyjum, eitt sumar á Hótel Vestmannaeyjum og í fyrrasumar vann ég í Eldheimum. Það er svo þægilegt að koma heim til mömmu og þurfa ekki að eyða neinu!“

Ekki kveðst Silja Elsabet búin að frétta hvaða óperur verði settar upp í haust, hvað þá hlutverkaskipan. „Það er allt á huldu ennþá. Skólinn byrjar í september og mér finnst líklegt að ég fái eitthvað að vita áður en ég fer í sumarfríið. En ég hef planað að vera með tónleika á Íslandi í sumar, bæði hér í Eyjum og líka í Reykjavík. Einhvern tíma í júlí-ágúst.“ **gun@frettabladid.is**

---



Við þökkum ættingjum og vinum auðsýnda samúð og hlýhug er móðir okkar, tengdamóðir, frænka, amma, langamma og langalangamma,

**Guðbjörg Ámundadóttir**
Minna-Núpi,
Skeiða- og Gnúpverjahreppi,

andaðist í mars síðastliðnum. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalarheimilinu Ási í Hveragerði og Lundi á Hellu fyrir einstaka umönnun undanfarna mánuði.

**Guðrún Ingólfsdóttir** **Auðunn Gestsson**
**Herdís Kristjánsdóttir** **Trausti Sveinbjörnsson**
**Ámundi Kristjánsson**
**Viðar Ingólfsson** **Nína Björg Borgarsdóttir**
**Guðbjörg Emma Ingólfsd.** **Gunnlaugur Óttarsson**
**Snorri Arnarson** **Erla Gunnarsdóttir**
**Erla Arnardóttir** **Ingi Björnsson**
**langömmu- og langalangömmubörn.**

---



Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Sigurður Guðmundsson**
Lyngmóa 17, Reykjanesbæ,

lést á heimili sínu laugardaginn 6. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðmundur Sigurðsson** **Kolbrún Geirsdóttir**
**Gunnfríður Friðriksdóttir** **Antonio Manuel Goncalves**
**Friðrik Guðmundsson**
**Kolbrún Guðmundsdóttir** **Karl Kristján Davíðsson**
**Salka Snæbrá og Kolbeinn Friður**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingiberg J. Hannesson**
fyrrv. prófastur og alþingismaður,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 7. apríl. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 15. apríl kl. 13.00.

**Helga Steinarsdóttir**
**Birkir Ingibergsson** **Sigurveig Þ. Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn H. Ingibergsson** **Marelie Nacilla Rubio**
**Bragi J. Ingibergsson** **Stefanía Ólafsdóttir**
**Sólrún H. Ingibergsdóttir** **Pétur Fannar Hjaltason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Móðurbróðir okkar,

**Hjálmar Þórðarson**
verkfræðingur,
Kúrlandi 2, Reykjavík,

lést 2. apríl að Skógarbæ.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Ingvar J. Kristjánsson**
Tröllakór 1-3, Kópavogi,

lést að morgni föstudags 29. mars á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Halla Ágústsdóttir**
**Ágústa Kristrún Ingvarsdóttir**
**Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir**

---



Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, stjúpmóður, tengdamóður og ömmu,

**Sigríðar Maríu Jónsdóttur**

Einnig færum við öllum þeim sem önnuðust Sigríði í veikindum hennar á kvennadeild Landspítalans þakkir fyrir þeirra góðverk, umönnun og hjúkrun. Enn fremur þökkum við þeim fjölmörgu sem sýndu Sigríði og fjölskyldunni stuðning og umhyggju með hlýhug sínum og fyrirbænum.

**Árni Andersen**
**Pétur Már Ólafsson** **Nína Sif Pétursdóttir**
**Karvel Halldór Árnason** **Linda Sóley Halldórsdóttir**
**Margrét Árnadóttir**
**Eyþór Árnason** **Ása Óðinsdóttir**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björgvin Guðmundsson**

andaðist á heimili sínu að Hlaðhömrum 2, þriðjudaginn 9. apríl, 2019. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 24. apríl, kl. 13.00.

**Þorvaldur Björgvinsson**
**Guðmundur Björgvinsson**
**Björgvin Björgvinsson** **Pirjo Aaltonen**
**Þórir Björgvinsson** **Unnur Kristjánsdóttir**
**Rúnar Björgvinsson** **Elín Traustadóttir**
**Hilmar Björgvinsson** **Sjöfn Marvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Petter Amandus Tafjord**

er látinn.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 17. apríl kl. 13.00.

**Sigurrós Tafjord** **Ármann Baldursson**
**Jóhann Á. Tafjord** **Elín Jónbjörnsdóttir**
**Kristján Tafjord** **Jarþrúður Bjarnadóttir**
**Birna Tafjord** **Birgir Kristjánsson**
**Pétur Smári Tafjord** **Þórey Svana Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, bróðir og mágur,

**Vigfús Grétar Björnsson**
bakarameistari,
Asparfelli 6,

andaðist á líknardeild Landspítalans 31. mars. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Inga Brá Vigfúsdóttir**
**Sigursteinn Freyr Vigfússon**
**Auðunn Björnsson**
**Gunnar Lúðvík Björnsson**
**Guðlaug Björnsdóttir** **Svavar Garðarsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.




# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 $m^2$ atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12    103 Reykjavík    www.reitir.is    575 9000

REITIR

# VIÐ FÖGNUM 40 ÁRA AFMÆLI JYSK Á HEIMSVÍSU MEÐ FRÁBÆRUM AFMÆLISTILBOÐUM




FULLT VERÐ: ~~12.990~~

**6.495**

50% afsláttur

FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF

FULLT VERÐ: ~~39.990~~

**19.990**

Flora Danica
Traditional Danish Handicraft · Pure Nature, Comfort, Exclusive Design

**FLORA DANICA DÚNSÆNG**
Vönduð dúnsæng fyllt með 90% af hvítum moskusdúni og 10% af moskusfjöðrum. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið úr 100% bómull sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Sængin er saumuð í ferninga með veggjum á milli hólfa svo dúninn haldist jafn yfir sængina. Fylling: 600 gr. Burðargeta 11. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C. Sæng 135x200 cm. Koddi 50x70 cm. Vnr. 4116850, 4229804

8 lítra ~~895~~ nú **649**
11,5 lítra ~~1.295~~ nú **995**
29 lítra ~~1.995~~ nú **1.395**
50 lítra ~~2.995~~ nú **2.395**

**PLASTKASSAR**
Vnr. 2238, 1234, 2040, 2046



Allt að 30% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:

**649**

GOLD EINSTÖK GÆÐI

FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF



50% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~7.995~~

**3.995**

WELLPUR

**STRYN HEILSUKODDI**
Heilsukoddi með sérhönnuðu efni sem hefur þrýstijafnandi eiginleika. Styður vel við háls og hnakka. Áklæðið er úr þéttofnu efni sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Áklæðið er úr 100% polyester og SILPURE meðhöndlað og má þvo við 40°C. 36x60x11/9 cm. Vnr. 4308200



Sparið 3000

FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF

FULLT VERÐ: ~~12.950~~

**9.950**

**ABBETVED SKRIFBORÐ**
B120 x H76 x D48 cm.
Fæst í 2 litum. Vnr. 3669359, 3620860



Sparið 5000

**OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL**
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Svartur/rauður, svartur/blár og svartur/hvítur.
Vnr. 8880000858, 8880000859

FULLT VERÐ: ~~19.950~~

**14.950**

# FERMINGARTILBOÐ

## SLEEPWELL DÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG & KODDI + LAK + SÆNGURVERASETT




SleepWell
høie OF SCANDINAVIA
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
DUO 2=1

Sparið 21.985

FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF

89.950

FULLT VERÐ: ~~81.935~~

**59.950**



9.995

+



2.995

+



3.995

Miðlungsstíf dýna 120x200 cm með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 cm þykk yfirdýna. Fætur og botn fylgja. 120x200 cm. Vönduð thermosæng fyllt með 2x600 g af holtrefjum. Má þvo við 60°C. Sængurtaska fylgir. Koddinn er fylltur með 500 g af holtrefjum. Gott teygjulak úr 100% bómullarsatíni, stærð 120x200 cm. Sængurverasett að eigin vali að verðmæti **3.995** 140x200 og 50x70 cm. Vnr. 8880000914, 4117000, 1416101, 1329580, 1381180

90x200 cm ~~79.900~~ nú **49.900**
120x200 cm ~~99.900~~ nú **69.900**
140x200 cm ~~114.900~~ nú **79.900**
160x200 cm ~~129.900~~ nú **89.900**
180x200 cm ~~139.900~~ nú **99.900**

Sparið allt að **40.000**

FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF

Með 3 þægindasvæðum



NÚ VERÐ FRÁ:

**49.900**

Royal Dream ... a dream come true
MEMORY FOAM

**ROYAL DREAM DÝNA**
Góð, miðlungsstíf dýna með 3 þægindasvæðum og 240 pokagormum pr. m². 9 cm yfirdýna með 5 cm MEMORY FOAM svampi í efsta lagi. Fæst í nokkrum stærðum.
Vnr. 8880000703



FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF
Allar vegghillur 20-30% afsláttur
KORT OG GJAFAPAPPÍR FYRIR FERMINGARNAR
KERTI OG SERVÍETTUR FYRIR PÁSKANA
30% afsláttur
FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF
FULLT VERÐ: 49.950
34.950
SKILLEBEKK SVEFNSÓFI
Ljósgrár. B160 x H59 x D69 cm.
Í svefnstöðu: 126x195 cm.
Vnr. 3620700
90x200 cm 99.950 nú 69.950
120x200 cm 119.950 nú 79.950
140x200 cm 129.950 nú 89.950
160x200 cm 149.950 nú 99.950
180x200 cm 159.950 nú 109.950
FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF
Sparið allt að 50.000
Með 7 þægindasvæðum
NÚ VERÐ FRÁ:
69.950
SWEET DREAM MEMORY FOAM
SWEET DREAM RÚM
Góð meðalstíf heilsudýna með 260 pokagormum pr. m². og 7 þægindasvæðum. Áföst 5,9 cm þykk yfirdýnu úr eggjabakklöguðum svampi og MEMORY FOAM svampi. Fætur og botn fylgja með.
Vnr. 8880002033, 8880002034
140x200 cm 6.995 nú 3.995
140x220 cm 7.995 nú 4.637
200x220 cm 9.995 nú 5.797
FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF
300 þræðir
42% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
3.995
VALLSTA SÆNGURVERASETT
100% gæðabómull.
Vnr. 131-17-1063
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 14.04

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**RAMMASAMNINGUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | R | A | M | L | E | I | Ð | S | L | A | | S | | M | | Á | | S | |
| Ö | | Ð | | E | | | | P | | R | Ú | M | M | Á | L | S | I | N | S |
| L | O | F | S | Y | N | G | J | A | | M | | Á | | L | | T | | J | |
| S | | A | | N | | R | | R | I | S | A | B | A | R | D | A | G | A | R |
| U | | R | E | I | F | A | Ð | I | | T | | A | | Ó | | R | | K | |
| Ð | | A | | B | | S | | F | L | Ó | T | T | A | F | Ó | L | K | I | Ð |
| U | N | N | A | R | S | K | E | L | | L | | N | | U | | A | | L | |
| | | Æ | | U | | E | | Í | R | A | K | A | | M | Ó | G | Ú | L | L |
| F | T | T | U | G | U | R | | K | | | J | | E | | S | | T | | E |
| | | U | | G | | I | | U | M | G | A | N | G | S | V | E | I | K | I |
| F | O | R | V | I | T | N | A | R | A | | F | | G | | I | | L | | K |
| | R | | A | | J | | F | | R | É | T | T | T | Æ | K | | E | | I |
| S | K | A | L | L | A | G | R | Í | M | | A | | Í | S | I | N | G | I | N |
| | U | | D | | L | | É | | A | L | R | Æ | Ð | I | Ð | | A | | N |
| S | P | J | A | L | D | A | Ð | A | R | | | Ð | | S | | H | N | Ú | A |
| | A | | T | | A | | U | T | A | N | K | A | U | P | | Á | | T | |
| S | K | R | A | N | B | Ú | Ð | A | | E | | B | | E | F | L | I | N | G |
| | K | | F | | A | | | N | Á | M | S | L | Á | N | | O | | Á | |
| G | A | S | L | Y | K | T | I | N | | U | | Á | | N | A | F | A | R | S |
| | R | | I | | I | | | A | F | M | A | R | K | A | | T | | A | |

**LAUSNARORÐ:** Ef orðunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist horfin byggð. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. apríl á krossgata@frettabladid.is merkt „13. apríl“.



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Listamannalaun** eftir **Ólaf Gunnarsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Axel Skúlason, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Húrra! Leyfi fyrir sjúka sauði! (11)
**10** Ætli stöngull ómi í ungum peyja? (10)
**12** Leita krydds á Krydd-höfða (11)
**13** Kverk fyrir kraftmikla menn og kjaftfora (10)
**14** Gæti þess sem hin gætna gætir (9)
**15** Frekur kall fékk úrgangsvinninginn (12)
**16** Má draga úr birtu án slíkra rofa? (9)
**17** Skoða hús Burgess og Blunts svo lítið ber á (11)
**18** Fæ stykki af Freyju-nammi á kvöldvökunni (9)
**24** Hví erum við bendlaðar við þær sem flæktust í þetta? (9)
**28** Spinn örlagaþráð til að búa þau til (8)
**29** Hvíla er þau hafa fundið gnótt af gleði (5)
**30** Hér segir frá skriftum og afskriftum (7)
**32** Setjið viðeigandi klístur í askinn svo hann hangi saman (8)
**33** Okkar formælingar fylgja hækkandi sól (7)
**34** Óguðleg mynd sem þau draga upp af þessu rætna hyski (7)
**35** Brynni Undínu (8)
**36** Hví skyldi blóm kjökra meðal kyrrlátra? (7)
**40** Rotna ung og ruglast vegna meiðsla (8)
**44** Fölsk eru þau og aldrei til friðs (7)
**48** Danskur greinir, þýskur hlutur og íslenskt úthald (6)
**49** Þessi námssöngur okkar var saminn af öðrum (7)
**50** Stelpukóð veiðir grimmt, en það eru bara kóð (9)
**51** Leita að sjófuglum í fögrum skógi (6)
**52** Sprauta á hirðingja þrátt fyrir súldartíð (7)

**LÓÐRÉTT**
**1** Dagar í lífi liðléttings (9)
**2** Spyr skeifurnar um töfflurnar (9)
**3** Grimm vill vogaðar og naprar týpur (9)
**4** Mun móðir mana finna burði þeirra? (9)
**5** Burthlaupnir bandingjar álpast í veg fyrir veiðimennina (9)
**6** Fræðslusetur Rebekku-bónda er í Reykjavík (10)
**7** Gallarnir eru stuttir en hlýir (10)
**8** Órofin er ipponreisan (11)
**9** Gætinn mun óa við rugli þeirra sem eru það ekki (8)
**11** Huppa fílar bjórinn sem Búkolla gaf (9)
**19** Hvaða rokktappi hafði hundsbotn? (9)
**20** Grappa er bara gambri fyrir snobbhænsn, segir pabbi (9)
**21** Á paradísareyjum í Þanghafi má finna bæði gróf og gjaldmiðil (9)
**22** Fór hálfpartinn að gráta við að strá taði (8)
**23** Gjörsneydd geig við ská-kofna (7)
**24** Ummyndast í skán ef prísar lækka ekki (7)
**25** Finn angan reykelsis, Kölnarvatns og grana þinna (7)
**26** Sækja hey undir heitinn (6)
**27** Stökkva nú flær um lær á ringluðum heybrókum (6)
**31** Ást, já? Sum segja hana bara druslu (5)
**37** Lögmál broddstafs er hrærigrautur (6)
**38** Daninn og öndin hans (6)
**39** Skjótumst eftir stokkum (6)
**41** Sukk framkallar iðulega innstæðulaust traust (5)
**42** Dragspil má kinka kolli (5)
**43** Færi lágan stuðul að næstu heilu tölu (5)
**44** Brunaði eftir sömu vegum og við keyrðum (4)
**45** Má setja rófu í hárið? (4)
**46** Að reyta arfa kostar stöðugt stjákl, því er barnið þreytt (4)
**47** Kata mun vinna þetta einhvern veginn (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

## Skák
Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Jóhann Hjartarson (2.520) átti leik gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (2.293) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.

**36. ... Rxg3! 37. fxg3 Dxg3+ 38. Hg2 De1+ 39. Df1 Dxe3+.** Yfirburðir Jóhanns dugðu til sigur. Mótið er ríflega hálfnað. Fimm umferðum af níu er lok. Sjötta og sjöunda umferð fara fram í Hörpu um helgina. Umferðirnar hefjast kl. 13 og skákskýringar kl. 15. **www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið í Hörpu.

## Bridge
Ísak Örn Sigurðsson

### Sterkar sveitir sátu eftir

Undankeppni Íslandsmóts í sveitakeppni var háð um síðustu helgi og spilað var í 4 riðlum með 10 sveitum í hverjum riðli. Þrjár efstu sveitirnar unnu sér rétt til að spila í úrslitakeppni sem fram fer í Mörkinni 6 (sal FÍ) dagana 25.-28. apríl. Þær 12 sveitir af 40 sem komust áfram í úrslit Íslandsmótsins árið 2019 eru: Úr A-riðli, Vestri, Grant Thornton og Hreint ehf., úr B-riðli, Hótel Hamar, Málning hf. og Doktorinn, úr C-riðli, Wise, TM Selfossi og Mercury og úr D-riðli, Sverrir Þórisson, J.E. Skjanni og Sigurbjörn Þorgeirsson. Sjö sveitir úr Reykjavíkurkjördæmi, tvær frá N-eystra og þrjár af Reykjanesi. Sveitir Kristjáns Blöndal, Íslandsmeistara Kjarans (2018), Betri ferða og SFG komust ekki áfram, en fyrir fram var búist við að meira af þeirra hálfu. Í undankeppninni kom þetta mikla skiptingaspil fyrir. Austur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ K982
♥ ÁG8
♦ ÁDG862
♣ -

**Vestur**
♠ Á
♥ 9432
♦ 10
♣ ÁDG9852

**Austur**
♠ G753
♥ KD765
♦ 74
♣ 73

**Suður**
♠ D1064
♥ 10
♦ K953
♣ K1064

Spilið var spilað á 40 borðum og 22 mismunandi tölur sáust. Hæsta talan í NS var fyrir 6♦ doblaða og staðna, 1090, en hæsta talan í AV var fyrir 6♠ doblaða í NS, 4 niður (800). Parið sem spilaði 6♦ doblaða var Matthías G. Þorvaldsson og Sverrir Ármannsson í sveit Hótels Hamars, en parið sem fékk 800 í AV voru Þorgerður Jónsdóttir og Guðný Guðjónsdóttir úr sveit Stubba og Slemma.





## Poppaðu upp tilveruna!

Nóa Popp Smellur er nýtt og ómótstæðilegt súkkulaðihúðað poppkorn sem einnig er fáanlegt með pipardufti. Grípandi smellur sem tyllir sér beint á topp vinsældalistans.
Popp Smellur. Nýjasti Smellurinn frá Nóa Síríus.

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 348



„Er ekki komið þetta gargandi kvikindi,“ sagði Kata og dæsti þegar hún heyrði fuglasöng. „Finnst þér þetta ekki fallegur söngur?“ spurði Lísaloppa forviða. „Mér finnst þetta svo yndislegur söngur, hann minnir mig á að sumarið er að koma.“ „Mér finnast þessi óhljóð sem þú kallar söng bara vera garg,“ sagði Kata önug. „Eins og til dæmis svanurinn, fólk kallar óhljóð hans söng.“ Hún gretti sig í framan. „Svanasöngur á heiði? Fyrir mér eru þetta bara skrækir.“ „En vitið þið hvað þessi fugl heitir?“ spurði Konráð og leit á Kötu og Lísuloppu. Kata horfði á fuglinn áhugalaus en Lísaloppa hugsi. „Þú gætir nú viljað vita hvað fuglinn heitir, þótt þér líki ekki við sönginn hans?“ Já, Kata varð að viðurkenna það. „Þekktu óvin þinn!“ sagði hún hátt og reisti hnefann til himins. Þau hin kímdu. Kata gat verið mjög dramatísk, sérstaklega þegar eitthvað var erfitt fyrir hana.

**Er þetta kannski óðinshani, heiðlóa eða spói?**



## Leikir sem gera páskana skemmtilegri en ella

**Páskaeggjaleit**
**Leikmunir:** Mörg egg eru klippt út úr föndurpappa.
**Leikreglur:** Einn „er 'ann“ og hann felur öll eggin á víð og dreif um stofuna eða eitt herbergi. Hinir eiga síðan að reyna að finna eins mörg egg og þeir geta. Hvort sem mynduð eru í lið eða hver leitar fyrir sig, fara allir að borði og telja hversu mörg egg þeir fundu. Sá eða þau sem fundu flest egg vinna – og fá verðlaun.

**Gátur á eggjum**
**Leikmunir:** Pappaegg sem eru tekin í tvennt. Gáta er skrifuð á annan helming eggsins og svarið á hinn helminginn.
**Leikreglur:** Allir krakkar draga hálft egg úr poka. Síðan ganga þeir um og og lesa gátuna sína eða svarið sem er á eggjahlutanum. Þegar gáta og rétt svar hafa ratað saman, setjast þeir krakkar niður. Leiknum er lokið þegar allir hafa fundið rétt svar við gátunni sinni.





**Páskaorðarugl**
**Leikmunir:** Litlir miðar, poki, blýantur

**Leikreglur:** Þátttakendur skiptast í tvo einstaklinga eða tvö lið. Hvort lið velur sér eitt páskaorð sem hitt má ekki heyra. Síðan skrifar einhver hvern staf orðsins á lítinn miða og setur þá í poka. Síðan skiptast liðin á pokum. Það lið sem fyrr getur raðað saman stöfunum og myndað orðið vinnur.

**Lausn á gátunni**
Þetta er Heiðlóa




Guðlaug Sóley byrjaði að semja tónlist í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Aðalatriðið að gefast ekki upp

### Guðlaug Sóley Höskuldsdóttir hlaut titilinn Rafheili Músíktilrauna um síðustu helgi.

Hin fimmtán ára gamla Guðlaug Sóley hefur áhuga á raftónlist. Hún var kjörin Rafheili Músíktilrauna um síðustu helgi.

**Hvað er að vera rafheili?** Ég er ekki alveg 100% viss, en ég veit að það er heiti á verðlaunum fyrir raftónlist.

**Hvernig verður maður rafheili?** Með þolinmæði. Að vera opin fyrir öllum hljóðum og tónlist og gefast ekki upp.

**Er algengt að stelpur séu í raftónlist?** Nei, það er ekki algengt, en ég held að það verði fleiri í framtíðinni.

**Hefur þú lengi verið viðriðin tónlist?** Já, ég hef alltaf verið að spila á mismunandi hljóðfæri heima en ég byrjaði að semja tónlist í fyrra. Hef ekki verið í neinu tónlistarnámi, aðallega lært af YouTube.

**Í hvaða skóla ertu og hvernig finnst þér að vera þar?** Ég er í Foldaskóla, í 9. bekk, og langflestir fíla það sem ég geri en það eru alltaf einhverjir sem eru leiðinlegir en maður þarf bara að líta á björtu hliðina.

**Hver er uppáhaldstónlistarmaðurinn?** Ég á mér ekki beint uppáhalds tónlistarmann en langmesta uppáhaldshljómsveitin mín er Injury Reserve.

> ÉG HEF ALLTAF VERIÐ AÐ SPILA Á MISMUNANDI HLJÓÐFÆRI HEIMA EN ÉG BYRJAÐI AÐ SEMJA TÓNLIST Í FYRRA. HEF EKKI VERIÐ Í NEINU TÓNLISTARNÁMI, AÐALLEGA LÆRT AF YOUTUBE.

**Áttu fleiri áhugamál?** Ég hef mestan áhuga á tónlistinni núna en hef æft skauta í 12 ár. Ég fór í skautaferð til Rússlands í fyrra með bestu vinkonum mínum sem var ótrúlega skemmtilegt.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður fullorðin?** Ég er ekki búin að ákveða framtíðina en ég reyni alltaf að hugsa um hvað mig langar til að gera núna og svo sé ég bara til.

**Eitthvað sem þú vilt segja að lokum?** Það er frábær lífsreynsla að fara í Músíktilraunir og ef fólk hefur áhuga á tónlist þá mæli ég ótrúlega mikið með því að taka þátt.

# BLÁA LÓNIÐ HLÝTUR JAFNLAUNAVOTTUN




Við fögnum jafnlaunamerki Jafnréttisstofu. Vottunin fyllir okkur stolti og er dýrmæt hvatning til áframhaldandi góðra verka.

BLUE LAGOON
ICELAND

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 12 |
| Ísafjörður | 5 | 4 |
| Akureyri | 12 | 7 |
| Egilsstaðir | 9 | 9 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 11 |
| Hveravellir | 3 | 18 |

Vaxandi suðaustanátt í dag, 18-25 m/s í kvöld, en hægari fyrir norðan. Talsverð rigning S- og SA-til, annars úrkomulítið. Hiti breytist lítið.

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík  | 10 °C / 11 | 7 °C / 6 | 5 °C / 5 | 8 °C / 5 | 7 °C / 3 |
| Ísafjörður  | 5 °C / 10 | 4 °C / 3 | 3 °C / 1 | 5 °C / 3 | 3 °C / 2 |
| Akureyri  | 9 °C / 4 | 4 °C / 1 | 2 °C / 1 | 5 °C / 1 | 4 °C / 2 |
| Egilsstaðir  | 8 °C / 13 | 5 °C / 4 | 5 °C / 2 | 8 °C / 6 | 8 °C / 3 |
| Kirkjubæjarklaustur  | 7 °C / 9 | 7 °C / 6 | 5 °C / 7 | 8 °C / 5 | 9 °C / 2 |
| Hveravellir  | 2 °C / 16 | 3 °C / 9 | 1 °C / 1 | 4 °C / 13 | 1 °C / 6 |


**Fedasz Dental Hungary**
your specialist in dental tourism

**Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary**

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!
0036 70 942 9573
info@fedaszdental.hu






# AÐALFUNDUR
FVFÍ 2019

Verður haldinn að Borgartúni 22 þriðjudaginn 23. apríl kl. 19:00.

Fundarefni:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

Veitingar að fundi loknum.

Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFÍ alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.

Mætið vel og stundvíslega.

Stjórnin


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Íslenskir dagar

Íslenskir matvælaframleiðendur og verslanir hafa tekið höndum saman og blása til íslenskra daga fram til 20. apríl. Komið við í ykkar verslun, setjið úrval íslenskra vara í innkaupakörfuna og svo er bara að bjóða gestum að gjöra svo vel.

SS · ALMAR BAKARI · Kaffitár · NÓI SÍRÍUS · Landssamband bakarameistara · ÖLGERÐIN · Ali · ÍSLANDS NAUT · Gæða BAKSTUR · Íslenskt grænmeti · Ali Kjúklingur · prima · Rúbín kaffi · ÍSLANDS LAMB · Jói Fel · KJARNAFÆÐI · Kjörís · STJÖRNU · KORNAX · Aðalbakarinn Siglufirði · TertuGallerí · MÓÐIR NÁTTÚRA

SI Samtök iðnaðarins · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SA · Bændasamtök Íslands

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





Ég held að það sé miklu heppilegra að aðrir lesi bókina og segi mér svo hvernig hún er, segir Haukur Már um nýja skáldsögu sína.

# Við erum svo ný í náttúrunni

**Haukur Már Helgason er höfundur skáldsögunnar Ó – um þegnrétt tegundanna í íslenskri náttúru. Hugleysi, skapleysi, skap, náttúra koma þar meðal annars við sögu.**

Ný skáldsaga eftir Hauk Má Helgason hefur titilinn Ó – um þegnrétt tegundanna í íslenskri náttúru. Spurður um efni bókarinnar segir Haukur Már:

„Þessi bók er skýrsla úr yfirheyrslu lögreglunnar yfir örverufræðingnum Ónatan. Daginn eftir að Ónatan var rekinn úr starfi hjá Náttúrufræðistofnun eru á fjórða hundrað skrautfuglar leystir úr sóttkví í Holtagörðum, þar sem átti annars að farga þeim. Ónatan virðist vera grunaður í málinu. Á meðan varðstjóri yfirheyrir hann, á stöðinni við Hlemm, eru flestar lögregludeildir önnum kafnar við að leita fuglana uppi, úti um alla borg, og framfylgja förguninni á víðavangi.

Ég vann að bókinni í nokkurn tíma með þennan karakter í höndunum, og þetta ástand á honum, að hann þorir ekki að segja konunni sinni að hann hafi verið rekinn. Hann er svo huglaus að hann unir sér eiginlega betur við lögregluyfirheyrslu en hann myndi gera frammi fyrir raunveruleika eigin tilveru. Þarna draga ákveðin viðfangsefni hvert annað fram, í aðstæðum sem eru bara svona einföld kómedía. Hugleysi, skapleysi, skap, náttúra. Þræðirnir sem tóku að vefast saman þarna drógu mig svolítið í átt að nýjum viðfangsefnum, einhverju sem ég þekkti sjálfur ekki vel og þurfti svolítið að kynna mér. Við erum svo ný í náttúrunni, það eru bara tíu, fimmtán ár síðan Darwin kom út á íslensku.“

### Kemur aftan að náttúrunni

Spurður um hlutverk náttúrunnar í sögunni segir Haukur Már: „Ég held að bókin reyni svolítið að koma aftan að náttúrunni, bæði almennt og sérstaklega þessu tiltekna hugtaki um íslenska náttúru. Til að laga veruleika lífsins að svona hugmynd þarf töluverða stýringu, eiginlega löggæslu. Íslensk náttúra hvílir á svolítið umfangsmikilli stjórnsýslu. En ef náttúra er á annað borð til þá er hún eitthvað sem lætur ekki alveg að stjórn, á það til að sullast út fyrir, sama hvað.“

> **ÞARNA DRAGA ÁKVEÐIN VIÐFANGSEFNI HVERT ANNAÐ FRAM, Í AÐSTÆÐUM SEM ERU BARA SVONA EINFÖLD KÓMEDÍA.**

Haukur Már er heimspekimenntaður og því liggur beinast við að spyrja hvort heimspekilegar vangaveltur sé að finna í bókinni. „Einn vani úr heimspekinni er kannski að reyna að leggja sig eftir því að finna leiðir aftan að orðunum. Sérstaklega þeim sem virðast sjálfsögð, atast í hverju sem virðist ríkja átakalítil sátt um,“ segir hann. „Þetta er ekki heimspekirit, svo ég segi það hreint út. En ef ég segi að þetta sé fyrst og fremst einhvers konar kómedía þá er ég hér um bil farinn að skipa fólki að hlæja, sem er áreiðanlega ekki viturlegt. Ég held að það sé miklu heppilegra að aðrir lesi bókina og segi mér svo hvernig hún er. Bækur eru svolítið eins og andremma að því leyti, hvernig sem maður grúfir höndina yfir vitin til að anda út um munninn og upp í nefið verður maður sjálfur aldrei jafn viss um hana og allir aðrir sem fyrir verða.“

### Gætu ekki skrifað sömu bók

Haukur Már hefur áður sent frá sér skáldsöguna Svavar Pétur og 20. öldin, ljóðabækur, greinar og þýðingar. „Langmest af þeim texta sem ég hef látið frá mér gegnum tíðina, í orðum talið, hefur verið blaðamennska. Af einum eða öðrum toga. Síðan eru þarna innan um einhver ljóð, og nokkrar greinar sem byggja á meiri vinnu en daglega brunanum. Og þá loks ein skáldsaga. Hún kom út árið 2006. Í millitíðinni leið þessi líka slatti af tíma. Mér myndi bregða, held ég, fertugum, við að hitta þann sem ég var þá, 26 eða 27 ára gamall. Þeir tveir gætu áreiðanlega ekki skrifað sömu bók þó að þeir reyndu. Án þess að vilja hallmæla yngri manninum um of, þá held ég að nýja bókin sé aðeins betri. Kannski sama bókin, bara betri. En aftur, þetta með andremmuna, mig langar svolítið að hlusta eftir því hvað aðrir segja fyrst.“

# Söngurinn um ástina

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Lög eftir Brahms og Schumann**

**Flytjendur:** Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, Hanna Dóra Sturludóttir, Þorsteinn Freyr Sigurðsson, Fjölnir Ólafsson, Hrönn Þráinsdóttir og Matthildur Anna Gísladóttir.

**Norðurljós í Hörpu**

sunnudagur 7. apríl



Túlkunin var ávallt sannfærandi, bæði hjá söngvurum og píanóleikurum.

Í Einræðisherranum leikur Charlie Chaplin m.a. rakara. Hreyfingar hans eru fullkomlega í takt við músíkina úr útvarpinu. Það er ungverskur dans nr. 5 eftir Brahms. Í myndinni spilar sinfóníuhljómsveit, en upphaflega útgáfan var fyrir píanó þar sem tveir píanóleikarar leika fjórhent á sama hljóðfærið.

Brahms samdi 21 slíkan dans; stemningin þar er létt, en líka spennuþrungin og ástríðufull. Andrúmsloftið var svipað í átján „Ástarljóðavölsum“ sem fluttir voru á tónleikum í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn. Rétt eins og í Ungversku dönsunum spiluðu tveir píanóleikarar á sama flygilinn, þær Hrönn Þráinsdóttir og Matthildur Anna Gísladóttir. Með þeim sungu fjórir söngvarar. Þetta voru Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað sópran, Hanna Dóra Sturludóttir mezzó-sópran, Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór og Fjölnir Ólafsson barítón.

### Sungu mjög fallega

Ljóðin voru úr ýmsum áttum en tengdust öll ástinni á einhvern hátt. Tónlistin var draumkennd og fögur, en einnig kraftmikil og stórbrotin. Söngvararnir sungu afar fallega. Samsöngurinn var í prýðilegu styrkleikajafnvægi og raddirnar blönduðust ágætlega saman, svo úr varð þéttur og breiður hljómur. Túlkunin var ávallt sannfærandi, bæði hjá söngvurum og píanóleikurum. Andi skáldskaparins sveif yfir vötnunum, og tónlistin kom honum til skila með áhrifaríkum hætti.

Hinn ljóðaflokkurinn, Spænskur ljóðaleikur, var eftir Schumann. Hann var ekki eins samfelldur, því lögin voru fyrir mismunandi raddir, ýmist eina eða fleiri saman. Ljóðin voru öll ættuð frá Spáni. Píanóleikararnir skiptust á að spila og kom það yfirleitt vel út. Helst mátti finna að því að meðleikurinn í fyrsta laginu var helst til sterkur. Þar var það Fjölnir sem söng, og rödd hans drukknaði stundum í píanóleiknum.

### Mögnuð stígandi

Fjögur einsöngslög voru á dagskránni auk lagaflokkanna, tvö eftir Brahms og hin eftir Schumann. Þau voru rafmögnuð í meðförum söngvaranna. Hrafnhildur hefur ákaflega bjarta og tæra rödd sem miðlaði meiningu tónskáldsins af mikilli tilfinningadýpt. Svipaða sögu er að segja um hina söngvarana, sem allir voru með tæknileg atriði á hreinu, fókuseraðan tón og óhefta túlkun. Sérstaka aðdáun vakti flutningur Fjölnis á Von ewiger Liebe eftir Brahms, en túlkun hans einkenndist af magnaðri, tignarlegri stígandi. Ýmist maður eða kona hefur orðið í ljóðinu og í takt við það var söngur Fjölnis gæddur fjölbreyttum blæbrigðum sem virkuðu ætíð eðlilega. Útkoman var óvanalega sterk og tilkomumikil.

Píanóleikararnir stóðu sig vel, leikur þeirra var nákvæmur og agaður, en um leið snarpur og lifandi. Ég tók eftir því að þær Hrönn og Matthildur áttu í basli við nótnabækurnar, sem voru alltaf að lokast vegna þess hvernig þær voru bundnar inn. Alveg er það furðulegt að útgefendur nótnabóka skuli ekki vanda betur til verka. Fínir píanóleikarar eiga betra skilið. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Sérlega vandaðir tónleikar þar sem tónlistin var skemmtileg og flutningurinn glæsilegur.

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Páskagleði



Hefur þú séð nýja páskablaðið okkar?



**25%** afsláttur af öllum garðhúsgögnum
m.v. almennt verð

## Páskagleðin byrjar snemma í BAUHAUS!

Tilboðin gilda frá föstudegi 12.apríl til og með mánudeginum 22.apríl 2019.



**25%** afsláttur af öllu parketi
m.v. almennt verð



Lerki pallaefni
**595.- kr.**



**20%** afsláttur af rafmagns-garðverkfærum
m.v. almennt verð

RYOBI BOSCH makita




**25%** afsláttur af málningu og viðarvörn frá Sadolin & Pinotex
m.v. almennt verð

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11–17
KVIKA

HIN STÓRSKEMMTILEGA FJÖLSKYLDA SEM FÓR SIGURFÖR UM HEIMINN 2015 ER MÆTT AFTUR MEÐ ENN STÆRRI VANDAMÁL!

CHRISTIAN CLAVIER CHANTAL LAUBY
ÖMURLEG BRÚÐKAUP 2
Isabelle & Rachid Laure & Charles Nicole Viviane Chao & Ségolène David & Odile



MYND EFTIR
PHILIPPE DE CHAUVERON
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi



Mari Bø gagnrýnir birtingarmynd kvenna í verkum Einars Jónssonar með því að tefla fram öðru sjónarhorni. Hér hefur hún stillt upp vídeóverki af sér þar sem hún hnyklar bakvöðvana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Styttur Einars Jónssonar ónáðaðar tímabundið

**Tíu myndlistarmenn galdra fram sýningu í Listasafni Einars Jónssonar. Hún nefnist Afsakið ónæðið – Tímabundin truflun og verður opnuð í dag. Titill sýningarinnar segir vissa sögu.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Einar Jónsson var fyrsti myndhöggvari Íslands. Listasafn hans á Skólavörðuholti hefur verið nánast óumbreytanlegt frá því það var opnað 1923, enda setti Einar sjálfur skýrar reglur svo um þegar hann gaf þjóðinni verk sín. Þó þau séu öll enn á sínum stað þá er varpað á þau nýju ljósi með sýningunni Afsakið ónæðið – Tímabundin truflun sem tíu listamenn hafa unnið þar að og verður opnuð klukkan 17 í dag.

Einn af sýningarstjórunum er Ólöf Bjarnadóttir. Hún er fyrst spurð hvort þarna sé verið að fremja einhver helgispjöll. Hún brosir. „Það er góð spurning, kannski gæti einhverjum þótt það. Einkum í ljósi þess að Einar setti sjálfur ströng skilyrði um hvernig mætti ganga um listasafnið hans. Eitt af þeim var að aðrir listamenn ættu ekki að sýna í safninu. En þetta er ekki í fyrsta skipti sem það er gert. Stutt er frá því að tveir listamenn voru þar með vídeóverk sín. En líklega hafa aldrei svona margir sýnt þar á sama tíma.“

Þegar sýningin Afsakið ónæðið verður opnuð munu gestir ganga inn í safnið Freyjugötumegin, gegnum garðinn sem styttur Einars prýða. Nú er búið að koma þar fyrir aðskotahlut í formi flettiskiltis. Fleiri slík verða á vegi gesta þegar komið er inn.

„Listafólkið hefur fengið nokkuð frjálsar hendur með að setja verkin sín upp inni í safninu eða garðinum, eitt er uppi í íbúðinni sem hann Einar bjó í með konu sinni, Önnu Marie Mathilde. Þetta eru verk af mörgu tagi. Það verður gjörningur á opnuninni, svo eru hér skúlptúrar, vídeólistaverk, málverk.“

Ólöf segir listafólkið koma úr hinum ýmsu áttum og tefla fram ólíkum sjónarhornum á listamanninn Einar Jónsson, höggmyndir hans og safnið sjálft. „Það vinnur líka út frá erfðaskránni hans Einars,“ segir hún og lýsir því nánar: „Ein af reglunum sem í henni koma fram er að ekki megi færa neitt af verkum hans til, þau eigi að standa alltaf á sama stað og flest þeirra hafa gert það alla tíð. En eitt af nýju listaverkunum gekk út á að færa eitt þeirra. Listamaðurinn fór í ákveðið ferli við að fá leyfi til þess gjörnings, en það leyfi fékk hann ekki. Listaverk hans er sýning á skjölunum frá þessu ferli, ásamt erfðaskránni, sem eru til aflestrar í glerkassa.“

Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Einars Jónssonar, Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands.



Sýningarstjórarnir: Aðalsteinn Benediktsson, Gundega Skela, Elísabet Jónsdóttir, Guðrún Heiður Ísaksdóttir og Ólöf Bjarnadóttir.

## Þau eiga verk á sýningunni:

Nína Óskarsdóttir,
Hugo LLanes
